# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

153. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 1. JÚLÍ 2017




## Hleður batteríin

**Jökull Júlíusson**, söngvari og lagahöfundur hljómsveitarinnar Kaleo endaði á sjúkrahúsi sökum of mikils álags. Hann ætlar að reyna að slaka á með fjölskyldu og vinum á milli tónleika í sumar.

➻ 18

MYND/HÖRÐUR FREYR BRYNJARSSON



### Skrautlegt íhald

DUP á Norður-Írlandi. ➻ 10



### Maya rústir og hvítar strendur

Yucatan hérað er draumastaður. ➻ 24




### Íslenskir Harry Potter aðdáendur

20 ár frá útgáfu fyrstu bókar. ➻ 22





ÚTSALA
OPIÐ TIL 18 Í DAG

SMÁRALIND

## Veður




Breytileg átt 3-8 m/s. Skýjað að mestu og víða skúrir, einkum síðdegis. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast inn til landsins. SJÁ SÍÐU 36

# Með allt á hreinu



Aðstandendur sérstakrar sing-along sýningar á Með allt á hreinu hittust í Bíói Paradís við Hverfisgötu í gær. Þeir Ágúst Guðmundsson, leikstjóri myndarinnar, og Stuðmaðurinn Jakob Frímann Magnússon skoðuðu þá sýningarfilmu kvikmyndarinnar sem fagnar nú 35 ára afmæli. Myndin verður einungis sýnd einu sinni eða í kvöld og ætla valdir meðlimir Stuðmanna þá að taka lagið með áhorfendum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fjögurra ára fangelsi fyrir kynferðisbrot

**DÓMSMÁL** Spænskur karlmaður var í Héraðsdómi Reykjavíkur í fyrradag dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir tvær nauðganir og kynferðislega áreitni. Brotin áttu sér stað á árshátíð á Hótel Selfossi í febrúar síðastliðnum.

Hinn sakfelldi bar fyrir sig að um misskilning hefði verið að ræða. Sagði hann að hann hefði hætt þegar hann uppgötvaði að konurnar þrjár, sem hann braut gegn, hafi ekki viljað að hann héldi áfram. Þá hafi hann í einu tilfelli verið að leita að tóbaki í rúmi konunnar og óvart snert hana.

Það stangaðist á við framburð kvennanna en þær höfðu allar verið sofandi á hótelherbergjum sínum þegar manninn bar að garði. Dómurinn taldi brotavilja hans einbeittan og hann hafi ekki hætt iðju sinni fyrr en fólk kom að honum.

Auk fangelsisdómsins var maðurinn dæmdur til að greiða konunum sem hann nauðgaði 1,5 milljón hvorri og þriðju konunni 800 þúsund krónur. Auk þess falla laun verjanda hans, 1,5 milljón, og þóknun réttargæslumanns kvennanna, 1,2 milljón, á hinn sakfellda. – jóe

## Hagnaður H&M hærri en reiknað var með

**VIÐSKIPTI** Hagnaður sænsku fataverslanakeðjunnar Hennes & Mauritz var um tíu prósentum hærri en greinendur bjuggust við á fyrsta ársfjórðungi. Sölutölur keðjunnar ollu hins vegar vonbrigðum. H&M hefur átt erfitt uppdráttar undanfarið.

Hlutabréf keðjunnar hafa verið á niðurleið frá árinu 2015 og hafa fallið um átján prósent það sem af er árinu. Verslunum keðjunnar hefur fjölgað um tíu prósent á undanförnu ári, en eins og kunnugt er hyggst keðjan opna tvær verslanir hér á landi á árinu. – kij

## Lærbrotnaði á veitingastað

**TRYGGINGAR** Kona, sem lærbrotnaði á leið inn á veitingastað á Akureyri, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu veitingahússins. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar vátryggingamála.

Konan var á leið inn á veitingastaðinn í strekkingsvindi. Hún hafði haldið við hurð við inngang staðarins fyrir dóttur sína og síðan ætlað sjálf inn. Á þeim tímapunkti kom sterk vindhviða sem feykti hurðinni upp og konunni um koll. Lærbrotnaði hún við fallið og hlaut áverka á höfði. Á hurðinni var pumpa en hún var ótengd.

Nefndin taldi að umræddri pumpu hefði verið komið fyrir til að dyrnar myndu lokast á eftir þeim sem fór í gegnum þær. Ekkert kvæði á um það að slíkar pumpur þyrftu að vera á hurðum eða hvernig gengið skyldi frá þeim. Aðbúnaður húseignarinnar þótti í lagi og því ekki ástæða til að láta tryggingafélag veitingastaðarins bera ábyrgð á tjóni konunnar. – jóe

ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ VOLVO PENTA Á ÍSLANDI

VOLVO PENTA

Öflug Volvo Penta þjónusta
Hjá Volvo Penta á Íslandi | Brimborg starfar framúrskarandi teymi sem samanstendur af öflugum fagmönnum Brimborgar og samstarfsaðilum um land allt.
Komdu í dag og ræddu við ráðgjafa.

Kauptu bestu varahlutina
Volvo Penta á Íslandi | Brimborg er með gott úrval varahluta á lager og á mjög hagstæðu verði. Varahlutasérfræðingar okkar veita þér fyrirtaksþjónustu og ráðgjöf við kaup.



HAFÐU SAMBAND Í DAG
• Sími: 515 7067 | 869 7537 Guðmundur Gísli
• Netfang: volvopenta@brimborg.is
• Heimasíða: volvopenta.is

brimborg

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg • Bíldshöfða 6 • Sími 515 7070 • volvopenta.is

# Íslendingar flýja regnið

**Forsvarsmenn ferðaskrifstofa segjast finna fyrir mikilli ásókn í sólarlandaferðir þegar rignir marga daga í röð. Margir vilji bóka með stuttum fyrirvara. Dohop kannast ekki við skyndihopp en segja aukningu í ferðalögum frekar almenna.**

**SAMFÉLAG** „Fólk hringir og vill fara og vill helst bara fara strax eftir hádegi. Það er sáralítið eftir af sólarlandaferðum í júlímánuði.“ Þetta segir Guðrún Sigurgeirsdóttir, framleiðslustjóri hjá ferðaskrifstofunni VITA.

Svalt hefur verið í veðri víða um landið og skúrir. Ekki er útlit fyrir batnandi veður á næstunni samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands og virðast Íslendingar því í auknum mæli vera að hoppa út í sól.

„Það er í sjálfu sér ekki skrítið. Fjölskyldan er komin í fríið, þau langar í sólina. Fólk vill leyfa börnunum sínum að labba um án þess að þau séu í pollagöllum,“ segir Guðrún.

Hún segir meiri ásókn í sólina nú en í fyrra. Helsta ástæðan fyrir aukinni eftirspurn núna, sé miðað við sama tíma í fyrra sé EM í fótbolta sem dró marga til Frakklands til að fylgjast með ævintýrum íslenska landsliðsins.

Krít, Tenerife og aðrir áfangastaðir á Spáni eru vinsælir hjá VITA.

Tómas J. Gestsson, framkvæmdastjóri Heimsferða, finnur einnig fyrir meiri eftirspurn. „Það er svolítið sérstakt að það þarf stundum nokkra daga í einu af slæmu veðri. Kannski heldur fólk að veðrið breytist eftir nokkra daga. En þegar fólk er búið að vera í rigningartíð í þrjá fjóra daga og spáin ekki góð þá kemur holskeflan. Við höfum fundið fyrir því síðustu daga. Ég held að veðráttan spili dálítið mikið inn núna.“

Aukningin sé mikil í sumar en enn meiri áhugi sé fyrir ferðum í haust.

Þórunn Reynisdóttir, framkvæmdastjóri hjá Úrval Útsýn, segir fólk að stökkva í sólina. „Kanarí er mjög vinsælt, Almería er líka mjög vinsælt sem og Alicante og Tenerife. Það er töluverður munur milli ára – aukning.“



Íslendingar fara helst til Tenerife þegar skúrir eru hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Þegar fólk er búið að vera í rigningartíð í þrjá fjóra daga og spáin ekki góð þá kemur holskeflan. Við höfum fundið fyrir því síðustu daga.**
>
> Tómas J. Gestsson, framkvæmdastjóri Heimsferða

Svo er almennt meiri ferðagleði hjá Íslendingum að mati Þórunnar. „Það er mikilvægt að Íslendingar létti á þjóðvegi 1 og fari í sólina á meðan útlendingarnir eru hérna,“ segir hún kímin.

Forsvarsmenn leitarvélarinnar Dohop segjast ekki taka eftir því að fólk sé að bóka í flýti í sólina hjá þeim. „Við höfum fundið fyrir mikilli aukningu í ferðalögum almennt, allt að 50%, en ekki sérstaklega núna með skömmum fyrirvara,“ segir Davíð Gunnarsson, framkvæmdastjóri Dohop. saeunn@frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Okkar stærsta sumarútsala frá upphafi

**HEFST Í DAG**

# SUMAR ÚTSALAN




## 20-50% AFSLÁTTUR

Sumarblóm 30-50% · Tré og runnar 50% · Fjölærar plöntur 50% · Matjurtir 50% · Garðarósir 50% · Útipottar 30% · Garðstyttur 30% · Fræ og sáðbakkar 30% · Silkisumarblóm 30% · Vökvunarkönnur 30% · Úðabrúsar 30% · Sláttuvélar 20% · Garðverkfæri 25% · Hekkklippur 30% · Keðjusagir 30% · Vermireitir og blómakassar 20% · Háþrýstidælur 20% · Áltröppur og stigar 30% · Rafmagnsverkfæri Black&Decker 30% · Reiðhjól og fylgihlutir 30% · Garðhúsgögn 30% · Úðarar, slönguhjól og tengi 30% · True North Útivistafatnaður 50% · Pallaolía 25% · viðarvörn 25% · Innimálning 25% · Útimálning 25% · Vegg- og loftaþiljur 25% · Leikföng 30% · Búsáhöld - 25% · BroilKing grill 20% · Grill fylgihlutir, Broil King, GrillPro 30% · Harðparket og undirlag 25% · Electrolux smáraftæki 20% · Verkfæratöskur 35% · Ferðavörur 25% og margt fleira

**Byggjum á betra verði**

www.husa.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 25.06.2017 – 01.07.2017



**2,3 milljarða** króna hagnaði, fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta, gerir Arnarlax ráð fyrir á þessu ári.



**570** milljónir króna greiddi skattakóngur ársins, Gísli J. Friðjónsson, í opinber gjöld í fyrra. Gjöldin má rekja til sölu á Hópbílum og Hagvögnum.



**439** sóttu um íslenskunám fyrir útlendinga í Háskóla Íslands fyrir næsta haust. Það eru rúmlega 40 prósent af öllum þeim umsóknum sem bárust Hugvísindasviði.

**6 milljarðar** eða þar um bil er kaupverðið á Keahótelum sem reka átta hótel víðs vegar á landinu.



**30.275** voru erlendir ríkisborgarar á Íslandi hinn 1. janúar 2017.



**100 börn** slasast árlega á Íslandi við fall úr innkaupakerrum.

## Þrjár í fréttum
## Stígamót, stórmót og lúpína

**Guðrún Jónsdóttir**
*talskona Stígamóta*



stígur til hliðar á meðan athugun á starfsumhverfi Stígamóta fer fram. Athugunin kemur í kjölfar yfirlýsingar níu fyrrverandi starfskvenna Stígamóta vegna pistils Helgu Baldvinsdóttur Bjargardóttur en þar kvaðst Helga hafa upplifað einelti og ofbeldi á vinnustaðnum. Í yfirlýsingu kvennanna segjast þær trúa Helgu enda hafi þær allar sambærilega reynslu af því að starfa á vettvangi Stígamóta. Þær skoruðu á framkvæmdahóp samtakanna að taka á málinu af ábyrgð og fagmennsku.

**Ólafía Þórunn Kristinsdóttir**
*kylfingur*



tekur þátt í keppni á stórmóti í golfi, fyrst Íslendinga. Hún keppir á PGA-meistaramóti kvenna sem hófst á Olympia Fields í útjaðri Chicago-borgar í Bandaríkjunum. Ólafía vann sér sjálf inn þátttökurétt á mótinu með stöðu sinni á stigalista LPGA-mótaraðarinnar.

**Anna Berg Samúelsdóttir**
*umhverfisstjóri Fjarðabyggðar*



sagði lúpínu ekki eiga heima í okkar vistkerfi. Í Fjarðabyggð er óskað eftir þátttöku almennra borgara í átaki gegn lúpínu sem farið verður í annað sumarið í röð. Anna sagði kenninguna um að lúpínan hopaði eftir að hafa grætt upp næringarsnauð svæði misskilning.

# Telur rannsókn flugslyssins mikinn hvítþvott á Mýflugi

**Bróðir sjúkraflutningamanns sem lést í flugslysi við Akureyri sumarið 2013 dregur í efa getu rannsóknarnefndar flugslysa til að skila fullnægjandi niðurstöðum í slíkum málum. Algerlega vanti að varpa ljósi á starfsumgjörð flugrekandans. Hann segir menn hafa komist upp með ýmiss konar glæfraflug hjá Mýflugi.**

**STJÓRNSÝSLA** „Fyrir flugrekandann er þessi lokaskýrsla um slysið mikill hvítþvottur,“ segir Mikael Tryggvason, bróðir sjúkraflutningamanns sem lést er sjúkraflugvél Mýflugs fórst á Akureyri 5. ágúst 2013.

Mýflugsvélin brotlenti á akstursbraut Bílaklúbbs Akureyrar er flugstjórinn hugðist taka dýfu yfir brautina þar sem fram fór spyrnukeppni. Nú í júní skilaði rannsóknarnefnd flugslysa lokaskýrslu um málið, tæpum fjórum árum eftir slysið sem kostaði Pétur Tryggvason sjúkraflutningamann, bróður Mikaels, lífið. Flugstjórinn lést einnig en aðstoðarflugmaður lifði af.

„Það er alveg af og frá og ég er langt frá því að vera sáttur,“ segir Mikael um það hvort skýrslan um Mýflugsslysið varpi nægilega skýru ljósi á aðdraganda og orsakir slyssins.

Í apríl í vor kom út skýrsla bandarísku flugslysanefndarinnar, NTSB, um flugvél í útsýnisflugi sem fórst með níu manns fyrir tveimur árum. Mikael segir muninn á bandarísku skýrslunni og þeirri íslensku vera sláandi.

Bandaríska skýrslan sem Mikael vitnar til fjallar ítarlega um þá starfshætti sem tíðkuðust hjá flugfélaginu sem rak vélina sem fórst. Áhættusækni innan fyrirtækisins var sögð hafa verið orsök þess hvernig fór. Haft er eftir settum formanni bandarísku flugslysanefndarinnar, Robert Sumwalt, í fjölmiðlinum Alaska Dispatch News að menn geri ekki mistök í tómarúmi, oft sé um að ræða atriði sem tengist skipulaginu.

„Þeir eru hluti af kerfi – og það er of auðvelt að segja bara að flugmaðurinn hafi klúðrað hlutunum,“ segir Robert Sumwalt.



Mikael Tryggvason er bróðir Péturs Tryggvasonar sem fórst er hann var á heimleið með sjúkraflugvélinni TF-MYX.

> **Það er of auðvelt að segja bara að flugmaðurinn hafi klúðrað hlutunum.**
>
> Robert Sumwalt, formaður Bandarísku flugslysanefndarinnar NTSB

„Ef maður skoðar þessa bandarísku skýrslu til samanburðar og hefur í huga þá vitneskju sem til er um hvernig sumir hjá Mýflugi virðast hafa hagað sér á þessari sjúkraflugvél og þær aðfinnslur sem gerðar voru, meðal annars af lækninum sem þjónaði sjúkrafluginu, þá er afar einkennilegt að ekkert sé um slík atriði fjallað í skýrslunni,“ segir Mikael.

Mikael segir að í íslensku skýrslunni sé ekkert tekið á þeim fyrirtækiskúltur sem verið hafi hjá Mýflugi og falið í sér að menn komust upp með ýmiss konar glæfraflug. Þar er sagt að einstaka flugmenn hafi talið frávik frá vinnureglum í lagi en að stjórnendur fyrirtækisins hafi ekki liðið slíkt. Það segir Mikael ekki rétt.

> **Okkur kemur við hvað varð til þess að þetta óhapp varð til þess að hægt sé að koma í veg fyrir að slíkir atburðir gerist aftur.**
>
> Mikael Tryggvason

Þá hafi Mýflug komið fram breytingum á drögum skýrslunnar þannig að í lokaútgáfunni sé fullyrt að þremur mánuðum fyrir slysið hafi á námskeiði hjá fyrirtækinu verið undirstrikað að frávik frá starfsreglum væru ekki ásættanleg.

„Ég vil taka fram að innan Mýflugs eru gríðarlega góðir og færir einstaklingar,“ segir Mikael sem af skýrslunni segir helst mega ráða að lágflugið yfir akstursbrautinni þann dag sem slysið varð hafi verið einstakt tilvik þótt mörg dæmi um annað liggi fyrir.

„Flugmenn sem ég talaði við löngu fyrir þetta slys áttu þann draum að komast til Mýflugs af því að það var svo mikið frjálsræði þar,“ segir Mikael. „Miðað við þessa bandarísku skýrslu spyr maður sig hvort rannsóknarnefndin hér hafi getu og þekkingu til að taka á svona málum. Okkur kemur við hvað varð til þess að þetta óhapp varð, til þess að hægt sé að koma í veg fyrir að slíkir atburðir gerist aftur.“ **gar@frettabladid.is**




# Pósturinn fær ekki að fella niður afslátt

**SAMKEPPNI** Fyrirhugaðri niðurfellingu viðbótarafsláttar Íslandspósts til söfnunaraðila hefur verið frestað. Þetta var gert með bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS). Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekanda (FA) fagnar ákvörðuninni.

Söfnunaraðilar eru fyrirtæki á borð við Burðargjöld og Póstmarkaðinn en þau sjá um að safna pósti frá stórnotendum, sortera hann og miðla áfram til Íslandspósts. Síðastnefnda fyrirtækið hefur einkarétt á dreifingu bréfa undir 50 grömmum.

Íslandspóstur tilkynnti aðilum ákvörðun sína 7. apríl síðastliðinn og átti afslátturinn að falla niður frá og með 1. september. Niðurstaða PFS er í samræmi við fyrri ákvarðanir stofnunarinnar um að söfnunaraðilar ættu að njóta viðbótarafsláttar frá gjaldskrá Íslandspósts.



Íslandspóstur hefur einkarétt á að bera út bréf undir 50 g. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Við fögnum ákvörðuninni en þetta er eiginlega yfirgengileg ósvífni af hálfu Póstsins. Blekið var varla þurrt á sátt Íslandspósts við Samkeppniseftirlitið, sem átti að stuðla að skárri samkeppnisháttum fyrirtækisins, þegar það ákvað að afnema viðbótarafsláttinn,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA.

„Það hlýtur að vera hlutverk stjórnar Íslandspósts, sem fjármálaráðherra skipar, og eftir atvikum þeirrar eftirlitsnefndar sem Samkeppniseftirlitið hefur sett til að hafa eftirlit með því að sáttin sé haldin, að tryggja að stjórnendur fyrirtækisins haldi sig innan ramma laga og reglna og starfi í sátt við umhverfi sitt. Þetta mál sýnir að sáttin virðist litlu hafa breytt um framgöngu þeirra gagnvart keppinautum.“ **– jóe**


Kringlan
Af öllu hjarta
ÚTSALA
LAUGARDAGUR
10 – 18
SUNNUDAGUR
13 – 18
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
EIN STÆRSTA ÚTSALA LANDSINS ER HAFIN!
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is




**Ekki er hægt að fella myndsímatúlkun undir alþjónustu að mati PFS.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Túlkun gegnum myndsíma ekki greidd

**STJÓRNSÝSLA** Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála hefur staðfest þá ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar að myndsímatúlkun fyrir heyrnarlausa falli ekki undir reglur um alþjónustu. Samkvæmt því á kostnaður vegna hennar ekki að vera fjármagnaður úr jöfnunarsjóði alþjónustu.

Í málinu hélt Félag heyrnarlausra því fram að myndsímatúlkun, þ.e. táknmálstúlkun í gegnum myndsíma, ætti að falla undir alþjónustureglur. Var því haldið fram að til alþjónustu teldist meðal annars þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir.

Alþjónusta felst í því að afmarkaðir þættir fjarskipta séu boðnir öllum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra. Í úrskurði nefndarinnar er meðal annars vikið að því að þau lög og reglur sem gilda um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra falli ekki undir ákvæði fjarskiptalaga um alþjónustu. Myndsímatúlkun hafi auk þess verið veitt í gegnum mennta- og menningarmálaráðuneytið. **– kij**

# Fær ekki bætur eftir brot í líkamsrækt

**TRYGGINGAR** Kona sem lærleggshálsbrotnaði á gervigrasteppi líkamsræktarstöðvar í Reykjanesbæ á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu stöðvarinnar. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar vátryggingamála.

Þegar slysið átti sér stað var konan að æfa hliðarhlaup. Hún hrasaði og taldi að það væri gervigrasteppi stöðvarinnar að kenna. Í yfirlýsingu æfingafélaga hennar kom fram að teppið hefði ekki verið kirfilega fest niður og í raun verið hættulegt þeim sem þar æfðu. Taldi konan að gólfið hefði verið vanbúið og því ætti hún rétt á bótum.

Í niðurstöðu nefndarinnar segir að engin matsgerð eða hlutlaus úttekt á ástandi gervigrassins liggi fyrir. Þótti ekki sannað að ástand teppisins hefði verið með þeim hætti og þar með ekki sannað að meiðsl konunnar mætti rekja til þess. Því þarf hún að bera tjón sitt sjálf. **– jóe**



**Þjórsá er straumþung og jökullituð og lítur við fyrstu sýn ekki út sem vænleg til laxveiða þar sem hún streymir niður Urriðafoss.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Tilraun skilar metveiði á laxi

**Lax hefur til þessa eingöngu verið veiddur í net við Urriðafoss í Þjórsá. Einar Haraldsson bóndi segir veiðar á stöng aldrei hafa lánast þar til fyrir nokkrum árum. Urriðafoss er orðinn þriðji aflahæsti staður sumarsins.**

**STANGVEIÐI** „Þetta er að ganga svona svakalega vel,“ segir Einar Haraldsson, stórbóndi á Urriðafossi, þar sem tilraun með stangveiði á laxi hefur staðið í sumar.

Lax hefur til þessa verið veiddur í net af Urriðafossbændum. Straumþung og jökullituð Þjórsáin hefur ekki þótt árennileg til stangveiða, hvað þá Urriðafoss sjálfur. Margir hafa þó spreytt sig segir Einar.

„Allir sem reyndu þetta þar til fyrir þremur árum síðan voru einfaldlega taldir skrítnir. Það þýddi ekki neitt og það fékk aldrei neinn fisk,“ segir Einar. „En svo verður einhver breyting; meiri laxagengd eða einhver breyting á ánni, veðurfari eða einhverju slíku þannig að þetta verður hægt – og gengur bara bullandi vel.“

Að sögn Einars er laxinn aðallega veiddur á maðk. „En svo hafa þeir meira að segja verið að fá hann á flugu, eiginlega í fossinum sjálfum og aðeins fyrir ofan foss líka.“

Einar segir að fyrir þremur árum hafi einn og einn maður byrjað að veiða fisk við Urriðafoss. „Ég var alltaf að leyfa mönnum að veiða af því að ég taldi vonlaust að þeir gætu veitt nokkuð. Svo í fyrra þá bara veiddist heilmikið,“ segir hann. Þá hafi Stefán Sigurðsson hjá Iceland Outfitters sóst eftir að leigja svæðið.

Bæði Einar sjálfur og aðrir er verulega ánægðir með hvernig til hefur tekist. Komnir séu 365 laxar á þær tvær stangir sem veitt hafi verið á frá 1. júní og enn sé mikið eftir af veiðitímabilinu. Aðeins hafa veiðst fleiri laxar í Þverá-Kjarrá þar sem komnir eru 408 laxar á 14 stangir og í Norðurá þar sem veiðin er 391 lax á tólf stangir. Veiðin á hverja stöng er því fimm- til sexfalt meiri á Urriðafossi heldur en í áðurnefndum borgfirskum stórám.

„Það eru allir glimrandi ánægðir,“ segir Einar sem kveður líklegt, miðað við núverandi gengi, að samningurinn verði framlengdur. „Maður getur ekkert sagt til um hvernig þetta fer og endar en eins og staðan er núna þá eru allar líkur á því að stangaveiðin gefi meiri pening heldur en netaveiðin.“

> **Allir sem reyndu þetta þar til fyrir þremur árum síðan voru einfaldlega taldir skrítnir.**
>
> Einar Haraldsson, stórbóndi á Urriðafossi



Einar hefur veitt mikið og vel í net og selt lax í Melabúðina í Reykjavík. Hann kveðst enn sem komið er halda hluta netanna áfram og selja lax. „En þegar svona lagað er uppi í dæminu, að svona tilraunár eru að gefa svona vel, þá gefur það einfaldlega meiri pening heldur en að vera að streða við að veiða laxinn í net,“ segir Einar.

Netaveiðin hefur verið fastur þáttur í búskap Einars á Urriðafossi og aðspurður segist hann örugglega eiga eftir að sakna hennar ef hún hverfur. „Þegar maður er búinn að gera þetta í yfir þrjátíu ár og finnst þetta gaman þá hlýtur maður að sakna þess,“ segir hann.

Aðsókn ferðamanna að Urriðafossi hefur að sögn Einars tvöfaldast milli ára frá því í fyrra. Laxveiðin veki mikla athygli.

„Maður hefur séð hópa standa á bakkanum og horfa á veiðimenn eiga við lax og klappa svo og hrópa þegar þeir landa fiskinum,“ lýsir Einar stemningunni. „Þannig að þetta er mjög skemmtilegt og ákveðin upplifun fyrir ferðamenn líka.“

Uppselt er í laxveiðina í Urriðafossi út júlí. Þar eru seldar tvær stangir saman. En hverjir eru það sem stunda stangveiðar í Urriðafossi? „Allir sem voru nógu fljótir að kaupa sér veiðileyfi,“ svarar Einar bóndi.

gardar@frettabladid.is

Apótek Garðabæjar
Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðarbæjar í alfaraleið


Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

# Tugþúsunda sektir við Umferðarmiðstöðina

**REYKJAVÍK** Umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar hefur til skoðunar að afmarka betur svæðið sem má leggja á við BSÍ. Bílastæðasjóður óskaði eftir því. Ekki stendur til að fjölga stæðum á svæðinu þrátt fyrir aukin ferðalög Íslendinga frá Keflavíkurflugvelli, en margir kjósa að leggja bílnum sínum við BSÍ og taka Flugrútuna á flugvöllinn.

Dæmi eru um að fólk leggi á grasinu við BSÍ og má þá búast við 10 þúsund króna sekt á dag. Komið hefur fyrir að fólk hafi safnað tugþúsunda króna sektum í nokkurra daga fríi erlendis.

Samkvæmt upplýsingum frá Bílastæðasjóði hefur þó dregið verulega úr því að fólk leggi á grasinu við BSÍ enda læri menn fljótlega hvar megi leggja og hvar ekki. **– sg**

**» Ekki stendur til að fjölga stæðum á svæðinu.**




**Fjöldi manna leggur ólöglega við BSÍ daglega.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




Maria and Ricardo´s tortillur eru spennandi nýjung í Hagkaup.
10 tegundir af ferskum tortillum.
3 mismunandi stærðir, bakaðar og óbakaðar. Finndu þína uppáhalds.

VEGAN

BEN&JERRY'S

NON DAIRY




P.B & Cookies




Coffee Caramel Fudge




Chocolate Fudge Brownie




Chunkey Monkey

24 Hagkaup

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


Einstæðum körlum í Kaupmannahöfn er kennt að elda hollan mat. NORDICPHOTOS/GETTY

## Bæta heilsu karla í Köben

**DANMÖRK** Stór hópur karla í Kaupmannahöfn á á hættu að fá áunna sykursýki. Þess vegna hafa borgaryfirvöld hrundið af stað verkefnum til að vekja athygli á bættri heilsu.

Eitt verkefnanna er „Karlar í Kaupmannahöfn“ sem staðið hefur í tæpt ár. Markhópurinn er atvinnulausir einhleypir karlar yfir fertugu sem almennt hugsa lítið um heilsuna. Haft var samband við þá á krám og í almenningsgörðum og hengdar upp auglýsingar. Samkvæmt frétt danska ríkisútvarpsins hefur átakið gengið vel þar sem óbreyttir borgarar í hverfum karlanna hafa kennt þeim að gera skynsamleg innkaup og elda hollan mat. – ibs

## Samkynja hjónabönd leyfð

**ÞÝSKALAND** Þýska þingið samþykkti í gær að lögleiða samkynja hjónabönd, stuttu eftir að Angela Merkel kanslari hætti að beita sér gegn því að slík atkvæðagreiðsla færi fram. Merkel kaus þó gegn frumvarpinu. Alls kusu 393 með frumvarpinu en 226 gegn því.

Að sögn kanslarans finnst henni að hjónaband eigi einungis að vera á milli karls og konu. Þó vonaði hún að samþykkt frumvarpsins myndi leiða til friðar og samheldni.

Í viðtali í vikunni kom Merkel fjölmiðlum á óvart, að því er BBC greinir frá, með því að segja að í ljósi stuðnings annarra flokka myndi hún heimila atkvæðagreiðslu um samkynja hjónabönd. – þea

# Fiskeldi megi ekki vaxa of hratt

**Prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands segir að fiskeldi hafi reynst mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni í nágrannaríkjum Íslands. Íslendingar verði hins vegar að stíga varlega til jarðar. Huga þurfi að fjölmörgum áhættuþáttum og þá fyrst og fremst umhverfisáhrifunum. Uppbyggingin taki enn fremur tíma.**

**ATVINNUMÁL** Fiskeldi hefur reynst mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf í dreifbýli í nágrannaríkjum Íslands og er ekki ósennilegt að áhrifin gætu orðið þau sömu hér. Hins vegar verða stjórnvöld og fiskeldisfyrirtæki að stíga varlega til jarðar. Ekki er ráðlegt að ana að neinu. Þetta er mat Daða Más Kristóferssonar, prófessors í hagfræði við Háskóla Íslands.

Daði Már bendir í samtali við blaðið á að fiskeldi hafi verið stærsti vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu á landsbyggðinni í Noregi og haft afar jákvæð áhrif á byggðaþróun. Ástæðan sé að hluta til sú að atvinnugreinin sé á margan hátt stöðugri en til dæmis fiskveiðar. Hún byggi einnig á annars konar þekkingu, skapi annars konar störf sem eru oft eftirsóknarverð og leiði af sér umfangsmikla afleidda starfsemi.

Sem dæmi um áhrif atvinnugreinarinnar í Noregi má benda á að samkvæmt mati Norðmanna skapar hvert ársverk í fiskeldi um 2,7 milljónir norskra króna sem jafngildir um 33 milljónum íslenskra króna. Fjöldi ársverka í greininni, þ.e. eldi, vinnslu og sölu, var um 9.500 árið 2014 en afleidd ársverk reyndust rúmlega 19 þúsund. Allt í allt voru því ársverkin um 28.500.

„Þetta er lyftistöng fyrir þessi samfélög. Og það er í sjálfu sér ástæða til að vera jákvæður gagnvart fiskeldi sem grundvallaratvinnugrein á Íslandi eins og annars staðar.“

Hins vegar þurfi fiskeldismenn og stjórnvöld að stíga varlega til jarðar. Ýmis þjóðhagslegur kostnaður fylgi atvinnugreininni. „Umhverfisáhrifin af fiskeldi eru umtalsverð. Þau eru mjög vandlega staðfest í nágrannalöndunum og það er einnig vandlega staðfest að þeir sem hafa slakað verulega á kröfum í umhverfismálum hafa iðulega séð eftir því til lengri tíma litið. Við ættum að láta það verða lexíu fyrir okkur.“


Í fyrra var rúmlega fimmtán þúsund tonnum af eldisfiski slátrað hér á landi. Það er metframleiðsla í fiskeldi. Vöxturinn var yfir áttatíu prósent á milli ára. Gert er ráð fyrir miklum vexti í greininni á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Það er í sjálfu sér ástæða til þess að vera jákvæður gagnvart fiskeldi sem grundvallaratvinnugrein á Íslandi eins og annars staðar.**


Daði Már Kristófersson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands

Hann bendir einnig á að sérfræðingar í fiskeldi hafi slegið því föstu að sjávarhiti við strendur Íslands sé á mörkum þess að vera nægilega hár, sérstaklega yfir vetrartímann. Það sé líklegt til þess að valda vandræðum sem taka þurfi tillit til, svo sem verulegum áföllum eða hærri framleiðslukostnaði vegna þess að afföll yfir veturinn verði meiri hér á landi en í samkeppnisríkjunum.

„Þá þurfa menn að hafa í huga að fiskeldi krefst mikillar fjárbindingar og framlegðin er yfirleitt frekar lítil. Hún er mjög mikil núna, og margir eru að græða vel, en vanalega hefur verð á laxi fylgt framleiðslukostnaði. Og Ísland á erfitt með að keppa á slíkum mörkuðum vegna þess að við búum að jafnaði við hærri fjármagnskostnað og óstöðugri gjaldmiðil en samkeppnislöndin. Þetta eru allt áhættuþættir sem þarf að huga að enda geta þeir orðið uppbyggingunni til trafala,“ segir hann.

Daði Már segir að uppbyggingin í fiskeldi hafi tekið langan tíma í nágrannalöndunum, svo sem Noregi og Færeyjum. „Vöxturinn hjá Norðmönnum hefur að jafnaði verið um tíu prósent á ári og tvöfaldast framleiðslan þannig á rúmlega sjö ára fresti. Færeyjar hafa upplifað mikinn vöxt í fiskeldi og þar hefur meðaltalsvöxturinn verið um 6,5 prósent á ári. Framleiðslan tvöfaldast þannig á ellefu ára fresti.“

Hann telur óvarlegt að leggja til grundvallar að hlutirnir gangi hraðar fyrir sig hér á landi en í Noregi, enda séu aðstæður í löndunum að mörgu leyti frábrugðnar. Hafa verði í huga að uppbyggingin taki tíma.

Til samanburðar má benda á að um fimmtán þúsund tonnum af eldisfiski var slátrað hér á landi í fyrra sem er aukning um áttatíu prósent frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir miklum vexti á næstu árum og er talið að framleitt magn verði komið í um fjörutíu þúsund tonn árið 2020. kristinningi@frettabladid.is




# 80 deyi árlega vegna loftmengunar

**UMHVERFISMÁL** Áætlað er að 80 ótímabær dauðsföll verði árlega á Íslandi af völdum loftmengunar. Þetta kemur fram í skýrsludrögum um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum Íslendinga.

Doktor Ragnhildur Finnbjörnsdóttir, loftslagssérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir þá sem deyja ekki vera heilbrigða heldur einstaklinga sem eru veikir fyrir. Það flýti fyrir dauða þeirra.

Ragnhildur segir tölurnar byggja á skýrslu sem Umhverfisstofnun Evrópu gefur út árlega. „Þau nota loftgæðamælingar í hverju landi fyrir sig og skoða fjöldatölur. Þau hafa þetta sem viðmið til að bera saman möguleg áhrif loftmengunar á milli landa,“ segir Ragnhildur.

Samkvæmt lögum gefur umhverfis- og auðlindaráðherra út áætlun um loftgæði til 12 ára. Umhverfisstofnun hefur unnið drög að áætlun til 2030 að höfðu samráði við heilbrigðisnefndir sveitafélaga, Samtök atvinnulífsins og fleiri.

Í áætluninni eru tvö markmið sett fram til að endurspegla það meginmarkmið að viðhalda góðum loftgæðum á Íslandi. Í skýrslunni kemur fram að heildarkostnaður sem fellur til vegna aðgerðanna sé að lágmarki 324,5 milljónir króna.

Fyrsta markmiðið er að fækka árlegum ótímabærum dauðsföllum af völdum loftmengunar á Íslandi úr 80 í færri en fimm fyrir árið 2030.


Það er bannað að skilja bílinn eftir í gangi á meðan ökumaður bregður sér út. Ragnhildur segir að það verði að upplýsa fólk betur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Ragnhildur Finnbjörnsdóttir, loftslagssérfræðingur

Annað markmið er að fækka árlegum fjölda daga þar sem svifryk fer yfir skilgreind heilsufarsmörk af völdum umferðar úr 7-20 skiptum niður í núll skipti fyrir árslok 2030.

Í áætluninni eru settar fram þrettán aðgerðir sem ráðast mætti í til að ná fram fyrra markmiðinu og sjö aðgerðir sem ráðast mætti í til að ná seinna markmiðinu.

Ragnhildur segir að ein stærsta aðgerðin sé að koma upp loftgæðaupplýsingakerfi. „Þar getum við spáð fyrir í framtíðinni um gæði andrúmsloftsins næstu daga. Þetta verður nokkurs konar veðurspá næstu tvo daga fram í tímann,“ segir Ragnhildur. Þá geti fólk tekið ákvarðanir um líf sitt á grundvelli þeirra spáa.

„Ef þú ert að fara út að skokka næstu daga þá geturðu athugað hvernig loftgæðin verða á þessum tíma sem þú ætlaðir að fara að skokka,“ nefnir Ragnhildur sem dæmi. – jhh




Land Cruiser 150 er margrómuð blanda glæsileika og krafts. Ekkert fær hann stöðvað enda gæddur óviðjafnanlegum aksturseiginleikum og ríkulegum staðalbúnaði. Þegar þér eru allir vegir færir eru möguleikarnir óteljandi. Ekki láta það frelsi fara til spillis.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5
3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is


Arlene Foster og Theresa May standa andspænis hvor annarri við undirritun samkomulagsins. NORDICPHOTOS/AFP

# Skrautleg fortíð og umdeild stefna DUP

**Lýðræðislegi sambandsflokkurinn styður minnihlutastjórn Íhaldsflokksins á Bretlandi. Flokkurinn á tíu þingsæti. Norður-Írar fá milljarð punda fyrir stuðninginn. Saga flokksins og stefna er skrautleg og auðkennist af mikilli íhaldssemi.**

Lýðræðislegi sambandsflokkurinn (DUP) á Norður-Írlandi samþykkti í vikunni að styðja minnihlutastjórn Íhaldsflokksins á Bretlandi undir forsæti Theresu May. Flokkurinn á tíu þingsæti og er fimmti fjölmennasti þingflokkur Bretlands. Þurfti May að leita til hans eftir að Íhaldsflokkurinn tapaði meirihluta sínum í þingkosningum nýverið.

Eftir kosningar tóku við nokkurra vikna samningaviðræður og varð niðurstaðan að mynda ekki samsteypustjórn. Þess í stað var ákveðið að verja milljarði punda í uppbyggingu á Norður-Írlandi gegn því að DUP styddi ríkisstjórnina í mikilvægum atkvæðagreiðslum.

Í samningnum segir að DUP styðji ríkisstjórnina þegar atkvæði eru greidd meðal annars um vantraust, fjárlög og útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Þá kveður samningurinn á um að Íhaldsflokkurinn hætti við áform sín um að draga úr afslætti eldri borgara af húshitun svo fátt eitt sé nefnt.

Samstarf stærsta flokks Bretlands við stærsta flokk Norður-Írlands hefur hins vegar vakið mikla reiði stjórnarandstæðinga. Er vísað til þess að afstaða flokksins í hinum ýmsu málum sé afar íhaldssöm og íhaldssamari en Bretar séu vanir.

**Vildu bjarga Ulster frá samkynhneigð**

Árið 1977 lagði flokkurinn af stað í herferð undir forystu formannsins þáverandi, Ians Paisley. Nefndist herferðin „Save Ulster from Sodomy“, sem myndi ef til vill útleggjast sem „Björgum Ulster frá kynvillu“ á góðri íslensku. Meginmarkmið herferðarinnar var að koma í veg fyrir að samkynhneigð yrði gerð lögleg.

Árin á undan hafði sú þróun orðið á Bretlandi að heimila samkynhneigð. Til að mynda var slíkt gert á Englandi og í Wales árið 1967.

Herferðin grundvallaðist á þeirri trú Paisleys að í Biblíunni stæði að samkynhneigð væri synd. Slíkt ætti ekki að leyfa í ríki er byggði lög sín á kristnum gildum. Eitt slagorð herferðarinnar var til að mynda „Breytingar á þessum lögum munu kalla bölvun Guðs yfir Norður-Íra“.

Flokkurinn náði hins vegar ekki að koma í veg fyrir afglæpavæðinguna en Mannréttindadómstóll Evrópu úrskurðaði árið 1981 að Bretar brytu mannréttindalög með því að neita að afglæpavæða samkynhneigð. Varð samkynhneigð því lögleg á Norður-Írlandi árið 1982.

DUP er þó enn andvígur samkynhneigð. Ian Paisley yngri hefur kallað samkynhneigð „ósiðlega, misbjóðandi og ógeðslega“. Þá hefur Jim Wells, sem var heilbrigðisráðherra flokksins árið 2015, sagt að áróður samkynhneigðra sé linnulaus og aldrei verði hægt að gera þeim til geðs. Wells hefur jafnframt sagt að börn samkynja foreldra séu líklegri til að vera beitt ofbeldi.

**Andvíg samkynja hjónaböndum**

Flokkurinn hefur alla tíð lagst gegn samkynja hjónaböndum. Árið 2004 lagðist flokkurinn til að mynda harkalega gegn frumvarpi um staðfesta sambúð. Þegar það frumvarp var samþykkt kom hins vegar ekki til greina að samþykkja samkynja hjónabönd og hefur flokkurinn barist gegn þeim af festu.

„Þeir hafa engin áhrif á mig með því að hóta mér. Þeir herða mig bara í afstöðu minni. Mér er alveg sama um hvað fólk gerir en það skiptir mig máli þegar fólk reynir að endurskilgreina hjónabandið,“ sagði formaðurinn Arlene Foster í viðtali árið 2016.

Samkynja hjónabönd eru ekki lögleg á Norður-Írlandi og má rekja ástæðuna fyrir því til afstöðu DUP og kjósenda flokksins en samkynja hjónabönd eru lögleg alls staðar annars staðar á Bretlandi.



> **Ég myndi ekki vilja að meðgöngurof yrði jafnaðgengilegt hér og á Englandi.**
>
> Arlene Foster, formaður DUP

Könnun Ipsos Mori frá því 2015 sýndi fram á 68 prósenta stuðning við samkynja hjónabönd og hefur þingið margsinnis reynt að lögleiða þau en DUP alltaf staðið í vegi fyrir því.

**Ekkert meðgöngurof á Norður-Írlandi**

Arlene Foster hét því í fyrra að bresk lög um meðgöngurof frá árinu 1967 yrðu aldrei innleidd á Norður-Írlandi. „Ég myndi ekki vilja að meðgöngurof yrði jafnaðgengilegt hér og á Englandi,“ sagði Foster. Hún sagði þá að hún þyrfti þó að íhuga vandlega hvort meðgöngurof væri leyfilegt eftir nauðgun.

The Guardian greindi frá því í fyrra að vegna laga um meðgöngurof á Norður-Írlandi óttuðust heilbrigðisstarfsmenn að vera fangelsaðir fyrir að gefa sjúklingum ráðleggingar er vörðuðu meðgöngurof. „Það er mikill ótti í okkar röðum. Fólk er hrætt um að eitthvert okkar verði dæmt til fangelsisvistar,“ sagði Carolyn Bailie, formaður félags kvensjúkdómalækna á Norður-Írlandi, við The Guardian.

Samkvæmt gildandi lögum á Norður-Írlandi er meðgöngurof einungis leyfilegt ef það þykir nauðsynlegt vegna heilsu konunnar.

**Efast um loftslagsbreytingar**

Við lestur á kosningastefnuskrá DUP frá því í sumar fann Fréttablaðið ekkert um stefnu flokksins í loftslagsmálum. Sé hins vegar litið til nýlegrar sögu flokksins má sjá að miklar efasemdaraddir heyrast úr flokknum um hvort loftslagsbreytingar af mannavöldum séu raunverulegt vandamál.

Sammy Wilson er þingmaður flokksins og var umhverfisráðherra Norður-Írlands frá 2008 til 2009. Wilson hefur haldið því fram að hugmyndin um loftslagsbreytingar af mannavöldum sé „mýta sem byggist á lélegum rannsóknum“ og „hysterísk gervitrú“.

Í ráðherratíð sinni sagði Wilson að hann myndi ekki trúa því í blindni að nauðsynlegt væri að gjörbreyta hagkerfi Norður-Írlands til að reyna að stöðva loftslagsbreytingar. „Verja ætti fjármunum í að laga okkur að loftslagsbreytingum,“ sagði ráðherrann og hélt því fram að loftslagsbreytingar væru náttúrulegar, ekki af mannavöldum.

**Þeir einu sem vildu Brexit**

DUP var eini flokkurinn á norðurírska þinginu sem studdi útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Því er vel við hæfi að flokkurinn styðji ríkisstjórn May í því markmiði.

Þó vill flokkurinn ekki svokallað „hart Brexit“ enda vill hann forðast stranga landamæragæslu á landamærunum við Írland. „Enginn vill hart Brexit, það sem við viljum er raunhæf áætlun til að ganga út úr Evrópusambandinu. Um það snerist atkvæðagreiðslan,“ sagði Arlene Foster nýverið.

**Sköpunarkenningin vinsæl**

Líkindi skoðana flokksmanna DUP við stjórnmálaskoðanir bandaríska biblíubeltisins einskorðast ekki við skoðanir á samkynhneigð og loftslagsbreytingum.

Thomas Buchanan, þingmaður flokksins, lýsti til að mynda stuðningi sínum í fyrra við herferð sem miðaði að því að sköpunarkenningin yrði kennd í skólum til þess að stemma stigu við framgangi þróunarkenningarinnar.

Þá hefur annar þingmaður, Edwin Poots, lýst þeirri skoðun sinni að jörðin hafi verið sköpuð fyrir 4.000 árum en ekki þeim 4.543 milljörðum ára sem vísindamenn telja allflestir að sé raunin. „Ertu að segja mér að kúlur af geimryki hafi safnast saman og sprungið? Það hefur margt sprungið á Norður-Írlandi og ekkert gott kom út úr því svo ég viti,“ sagði Poots við Radio Times.

Íslenska GLAMOUR
Glæsilegasta tískutímarit landsins





GLAMOUR fylgir með Stóra- og Risapakkanum

Kynntu þér málið á 365.is
365

# ÚTSALAN
## ER Í FULLUM GANGI

ILVA

## 25-40% AF ÖLLUM SUMARVÖRUM



**Toronto-hornsófi** L263 x B204 cm. 299.900 kr. Nú 224.925 kr. Borð L140 x B67,5 x H74 cm. 69.900 kr. Nú 52.425 kr. Hægindastóll stillanlegur. 89.900 kr. Nú 67.425 kr.Skemill. 34.900 kr. Nú 26.175 kr.

*30%*



**Hobby deluxe-borðlampi.** 70 cm. Króm eða grár. 7.995 kr. Nú 5.495 kr. Kopar. 14.995 kr. Nú 9.995 kr.

*25-40%* AF VÖLDUM MYNDUM OG SPEGLUM



**Leather brown-spegill.** Ø60 cm. 24.995 kr. Nú 14.995 kr.
**Canvas-Lonely tree.** 70 x 140 cm. 22.995 kr. Nú 14.995 kr.

*50%*



**Combi-perustæði. 34 cm. 34.995 kr. Nú 16.995 kr. 20cm. 29.995 kr. Nú 14.995 kr.**

*25%* AF NORDIC MATARSTELLI



Nordic SM11-borðstofuborð
Nú **99.900**
SPARAÐU 90.000



Made in DENMARK

**Nordic SM 11-borðstofuborð.** Hvít borðplata, svartir fætur. 2 stækkunarplötur fylgja í geymslu undir borði. 183/275 cm. 189.900 kr. Nú 99.900 kr.

*50%*



**Chill-grjónapúði. Brúnn 98 x 82 x 75 cm. 24.900 kr. Nú 11.900 kr.**

*40%*



**Torrent-hornsófi með legubekk. L338 x D224 cm. 289.900 kr. Nú 169.900 kr.**



*30%* AF ÖLLUM MOTTUM



*40%* AF CESTINO SÓFABORÐUM



*30%* AF CLASSIC HANDKLÆÐUM



*30%* AF ÖLLUM RÚMFÖTUM

**50%**

Serta

Serta Camari - 152x203 cm
Nú **64.900**
SPARAÐU 65.000



Mjúk gormadýna með tvöföldu lagi af ® PillowSoft™ svamp.
152 x 203 cm. 129.900 kr. Nú 64.900 kr.
193 x 203 cm. 179.900 kr. Nú 89.900 kr.

Serta



Serta Addilyn - 152x203 cm
Nú **94.900**
SPARAÐU 95.900

Millistíf dýna sem samanstendur af Serta® PillowSoft™ svampi, Gel memory svampi og Comfort Last® Foam Core svampi sem veitir enn meiri stuðning við líkamann og veitir þér fullkomna hvíld.
152 x 203 cm. 189.900 kr. Nú 94.900 kr.
193 x 203 cm. 239.900 kr. Nú 119.900 kr.

**ATH! AFGREIÐSLUTÍMI Á SUMUM DÝNUM GETA VERIÐ 2 VIKUR**

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró shoponline

# Færibandafólkið



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Kristján Þór Júlíusson menntamálaráðherra hefur þvertekið fyrir að til standi að sameina Menntaskólann í Reykjavík og Kvennaskólann. Fram kom í Fréttablaðinu í vikunni að starfsfólk MR óttaðist að uppi væru áætlanir um slíkt.

Virðist það einkum byggt á samtölum við starfsfólk menntamálaráðuneytisins og þeirri staðreynd að staða rektors MR hefur enn ekki verið auglýst þrátt fyrir að meira en mánuður sé síðan fráfarandi rektor sagði starfi sínu lausu.

Er nema von að starfsfólk tvístígi þegar skólastarfinu er sýnt slíkt tómlæti?

Ekki er gott að segja hvað menntamálaráðherra gengur til, en við verðum að taka orð hans trúanleg um að ekki standi til að sameina skólana tvo. Það væri sannkölluð synd og enn til þess að draga úr fjölbreytni í skólakerfinu eftir innleiðingu þriggja ára framhaldsskólanáms og samræmingu námsskráa. Við þurfum alla skólana; Fjölbraut í Breiðholti, Menntaskólann á Akureyri, Verzlunarskólann, Fjölbrautaskóla Suðurlands, Menntaskólann á Egilsstöðum og svo mætti lengi telja.

Auðvitað á ekki að blása á rekstrarsjónarmið í skólakerfinu frekar en annars staðar. Hins vegar eigum við að forðast að steypa alla í sama mót. Nóg er einsleitnin samt í okkar ríflega 300 þúsund manna samfélagi.

Menntaskólinn í Reykjavík er elsta menntastofnun landsins og á rætur sínar að rekja til ársins 1056. Í skólann hafa gengið mörg þekktustu nöfn þjóðarsögunnar. Skólastarfið og byggingin eru samofin íslenskri sögu, en það var á hátíðarsal skólans sem Jón Sigurðsson mælti hin fleygu orð: „Vér mótmælum allir."

Kvennaskólinn í Reykjavík á sér sömuleiðis merka sögu og hefur skýra sérstöðu sem skóli sem stofnaður var af þeirri hugsjón að efla menntun kvenna. Þar var mörkuð mikilvæg varða í kvenréttindabaráttuna sem enn stendur.

MR og Kvennó eru ekki merkilegri en aðrir skólar. Þeir hafa hins vegar sín karaktereinkenni sem frekar ætti að ýta undir en bæla niður. Varla er líklegt að einhverjum dytti í hug að sameina bresku skólana Eton og Harrow, eða háskólana Harvard og Yale í Bandaríkjunum.

Rökin fyrir því eru augljós. Það á ekki að vera markmið skólastarfs að framleiða fullorðna einstaklinga á færibandi. Þvert á móti á skólastarfið að vera nógu fjölbreytt og sveigjanlegt til að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Þannig auðgast mannlífið og hver og einn fær tækifæri til að láta ljós sitt skína.

Árangur íslenskra stúdenta í erlendum skólum ber þess vitni að hingað til hafi okkur tekist ágætlega upp í þessum efnum þrátt fyrir mannfæðina. Því er eðlilegt að spyrja hvers vegna yfirvöldum menntamála virðist svo mikið í mun að steypa alla í sama mót.

> **Því er eðlilegt að spyrja hvers vegna yfirvöldum menntamála virðist svo mikið í mun að steypa alla í sama mót.**

KOMDU
Í
KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Dýrkeypt pjatt

Í vikunni sýknaði Héraðsdómur Reykjavíkur íslenska ríkið af kröfu stúlku um miskabætur vegna atviks sem átti sér stað á sólbaðsstofu við Grensásveg.

Um hádegisbil þann 11. apríl árið 2015 barst lögreglu tilkynning um að tvær stúlkur svæfu vímusvefni í ljósabekkjum stofunnar. Óskaði starfsfólk eftir að þær yrðu fjarlægðar.

Lögreglu tókst að vekja stúlkurnar eftir nokkra mæðu. Önnur stúlknanna yfirgaf sólbaðsstofuna í kjölfarið. Hin var í svo slæmu ástandi, að því er fram kemur í dómnum, að henni var það ekki unnt. Var hún því flutt á lögreglustöðina við Hverfisgötu þar sem til stóð að bjóða henni gistingu. Við komu á lögreglustöðina var stúlkan hins vegar orðin hressari og var henni ekið heim til ömmu sinnar.

Sú síðarnefnda stefndi ríkinu í kjölfarið. Fullyrti hún að lögregluþjónar sem voru karlkyns hefðu séð hana nakta í ljósabekknum. Þeir hefðu auk þess neitað að yfirgefa klefa hennar þegar hún klæddi sig. Krafðist hún 900 þúsund króna í miskabætur.

Lögreglumenn neituðu sök. Í framburði þeirra kom fram að starfsfólk sólbaðsstofunnar hefði verið búið að breiða handklæði yfir stúlkurnar þegar þá bar að garði. Þeir sögðust jafnframt hafa vikið úr klefanum meðan stúlkan klæddi sig.

Dómara þótti stúlkunni ekki hafa tekist að sýna fram á að lögreglumenn hefðu valdið henni miska með því að ganga nær friðhelgi einkalífs hennar en efni stóðu til þegar þeir vöktu hana á sólbaðsstofunni. Ekkert benti til þess að þeir hefðu niðurlægt hana með því að standa yfir henni meðan hún klæddist.

### Stærsta spurningin

Þegar ég renndi augunum yfir frétt af ofangreindu dómsmáli í vikunni fannst mér það vart í frásögur færandi. Það var greinilega komin gúrkutíð. En af einhverjum ástæðum sat málið í mér.

Það var ekki fyrr en nokkrum dögum síðar að ég áttaði mig á hvers vegna fyrirsögnin „Sofnaði vímusvefni í ljósabekk og stefndi ríkinu" leitaði enn á mig. Stærstu spurningum málsins var nefnilega enn ósvarað: Hvers vegna í ósköpunum er ekki löngu búið að banna ljósabekki og loka öllum sólbaðsstofum? Væri ekki nær að stefna ríkinu fyrir að heimila notkun ljósabekkja?

### Griðarstór tilraun

Sérfræðingur á sviði geislavarna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin vitnar í segir ljósabekki „gríðarstóra lifandi tilraun á áhrifum geislunar á fólk í Norður-Evrópu og Ameríku".

Tíu prósent fólks í Norður-Evrópu nota ljósabekki reglulega. Rannsóknir sýna hins vegar að notkun ljósabekkja stóreykur hættu á illkynja húðkrabbameini. Þeir sem nota ljósabekki fyrir þrjátíu og fimm ára aldur eru næstum tvisvar sinnum líklegri en aðrir til að fá illkynja sortuæxli, hættulegustu tegund húðkrabbameins. Þeir sem nota ljósabekki fyrst eftir þann aldur eru 20% líklegri til að fá sortuæxli.

Árið 2010 voru birtar niðurstöður rannsóknar á þróun sortuæxla á Íslandi í tímaritinu American Journal of Epidemiology. Segir þar að frá því fram undir 1990 hafi Íslendingar verið með lægstu tíðni sortuæxla í húð á Norðurlöndum. Eftir það jókst tíðnin mikið uns íslenskar konur urðu þær líklegustu á Norðurlöndum til að fá sortuæxli. Talið er að meiri notkun á ljósabekkjum hér á landi en í nágrannalöndunum sé hluti skýringarinnar.

### Eftirsjá

Ég sé ekki eftir mörgu í lífinu; mér finnst það of stutt til að horfa mikið um öxl. En ég á mér eina eftirsjá. Þegar ég var þrettán ára tókum við vinkonurnar okkur til og keyptum okkur allar tíu tíma ljósakort. Við vorum nefnilega að fara að fermast. Við vorum brúnar og sætar á fermingardaginn. En pjattið var dýrkeypt. Á einu bretti höfðum við bæst í þann hóp sem er tvisvar sinnum líklegri til að fá sortuæxli.

Árið 2009 voru ljósabekkir bannaðir í Brasilíu. Árið 2015 gekk sambærilegt bann í gildi í Ástralíu. Er ekki tími til kominn að við Íslendingar bregðumst við niðurstöðum nýjustu rannsókna, bönnum þann skaðvald sem ljósabekkir eru og björgum mannslífum?

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Útsalan er hafin!

## 30 - 50% afsláttur af húsgögnum og gjafavöru

-30%



**Islandia borðstofuhúsgögn**
Borðstofuborð 100 x 200/300 cm kr. 306.000,-, **nú 214.200,-.** Borðstofuborð 100 x 160/260 cm, kr. 288.000,- **nú 201.600,-.** Glerskápur 110 x 200 cm,kr. 279.000,-, **nú 195.300,-.**
Skenkur 3ja hurða 189 x 50 x 88 cm, kr. 275.000,-, **nú 192.500,-.** Skenkur 4ra hurða 240 x 50 x 88 cm, kr. 355.000,-, **nú kr. 248.500,-.** Borðstofustóll í leðri, 32.700,-, **nú kr. 22.890,-.**

-40%



**KAK 5237 tungusófi m/einu hvíldarsæti**
verð kr. 498.000,-, nú kr. **298.800,-**



**Púði PB Home**
kr. 8.800,-, nú kr. **4.400,-**



**PB home stóll**
kr. 39.000,-, nú kr. **27.300,-**



**PB home sófaborð 90x45 cm,**
verð frá kr. 58.000,-, nú frá kr. **40.600,-**



**PB home sófaborð 70x70x45 cm,**
verð frá kr. 49.000,-, nú frá kr. **34.300,-**

-40%



**Delholm** tungusófi
m/lengjanlegum setum og stillanlegum höfuðpúðum.
Stærð; 285 x 180 cm. Litir: dökkbrúnt, grátt og ljósbrúnt
Verð kr. 525.000,-, **nú kr. 367.500,-**



**PB home skápur 218x105x45 cm,**
verð kr.198.000,-, nú kr. **138.600,-**



**Blómavasi LSA,**
kr. 3.900,-, nú kr. **2.730,-**



**PB home gangaborð 125x90x40 cm,**
verð kr. 72.000,- nú kr. **50.400,-**



**PB home lampi**
verð kr. 38.900,- nú kr. **27.230,-**



**HK living motta,**
120x180 cm kr. 29.400,-, nú kr.**20.580,-**
180x280 cm kr. 69.600,-, nú kr. **48.720,-**



**PB home skápur 220x82x39 cm**
verð kr. 168.000,-, nú kr. **117.600,-**

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.**

## Þýskaland Evrópumeistari hjá U21 árs liðum eftir sigur á Spáni



**Framtíðin er björt** Þýskaland vann 1-0 sigur á Spáni í úrslitaleik EM U21 árs liða sem fram fór í Póllandi í gærkvöld. Það var Mitchell Weiser, leikmaður Herthu frá Berlín, sem skoraði eina mark leiksins með skalla þegar fimm mínútur voru til leikhlés. Þjóðverjar fögnuðu vel. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Gott að fara til Rússlands núna

**Sverrir Ingi Ingason verður þriðji íslenski leikmaðurinn sem spilar í rússnesku úrvalsdeildinni en hann skrifaði í gær undir þriggja ára samning við Rostov. Blikinn fyrrverandi vildi komast í sterkari deild.**

**FÓTBOLTI** Sverrir Ingi Ingason staldraði stutt við á Spáni en hann gekk í gær í raðir rússneska félagsins Rostov sem leikur í efstu deild þar í landi. Sverrir Ingi spilaði síðari hluta nýliðins tímabils með Granada sem féll úr spænsku úrvalsdeildinni.

„Ég vissi að staðan hjá Granada var erfið þegar ég kom og var með klásúlu í mínum samningi sem ég gat nýtt mér til að semja við nýtt lið,“ sagði Sverrir Ingi í samtali við Fréttablaðið í gær en hann var þá staddur í Austurríki þar sem Rostov er nú í æfingaferð.

„Rostov og Granada unnu vel saman og komust að sanngjarnri niðurstöðu. Þetta tók ekki langan tíma en ég heyrði fyrst af áhuga Rostov fyrir tveimur vikum. Eftir það byrjaði boltinn að rúlla fljótt,“ segir hann enn fremur.

### Vilja aftur í Evrópukeppni

Rostov hafnaði í sjötta sæti rússnesku deildarinnar í vor en spilaði í Meistaradeild Evrópu fyrir áramót og Evrópudeild UEFA eftir áramót, þar sem liðið féll úr leik eftir tap fyrir Manchester United í 16 liða úrslitum.

„Þeir lögðu allt í sölurnar í Evrópukeppninni og það bitnaði á genginu í deildinni, þar sem Rostov endaði í sjötta sæti. Liðið var bara einu stigi frá því að komast aftur í Evrópudeildina en markmiðið er að komast aftur þangað inn eftir að hafa fengið smjörþefinn af því,“ segir hann.

> **Það skipti mig miklu málu hvað klúbburinn sótti þetta hart og það er litið á mig sem lykilmann í liðinu.**
>
> Sverrir Ingi Ingason




**Sverrir Ingi í leik með Granada.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sverrir Ingi vildi komast í sterkari deild en B-deildina á Spáni og ákvað að stökkva á tilboðið þegar það kom frá Rússlandi. Fleiri lið höfðu áhuga en Rostov sýndi mestan áhuga.

„Það skipti mig miklu máli hvað klúbburinn sótti þetta hart og það er litið á mig sem lykilmann í liðinu. Það er mikilvægt að fara til félags þar sem mér er ætlað stórt hlutverk og þeir virðast bera mikið traust til mín.“

### Fá nýjan leikvang

Sverrir Ingi var í fríi á Ítalíu með fjölskyldu sinni en brá sér yfir til Austurríkis til að ganga frá samningum. Hann eyðir helginni með fjölskyldunni en fer svo aftur til móts við liðið og hefur æfingar með því.

Deildarkeppnin í Rússlandi byrjar svo í júlí, tveimur vikum fyrr en vanalega, þar sem heimsmeistarakeppnin fer fram þar í landi næsta sumar. Sverrir Ingi telur að þetta sé góður tímapunktur til að fara til Rússlands og var ekki smeykur við að taka það skref.

„Mér líst vel á allt það sem félagið hafði fram að færa. Það er með góða sýn á framtíðina og verður spennandi að taka þátt í því.“

Rostov-on-Don verður ein af HM-borgum Rússlands og fær félagið nýjan leikvang sem verður vígður í desember. „Þetta er góður tími til að koma til Rússlands enda er verið að leggja mikið til knattspyrnunnar út af HM. Félagið sjálft hefur líka verið mjög vaxandi síðustu ár og hefur klúbburinn allt til alls.“

### Meðmæli frá Ragnari

Ragnar Sigurðsson og Sölvi Geir Ottesen léku báðir í Rússlandi á sínum tíma – Ragnar með Krasnodar sem er aðeins 200 km frá Rostov-on-Dan.

„Ég talaði lengi við Ragga og hann fór yfir þetta allt saman með mér. Hann bar sjálfur góða sögu af dvöl sinni í Rússlandi og sagði að hann hefði ekki viljað sleppa þessari reynslu. Hann hjálpaði mér mikið í að taka þessa ákvörðun.“

Samningur Sverris gildir til næstu þriggja ára með möguleika á eins árs framlengingu. Þetta verður hans fjórða félag í jafn mörgum löndum en hann hefur spilað með Viking í Noregi og Lokeren í Belgíu auk Granada.

„Ég hef stundum stoppað stutt við og stundum lengur. Maður verður bara að taka eitt ár í einu í fótboltanum en ég er opinn fyrir því að vera í Rússlandi í einhvern tíma, styrkja minn feril og taka svo næsta skref eftir það.“

eirikur@frettabladid.is

## Nýjast

**Inkasso-deildin**

**Þór - HK 3-0**
1-0 Aron Lárusson (37.), 2-0 Loftur Eiríksson (73.), 3-0 Jóhann Hannesson (77.).

**Selfoss - Fram 1-1**
1-0 Alfi Lacalle (12.), 1-1 Orri Gunnarsson (58.).

### ZIDANE SELDI SONINN

Enzo Zidane, sonur Zinedine Zidane, knattspyrnustjóra Real Madrid, hefur verið seldur til Alavés. Hann skrifaði undir þriggja ára samning við félagið.

Enzo, sem er elsti sonur Zidanes, er uppalinn hjá Real Madrid. Hann lék alls 78 leiki fyrir Castilla, varalið Real Madrid, og skoraði sjö mörk og gaf 15 stoðsendingar.

Enzo, sem er 22 ára, lék einn leik fyrir aðallið Real Madrid og skoraði í honum; 6-1 sigri á C-deildarliði Cultural Leonesa í spænska konungsbikarnum.

Alavés átti flott tímabil í vetur. Liðið lenti í 9. sæti spænsku úrvalsdeildarinnar og komst í úrslit spænska konungsbikarsins.

### CONOR VILL TIL RÚSSLANDS

Írski Íslandsvinurinn og MMA-ofurstjarnan Conor McGregor mætir Floyd Mayweather í hnefaleikahringnum 26. ágúst í Las Vegas eins og allir vita en nú er ljóst hvað Conor vill gera eftir ofurbardagann við Mayweather.

Dana White, forseti UFC, segir frá því í viðtali við MMA Junkie að Conor vill næst mæta Khabib Nurmagomedov í bardaga um léttvigtarbeltið í UFC og hann vill að bardaginn fari fram á heimavelli Rússans.

Khabib Nurmagomedov og Tony Ferguson hafa átt að mætast þrisvar sinnum á síðustu mánuðum. Það að Tony Ferguson hafi þurft að fara á sjúkrahús fyrir síðasta bardaga hentar UFC bara ágætlega núna því þeir gætu barist um bráðabirgðabeltið á svipuðum tíma og Conor mætir Floyd. Þá er bara eftir að setja upp bardaga um heimsmeistaratitilinn í léttvigt.

„Khabib og Tony verða að berjast. Þetta gæti allt smollið frábærlega saman. Þú veist hvað Conor sagði við mig? Hann sagðist vilja mæta Khabib í Rússlandi. Er hann æðislegur eða hvað? Conor McGregor er algjör helvítis einhyrningur og er æðislegur. Hann er að fara að keppa við Floyd Mayweather í hnefaleikum og á eftir því vill hann mæta Khabib í Rússlandi,“ segir Dana. „Þetta er það sem gerir drenginn að ofurstjörnu. Á meðan hinir og þessir eru grenjandi í mér um að þeir vilji ekki gera hitt og þetta þá vill Conor boxa við Floyd og berjast svo við Khabib í Rússlandi.




## Helgin

**Laugardagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 17.00 | Quicken Loans | Golfstöðin |
| 19.00 | PGA meist. kvenna | Golfst. |

**Sunnudagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 15.00 | Breiðablik - Þór/KA | Sport |
| 17.00 | Quicken Loans | Golfstöðin |
| 19.00 | PGA meist. kvenna | Golfst. |
| 19.00 | Stjarnan - KR | Sport |

Alþýðusamband Íslands

# LÍFEYRISIÐGJALDIÐ HÆKKAR - ÞÚ HEFUR VAL

Þann 1. júlí 2017 **hækkar mótframlag atvinnurekenda** í lífeyrissjóð á almennum vinnumarkaði um 1,5% og verður 10%. Um þessa hækkun var samið í kjarasamningum aðildarfélaga ASÍ og SA í janúar 2016.

Skylduiðgjald til lífeyrissjóðs mun frá 1. júlí 2017 nema samtals 14% sem skiptist í 4% iðgjald launamanns og 10% mótframlag atvinnurekanda.

Frá og með 1. júlí hafa sjóðfélagar val um hvernig þeir ráðstafa **viðbótariðgjaldinu**. Þeir geta ráðstafað viðbótariðgjaldinu í tilgreindan séreignarsparnað með samningi við sinn lífeyrissjóð eða nýtt það til að auka tryggingavernd sína til örorkulífeyris og ævilangs ellilífeyris ásamt barna- og makalífeyri í samtryggingu.

Óskum um ráðstöfun í tilgreindan séreignarsparnað þarftu að koma til þíns lífeyrissjóðs.
Ef ekkert er valið rennur viðbótarframlagið í samtryggingu og réttindi þín þar aukast.

**Þú finnur nánari upplýsingar á heimasíðu þíns lífeyrissjóðs.**



Guðfinna Mjöll skógarleikjastjóri ásamt vöskum skógarhöggsmönnum við undirbúning í Heiðmörk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# Skógarlíf í Furulundi

Skógræktarfélag Reykjavíkur efnir til Skógarleika í Furulundi í dag. Skógarhöggsmenn keppa til dæmis í axarkasti, sporaklifri og bolahöggi og gestum boðið upp á grillmat.



Í fyrra sýndi eldsmiður fornt handverk yfir eldi.

Það hefur orðið vakning í útivist á Íslandi. Fólk sækir meira í náttúruna en áður, tínir sveppi og jurtir og fleira. Heiðmörk er frábært útivistarsvæði sem er sífellt meira nýtt," segir Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir skógarleikastjóri. Skógarleikarnir eru haldnir í Furulundi í Heiðmörk og Skógræktarfélag Reykjavíkur heldur leikana þriðja árið í röð. „Það var mikil stemning í fyrra. Þetta er sannkölluð hátíð sem snýst svolítið um keppni skógarhöggsmanna sem keppa til dæmis í axarkasti, afkvistun trjábola og sporaklifri. Það er nánast eins og að fylgjast með sirkuslistum og ótrúlega skemmtilegt, nokkuð sem fáir hafa í raun upplifað," segir Guðfinna frá.

„Við bjóðum upp á ýmislegt fleira í ár. Krakkar geta lært að tálga úr við úr skóginum og læra að beita hnífnum rétt. Við grillum yfir opnum varðeldi, snúrubrauð, pylsur og fleira. Þá er boðið upp á upplifunargöngu og fólki sagt frá skóginum. Það kynnist skóginum á annan hátt," segir Guðfinna sem segir æ fleiri sækjast eftir þeim heilnæmu og slakandi áhrifum sem það hefur að njóta útivistar í skógi.

> Í JAPAN FER FÓLK Í SKÓGARBAÐ AÐ LÆKNISRÁÐI. ÞAÐ GENGUR EINFALDLEGA UM Í SKÓGINUM.

Í Japan fer fólk í skógarbað að læknisráði. Það gengur einfaldlega um í skóginum og tekur inn þessi heilnæmu áhrif," segir Guðfinna. „Skógurinn er magnaður. Við reisum líka Teepeetjald eins og gert var í fyrra. Í því verður seiðkona og seiðandi stemning. Þá hamrar eldsmiðurinn Þórarinn heitt járn yfir eldi og kynnir fornt handverk svo það er margt spennandi sem gestir geta kynnt sér," segir hún. Hátíðin stendur yfir frá klukkan 13 til 17.

kristjanabjorg@frettabladid.is

## Um helgina, af hverju ekki að ...




### FARÐU
Á Lines, þátttökuverk með gagnvirkum hljóðfærum í Svarta boxinu í Norræna húsinu. Línur fastar við veggi, gólf og hangandi úr lofti mynda þrjú hljóðfæri sem gestir spila á með því að elta þær og snerta.

### GENGUR UM VESTURBÆINN
„Ég á fríhelgi og ætla að nýta hana bara í að slaka á. Ég fer líka í eina eða tvær gönguferðir um Vesturbæinn en ég undirbý mig undir þátttöku í Reykjavíkurmaraþoninu," segir Valdimar Guðmundsson tónlistarmaður.



### HORFÐU
Á nýtt myndband sveitarinnar Prins Póló við lag hennar Ölkærustuna sem var gert í samvinnu við listamanninn einhverfa Ísak Óla.



### LESTU
Min Kamp. Norski rithöfundurinn Karl Ove Knausgaard hefur á undanförnum árum notið ómældra vinsælda fyrir sagnabálkinn Min Kamp. Hluti hans hefur nú verið þýddur á íslensku og er óhætt að mæla með lestrinum.



### BORÐAÐU
Grillaðan halloumiost að hætti Kýpurbúa með vatnsmelónu og myntu. Halloumi er gerður úr blöndu geita- og sauðamjólkur og er ein vinsælasta varan sem Costco-óðir Íslendingar kaupa í versluninni. Hann er vinsælt að steikja og grilla, nota í salöt og borða með grænmeti.

RENAULT
Passion for life

# NÝR TALISMAN

## BÍLL ÁRSINS 2017 AÐ MATI BANDALAGS ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA (BÍBB)




## NÝR RENAULT TALISMAN

### DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM**

Renault Talisman er nýja flaggskipið í Renault fjölskyldunni. Hann var valinn fallegasti bíll ársins af samtökum bílaframleiðenda og er eini bíllinn í sínum stærðarflokki sem fáanlegur er með Multi Sense akstursstillingakerfi og fjórhjólastýringu.

## VERÐ FRÁ: 3.590.000 KR.

**Staðalbúnaður í Zen útgáfu:** 5 stjörnur í EuroNCAP árekstarprófunum - 17" álfelgur - 7" snertiskjár og íslenskt leiðsögukerfi - Brekkuaðstoð (Hill Start assist) - LED dagljós - Þokuljós á framstuðara - Afturljós 3D LED - Dekkjaþrýstingskerfi - Hraðastillir (Cruise control) - Rafdrifnar rúður - Leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum - Handfrjáls símabúnaður (Bluetooth) með raddstýringu - 2ja svæða tölvustýrð loftkæling - Hiti í framsætum - Hæðarstillanlegt sæti fyrir ökumann - Armpúði milli framsæta - Rafdrifnir upphitaðir útispeglar - Fjarlægðarvari að framan og aftan - Regnskynjari fyrir rúðuþurrkur - Sjálfvirk birtuskynjun á aðalljósum (High beam assist) - Akreinavari (Lane departure warning) - Vegaskiltanemi (Roadsign recognition) - Rafdrifin handbremsa.

**Aukalega í Intens útfærslu:** 8,7" spjaldtölvuskjár - 18" álfelgur - Lykillaust aðgengi LED aðalljós - Skyggðar afturrúður - MULTI SENSE akstursstillingakerfi.
**130 hestöfl, dísil, sjáfskiptur, verð: 4.790.000 kr.**

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“**

**OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16**

* Að mati bandalags íslenskra bílablaðamanna (BÍBB)

**Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM82475

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Finnur jarðtengingu heima á Íslandi

**Jökull Júlíusson, söngvari og lagahöfundur hljómsveitarinnar Kaleo, hefur átt ævintýralega skjótri velgengni að fagna. Mikil vinna fylgir slíkri velgengni og á dögunum endaði Jökull á sjúkrahúsi. Örmagna af þreytu. Jökull ætlar að reyna að slaka á með fjölskyldu og vinum í sumar á milli tónleika og segist finna jarðtenginguna sem hann þarf á Íslandi.**



MYND/ HÖRÐUR FREYR BRYNJARSSON




Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is


Hljómsveitin Kaleo spilar allt að þrjú hundruð daga á ári á tónleikum. Vinsældir sveitarinnar breiðast ört um heiminn.

Lag þeirra Way Down We Go fór á síðasta ári í fyrsta sæti Billboard-listans í Bandaríkjunum í flokki alternative tónlistar. Lagið náði gullsölu og hefur selst í þremur milljónum eintaka á heimsvísu.

Kaleo hefur undanfarið spilað í Evrópu, Ameríku og Asíu. Í haust hefst svo Kaleo Express túrinn hjá þeim og tónleikadagskráin verður áfram ansi þétt.

**Reynir á ónæmiskerfið**

Á dögunum var Jökull fluttur á sjúkrahús vegna streituálags á líkamann. Hann er óðum að jafna sig en þarf að hugsa vel um sig.

„Ég fór í fjölda rannsókna og niðurstaðan er að álag og streita tengd stífu tónleikahaldi, ferðalögum og lítilli hvíld hefur sagt til sín. Ég hef þurft að hugsa gífurlega vel um mig þar sem það er erfitt að venjast þessum lífsstíl og reynir mikið á ónæmiskerfið.

Oft er maður að ferðast mikið á stuttum tíma og milli tímabelta og þá getur svefninn orðið erfiður. Svo tala ég ekki um að maður er að spila fimm, sex tónleika á viku auk þess að sinna útvarpsheimsóknum og öðrum verkefnum.

Ég er búinn að vera á mikilli keyrslu síðustu ár svo að það er ekkert nýtt. Ég ætla að reyna að slaka á með fjölskyldu og vinum í sumar inn á milli tónleika ásamt því að nýta tímann í að klára nýtt efni og fleira," segir hann.

Jökull er af vinum og ástvinum sagður metnaðarfullur og einbeittur. Stundum finnst honum erfitt að finna stundir til að slaka á og njóta augnabliksins á tónleikaferðalögum ytra.

„Þessi lífsstíll er hreinlega svo skrýtinn að maður er alltaf að reyna að finna jafnvægi og fóta sig. Ég finn að jarðtengingin er alltaf mest heima á Íslandi en ég fæ oftast ekki að koma heim nema einu sinni eða tvisvar á ári. Einbeitingin er mikilvæg en það er líka mikilvægt að slaka á og njóta augnabliksins. Það getur stundum verið erfitt," segir hann.

Aðdáendahópur Kaleo er gríðarstór. Á Facebook fylgja þeim 180 þúsund manns og á Twitter 34 þúsund. Jökull segir aðdáendur geta verið aðgangsharða á netinu.

„Mér hefur alltaf þótt vænt um það hvað hlustendahópurinn er breiður og á öllum aldri. Áhorfendur sem koma á tónleika eru iðulega allt frá 18 ára og upp í rúmlega 70 ára. Það þykir mér mikilvægt og gaman að ná til margra á þann hátt.

Aðdáendur geta verið aðgangsharðir, meðal annars á netinu, en ég er með margt fólk í vinnu sem filterar flest allt út svo að ég er sjaldnast að sjá margt sem kemur inn. Ég reyni aðallega að einbeita mér að tónlistinni og svo er allt annað bara plús."

**Upphafið í Mosfellsbæ**

Á fáeinum árum hafa strákarnir í Kaleo náð ótrúlegum árangri.

Vegferðin hófst í Varmárskóla í Mosfellsbæ. Jökull hafði verið að semja lög og spilaði þau með vinum sínum. Hljómsveitina stofnuðu þeir Jökull, Davíð Antonsson trommari og Daníel Ægir Kristjánsson bassaleikari árið 2012. Seinna bættist í hópinn gítarleikarinn Rubin Pollock. Fyrsta lagið sem náði vinsældum er landsmönnum líklega greypt í minni, Vor í Vaglaskógi, sem þeir fluttu í nýrri og blúsaðri útgáfu. Eftir vinsældisr fyrstu smáskífunnar, All the Pretty Girls, gerðu þeir svo plötusamning við Atlantic records og Warner/Chapell sem fól meðal annars í sér að tónlist þeirra er notuð í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Þeir fluttu til Bandaríkjanna í kjölfarið og gera út frá Nashville.

„Við náðum mjög vel saman. Við Danni vorum saman í bekk í Varmárskóla en hinir voru jafnaldrar okkar. Í Mosfellsbæ var frábært félagslíf og þarna var gott að vera unglingur. Þetta er lítið og samheldið samfélag þar sem maður þekkir alla. Þótt bærinn fari sífellt stækkandi þá finnst mér það eins og að fara í tímavél að fara þangað. Ég fer og geri sömu hlutina og vanalega og finnst ég vera velkominn," segir Jökull.

Foreldrar Jökuls eru Þórlaug Sveinsdóttir og Júlíus Hjörleifsson. Guðmundur Vignir Friðjónsson er stjúpfaðir hans og guðmóðir hans er Anna María Jónsdóttir. Öll hafa þau stutt dyggilega við hann og eru honum afar kær.

„Ég á þeim öllum alveg ótrúlega mikið að þakka. Ég hef líklega erft mismunandi eiginleika frá hverju þeirra. Móðir mín er ótrúleg manneskja og minn helsti klettur. Mikið af tónlistinni kemur frá Júlíusi föður mínum og mikið af einbeitingunni og rökhugsuninni kemur frá Gumma pabba mínum. Svo á ég einnig frábæra guðmóður, Önnu Maríu Jónsdóttur, sem er mér ótrúlega kær. Þau styðja mig öll í því sem ég geri og hafa alltaf gert. Það að eiga svona bakland er einfaldlega blessun og ég er ótrúlega þakklátur og lánsamur," segir Jökull.

**Barðist fyrir frelsinu**

Á heimili Jökuls var hlustað á tónlist. Hann lærði sem barn á píanó og kenndi sjálfum sér á gítar.

„Mamma hefur alltaf hlustað mikið á tónlist og hún hvatti mig líka til að byrja að spila á píanó um átta ára aldur. Aftur á móti hefur Júlíus faðir minn líklega verið hvað hlutskarpastur þegar kemur að tónlistarlegu uppeldi. Við spiluðum alltaf saman gömlu vínylplöturnar hans og ég hef verið undir miklum áhrifum frá tónlist sem hann ólst upp við eins og Bítlana og fleiri frá þeim tímum. Hann gaf mér líka fyrsta gítarinn og kenndi mér vinnukonugripin," segir Jökull og segir þennan klassíska þráð hafa myndað ákveðna miðju í tónlistarsköpun sinni. „Ég er hins vegar ekki í neinum ramma og fylgi ekki einni stefnu tónlistar. Fjölbreytileikinn skiptir mig miklu máli og ég barðist fyrir frelsinu, að vera ekki þvingaður í ramma, þegar ég skrifaði undir samninginn. Ég vil að tónlistin njóti sín og vil semja að vild. Síðasta plata okkar heitir AB; mér fannst það vera heiti við hæfi. Ég vitna í gamlan vínyl þar sem músíkinni var skipt á A- og B-hlið. Á A-hlið voru blúsuð lög en á B-hlið melódísk og róleg lög."

Hann neitar því þó ekki að blúsinn eigi sterk ítök í honum. „Blúsinn er hluti af mér, ég er hrifinn af honum og það er ef til vill vegna áhrifa af plötunum sem pabbi spilaði þegar ég var lítill. En svo er þetta ein suðupottur af tónlist og lífsreynslu sem maður sækir í þegar maður er að semja og spila tónlist."

**Ástvinir duglegir að fljúga út**

Vegna álagsins og annríkisins hafa fjölskylda og vinir verið dugleg við að ferðast til Bandaríkjanna til Jökuls. „Maður þarf alveg á því að halda þegar maður er að ferðast svona mikið. Þá þarf maður þessa nærveru. Það er ekki nóg að koma heim í þessu fáu skipti, þá nærist maður mikið á því að fá ástvini í heimsókn."

Nú eru nærri þrjú ár liðin síðan þeir félagar í Kaleo fluttu til Bandaríkjanna og margt hefur breyst.

„Eftirspurnin eykst í sífellu. Við höfum ekki við að anna henni en reynum eftir fremsta megni. Maður uppsker nefnilega eftir því og þess vegna er svo mikilvægt að spila þar sem fólk vill. Þegar við lítum til baka þá höfum við komist ótrúlega langt. En þetta eru allt lítil skref. Við reynum að horfa á þetta þannig. Eitt skref í einu, einn dagur í einu. Það finnst mér gott að hafa í huga þegar ég verð þreyttur. Við verðum allir þreyttir. Núna er annatími, þetta er tími tónlistarhátíða bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu. Það er pökkuð dagskrá út sumarið," segir Jökull og beðinn um að rifja upp eftirminnilegustu tónleikana síðustu misseri nefnir hann til dæmis Red Rocks tónlistarstaðinn í Colorado. „Það er alltaf skemmtilegast að fylgja eftir nýrri plötu. En ég hef samt gaman af fjölbreytileikanum. Stundum erum við að spila fyrir tugi þúsunda en stundum aðeins fyrir ➡

## Vinsældir Kaleo

**11**

KALEO HEFUR SELT GULLPLÖTUR Í 11 LÖNDUM.

**2012**

VAR SVEITIN STOFNUÐ Í MOSFELLSBÆ.

KALEO SLÓ Í GEGN MEÐ ÚTGÁFU SINNI AF VORI Í VAGLASKÓGI.

**2013**

TÓK KALEO ÞÁTT Í MÚSÍKTILRAUNUM EN KOMST EKKI Í VERÐLAUNASÆTI.

**180**

ÞÚSUND MANNS HAFA LÆKAÐ FACEBOOK-SÍÐU KALEO.

WAY DOWN WE GO HEFUR SELST Í MEIRA EN 500 ÞÚSUND EINTÖKUM.



**50%** AFSLÁTTUR

## FIMON
Tveggja eða Þriggja sæta sófi. Grátt eða grábrúnt áklæði, einnig gult eða grænt sléttflauel.

3ja sæta: 208 x 83 H: 77 cm.
**99.995 kr.** ~~199.990 kr.~~

2ja sæta: 150 x 83 H: 77 cm.
**74.995 kr.** ~~149.990 kr.~~

# Sumar ÚTSALAN

# Allt að 60% afsláttur



## BELINA
Borðstofu-stóll. Svartur með viðarfótum.

**60%** AFSLÁTTUR

**7.996 kr.** ~~19.990 kr.~~



## MARCUS
Borðstofu-stóll. Hvítur eða svartur.

**40%** AFSLÁTTUR

**4.794 kr.** ~~7.990 kr.~~



## JOLENE
Borðstofu-stóll. Svart PU-leður og krómfætur.

**45%** AFSLÁTTUR

**7.695 kr.** ~~13.990 kr.~~







**40%** AFSLÁTTUR

## ELLY
Þriggja sæta sófi. Dökkgrátt, dökkblátt eða Bordeaux-rautt sléttflauel. Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**53.994 kr.** ~~89.990 kr.~~

## ELLY
Hægindastóll. Sömu litir og sófi..

**32.994 kr.** ~~54.990 kr.~~



## NORA
Svart PU leður.

**50%** AFSLÁTTUR

**19.995 kr.** ~~39.980 kr.~~




Þú finnur útsölubæklinginn okkar á www.husgagnahollin.is

## TWIST
2,5 sæta sófi. Orange, ljósblar og grár. Viðarfætur. Stærð: 157 x 92 x 95 cm

**40%** AFSLÁTTUR

**53.994 kr.** ~~89.990 kr.~~





## TWIST
Ljósblátt, orange, ljós- eða dökkgrátt áklæði.

**40%** AFSLÁTTUR

**35.994 kr.** ~~59.990 kr.~~

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

HÚSGAGNA HÖLLIN



Jökull í Grand Canyon á síðasta ári.



Jökull í Grand Canyon.

fáeina aðila. Red Rocks tónleikastaðurinn í Colorado var mjög eftirminnilegur og ég hlakka til að spila þar næst.“

Hann segist lítið stressaður áður en hann fer á svið. „Ég hef ekki fundið fyrir miklum sviðsskrekk eða slíku en miklu frekar farginu af streitunni sem fylgir lífsstílnum, að koma fram nánast daglega og sofa lítið. En ég geri ýmislegt til að vinna á móti streitunni. Ég er duglegur að hreyfa mig og það er ákveðin hugleiðsla að komast í ræktina og ná að gleyma mér í rúman klukkutíma á dag.

## Semur í rútum

Hann þarf að nýta þann litla tíma sem hann hefur mjög vel til að semja tónlist.

„Þetta er miklu skrýtnara líf en fólk getur ímyndað sér. Við ferðumst ótrúlega mikið bæði með flugi og rútu. Erum alltaf á flugvöllum og í flugvélum. Og erum líka stöðugt á ferð í rútum þvert yfir Bandaríkin. Á milli tónleika er ég líka í viðtölum eða að spila í útvarpi og koma fram.

Ég neyðist auðvitað núorðið til að semja mikið bara aftur í rútunni eða á hótelherbergjum en ég sem líka mikið þegar ég kem heim til Íslands. Mér finnst til dæmis frábært að fara út á land eða í sumarbústað og semja. Mér hefur oft þótt gott að breyta um umhverfi og gerði svolítið af því áður fyrr að fara til Spánar á sumrin og semja þar. Nú vill maður auðvitað bara koma sem mest heim til Íslands þegar færi gefst. Ég tala nú ekki um á þessum tíma ársins sem að er algjörlega einstakur.

Ég hleð batteríin hér heima og er duglegur að ferðast um landið þegar ég er hér. Ég er mikið fyrir austan enda bjó ég nokkur ár barnæskunnar á Höfn í Hornafirði. Ég er líka duglegur að fara norður og vestur. Þangað á ég líka ættir að rekja.

Mamma gengur mikið á fjöll og útivist er fjölskyldusportið. Ég hef sterkar tilfinningar til íslenskrar náttúru og þær hafa styrkst eftir að ég flutti út. Við verðum að standa okkur vel í því að varðveita náttúruna sem við eigum hérna heima með auknum ferðamannafjölda og meiri ágangi. Ég sé þetta svo vel þar ég bý. Hvað það er einstakt sem við eigum hér og hvað náttúran veitir okkur mikil lífsgæði.“

Jökull segir tónlistina vera sitt markmið í lífinu. „Ég skráði mig tvisvar í háskólann og ætlaði að læra heimspeki. Hver veit hvað verður seinna í lífinu. Ég rek mitt eigið fyrirtæki og trúi því að maður eigi að elta drauma sína. Það er auðvelt að missa einbeitingu og fókus. Það er margt sem togar í mann. Sérstaklega í þessum lífsstíl. En þetta er langhlaup og það er viðbúið að maður þurfi stundum á hvíld að halda áður en maður heldur hlaupinu áfram. Ég kvarta ekki. Þetta er gott líf og ég er þakklátur. Aðalmarkmiðið núna er að eignast frítíma, geta ráðið meiru sjálfur. Vinna meira heima við og í hljóðveri. Og að geta verið á einum stað í einu meira yfir árið.“



Með Gumma pabba um rétt rúmlega fjögurra ára.



Jökull um ársgamall.



Veglegar veitingar í rútunni.



Á Thomas Jefferson University spítalanum í Philadelphiu.



21 árs gamall að spila á gítar.



Með þjálfaranum og vini mínum frá Kanada, Matthew, að gera jóga á ströndinni í Flórída á miðjum túr.



Með Þórlaugu móður sinni í Kaliforníu á síðasta ári.


Kjörís
ÁFRAM
ÍSLAND
ÍSBOLTI
ÍSBOLTAR MEÐ SÚKKULAÐI-, VANILLU- EÐA JARÐARBERJABRAGÐI.
EKKI HIKA. LÁTTU VAÐA Á ÞANN SEM ÞÉR ÞYKIR BESTUR!
Brandenburg | SÍA

# Harry Potter aðdáendur á Íslandi



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

**Tuttugu ár eru liðin síðan fyrsta bókin um Harry Potter kom út. Forfallnir íslenskir Harry Potter aðdáendur ræða um aðdráttarafl ævintýrabókanna og huggunina sem þeir finna í sköpunarverki J.K. Rowling.**



Gryffindor/Hufflepuff

## Heimsótti „Hogsmeade“ og keypti sér sprota

**Ævar Þór Benediktsson vísindamaður er forfallinn Harry Potter aðdáandi. Hann tók próf á vefsíðunni Pottermore.com sem flokkaði hann í heimavist Hufflepuff og móðgaðist. Hann hefði fremur kosið Gryffindor.**

„Áhugi minn hófst þegar yngri bróðir minn fékk fyrstu bókina um Harry Potter í íslenskri þýðingu í jólagjöf. Ég fékk bókina lánaða en þurfti að byrja nokkrum sinnum á henni. Fyrsti kaflinn í fyrstu bókinni er svolítið flókinn. Mikið af nýjum nöfnum. En strax í næsta kafla varð ekki aftur snúið,“ segir Ævar.

„Þessi heimur sem J.K. Rowling skapaði er svo spennandi, margslunginn og skemmtilegur. Það eru alltaf að opnast nýjar dyr,“ segir hann.

Uppáhaldspersóna Ævars er Remus Lupin kennari í Hogwarts. „Hann er alltaf pínu úfinn og þreyttur en samt algjör hetja og gerir það sem þarf að gera.“

Ævar tók próf á vefsíðunni Pottermore.com sem flokkar fólk á heimavistir Hogwarts-skólans og varð fyrir vonbrigðum með niðurstöðuna. „Ég tók það tvisvar og fékk í bæði skiptin sömu niðurstöðu, ég er Hufflepuff. Ég hefði fremur kosið Gryffindor-heimavistina. Ég var svo móðgaður að ég fór ekki aftur á síðuna. En ég er nú kominn á þá niðurstöðu að þetta sé ágætt og ætla bara að reyna að gera gott úr þessu,“ segir Ævar glettinn.

Á síðasta ári heimsótti Ævar Universal Studios og keypti sér sprota. „Í myndverinu er stór hluti af Hogsmeade-þorpinu og hluti úr lestinni og fleira. Ég keypti mér sprota þar sem sölumaðurinn valdi hann fyrir mig með leikrænum tilþrifum. Ég fékk sprota Dumbledore, Elderwand.“



Hufflepuff

## Með Harry Potter húðflúr

**Ingibjörg Ólöf Benediktsdóttir, systir Ævars, hefur lesið allar bækurnar um Harry Potter oftar en hún getur talið. Hún er með húðflúr sem tengist Harry Potter ævintýrunum og langar í fleiri slík.**



„Ég hef lesið allar bækurnar oftar en tíu sinnum og tek Harry Potter kvikmyndamaraþon að minnsta kosti einu sinni á ári. Ég fékk mér húðflúrið í fyrra. Ef ég fæ mér fleiri þá verður það líka Harry Potter flúr og ég gæti til dæmis hugsað mér textann „Always“ eða litla gyllta eldingu á handlegginn.“ Aðspurð um heimavist sem hún myndi samsama sig velur hún þá sem bróðir hennar varð ekki sáttur við. „Ég myndi velja Hufflepuff. Þar eru nemendur heiðarlegir og leggja sig hart fram og eru líka vinir vina sinna.“



Slytherin

## Vafasamt að félagi í VG hallist að Slytherin

**Una Hildardóttir, gjaldkeri VG, hefur verið aðdáandi Harry Potter frá því að hún var unglingur. Hún samsamar sig einna mest Slytherin sem félögum hennar í VG þykir vafasamt.**

„Ég fékk fyrstu bókina í afmælisgjöf þegar ég var níu ára og varð strax stórhrifin. Ég fór til Spánar með fjölskyldunni og mamma og frænkur mínar lásu fyrir mig einn kafla á dag. Ég las svo næstu bækur jafnóðum og þær komu út á íslensku. Það var hins vegar þegar ég flutti til Bretlands sem ég varð sannkallaður aðdáandi,“ segir Una frá.

„Ég var þrettán ára þegar við fluttum þangað og átti erfitt með enskuna. Mamma keypti fyrir mig fimmtu bókina á ensku og hún hjálpaði mér mikið. Reyndar eignaðist ég fyrstu vini mína þar í landi í gegnum þessa bók. Ég var enn búsett í Bretlandi þegar sjötta bókin kom út. Það var mikil gleði í skólanum og allir að tala um bækurnar. Æði mitt fyrir Harry Potter stigmagnaðist og ég beið alltaf spennt eftir bókum og kvikmyndum,“ segir Una sem getur ekki talið hversu oft hún hefur lesið bækurnar. „Ég →

SKARÐSHLÍÐ
Í HAFNARFIRÐI
LAUSAR LÓÐIR Í FJÖLSKYLDUVÆNU UMHVERFI















Gryffindor

## Hermione er mikilvæg hetja og fyrirmynd

**Auður Mist Halldórsdóttir er sextán ára nemandi við Menntaskólann í Reykjavík og hugfangin af Harry Potter bókunum og þeim heimi sem J.K. Rowling skapaði. Hún segist halda að lykillinn að vinsældum bókanna felist í því að ungu fólki sé mikilvægt að trúa að það sé einhvers megnugt og finnst Hermione mikilvæg kvenhetja og langþráð fyrirmynd.**

„Þegar allir voru að lesa Harry Potter streittist ég í fyrstu á móti. Ég vildi vera öðruvísi og ætlaði ekki að fylgja straumnum. Ég fór hins vegar og horfði á fyrstu kvikmyndina um Harry Potter og strax sama kvöld tók ég upp fyrstu bókina, Harry Potter og Viskusteininn. Ég kláraði bókina á tveimur dögum og áður en ég vissi af hafði ég lesið þær allar. Ég elskaði þessar bækur og gat ekki hætt að ræða um bækurnar við vini mína. Ég varð algjör aðdáandi,“ segir Auður Mist sem hefur lesið bækurnar oftar en hún getur talið.

„Ég held að ungt fólk þurfi á því að halda að trúa að það sé einhvers megnugt. Þetta er huggandi heimur og ég held að margir ellefu ára krakkar óski sér að fá bréfið frá Hogwarts. Tækifærið til að sýna hvað í þeim býr,“ segir Auður Mist.

„Uppáhaldshetjan mín er Hermione. Hún er svo mikil hetja og góð fyrirmynd. Stelpa sem á strákavini sem er stolt af því að vera klár og felur enga af sínum styrkleikum. Hún sér um allt og er frelsandi kvenhetja. Hún er hetja sem stelpur vantaði.“

Auður Mist segist myndu velja Gryffindor. „Þó er það þannig að allir eru með eiginleika úr öllum vistum. Ég tengi við að vera stolt og hugrökk, helstu eiginleika þeirra í Gryffindor.“

hlusta líka á hljóðbækur og þá þær sem Stephen Fry les. Ég hlusta oft á ári á hljóðbækurnar.“

Það kemur mörgum á óvart, ekki síst félögum hennar í VG, að hún samsami sig helst Slytherin-heimavistinni. „Ég hef alltaf verið Slytherin-manneskja og með fálka sem patrónus. Það finnst mörgum fyndið og ég hef fengið miklar athugasemdir frá eigin flokki þar sem samasemmerki er sett á milli Slytherin og Sjálfstæðisflokksins. Mér finnst þau í Slytherin-heimavistinni alltaf svo misskilin,“ segir Una sem gekk með Slytherin-trefil á menntaskólaárunum.

Hún á ekki mikið af munum sem tengjast aðdáun hennar. „Jú, ég á Snape-galdrasprota. Annars finnst mér þessi heimur eiga heima í huganum og ímyndunaraflinu. Mér finnst skrýtið að safna þessum munum því ég sé þetta allt öðruvísi fyrir mér.“



Ravenclaw

## Langar til að gefa fólk saman í Harry Potter þema

**Inga Auðbjörg Straumland, athafnastjóri hjá Siðmennt, tók fyrstu bókina um Harry Potter að láni á bókasafni.**

„Hún höfðaði sterkt til mín. Þessi heimur var undir töfraábreiðu þar sem allt var mögulegt. Mig þyrsti í fleiri bækur og las þær á ensku. Það var mjög þroskandi og gott að læra ensku í gegnum þessar bækur. Í dag finnst mér gott að hlusta á hljóðbækur með lestri Stephens Fry.“

Inga Auðbjörg hefur eins og Unnsteinn beðið í meira en tíu tíma í röð eftir bók. „Félagsskapurinn og öll samtölin um bækurnar eru hluti af því hvað þær eru vinsælar.

Ég samsama mig Ravenclaw því ég hef gaman af þekkingu og sköpun og er ekki eins fífldjörf og þau í Gryffindor,“ segir Inga Auðbjörg. „Ég vinn við að gefa fólk saman og væri mjög mikið til í að gefa fólk saman í Harry Potter þema,“ segir hún spurð um hvort það sé eitthvað tengt aðdáun hennar á bókunum sem hún óskar sér að framkvæma.



Gryffindor

## Hitti ráðherrann fyrst í röð eftir Harry Potter bók



**Unnsteinn Jóhannsson, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, kolféll fyrir sögunum um Harry Potter. Árið 2008 beið hann í tólf klukkustundir í röð fyrir utan Mál og menningu eftir nýjustu bókinni og það var bóksalinn þáverandi Óttarr Proppé sem rétti honum hana.**

„Fyrstu kynni mín af yfirmanni mínum Óttari Proppé heilbrigðisráðherra voru í röð fyrir utan Mál og menningu. Þar beið ég eftir nýjustu Harry Potter bókinni með nokkrum vinum. Biðin var löng, við biðum held ég í meira en tíu tíma. Óttarr vann þá sem bóksali og gaf okkur bók,“ segir Unnsteinn frá en hann beið tvisvar í röð eftir nýútkominni bók um Harry Potter og hefur líka mætt á bíósýningu Harry Potter í búningi. „Það var nú ekkert rosalegt, ég var í skikkju og með plastsnák vafinn um mig.“

Unnsteinn segist hafa orðið hrifinn strax við lestur fyrstu bókarinnar. „Eftir það varð ekki aftur snúið. Ég kolféll fyrir sögunni. Ég á allar bækurnar og hljóðbækurnar á kassettum með lestri Stephens Fry. Ég gat ekki beðið eftir að þær kæmu út, ég var viðþolslaus af spennu. Þetta er margslunginn heimur. Jaðarheimur þar sem einstaklingar njóta sín. Ég held að margir hinsegin einstaklingar samsami sig ævintýrunum. Það eru margar metafórur, til dæmis býr nú Harry Potter eiginlega í skáp í heimi mugga og var öðruvísi. Það er svo margt í þessum töfraheimi sem ungt fólk heillast af og mátar sig við, þetta er eins konar æfing í alls konar tilfinningalífi.“

Unnsteinn segist máta sig við Gryffindor heimavistina. „Það er gaman að velta fyrir sér lífssýn og pólitík í tengslum við það hvernig fólk mátar sig við heimavistir. Þetta eru þvílíkar pælingar.“


# Einbýli | Tvíbýli | Parhús | Raðhús

Hafnarfjarðarbær auglýsir 69 lóðir í nýju og vistvænu íbúðahverfi í Skarðshlíð. Í skipulagi og hönnun er rík áhersla lögð á heildræna sýn, vistvænt skipulag, grænt yfirbragð og fjölbreytt útisvæði. Svæðið liggur sunnan og vestan Ásfjalls.



Deiliskipulag Skarðshlíð 2. áfangi samþykkt í bæjarstjórn 6. apríl 2017, auglýst í Stjórnartíðindum B deild 16. júní

Einbýlishús til úthlutunar | Parhús til úthlutunar | Tilboðslóðir

### Úthlutunarlóðir

13 einbýlishúslóðir og 18 parhúsalóðir eru til úthlutunar og geta einungis einstaklingar sótt um þessar lóðir. Dregið verður í númeraröð úr gildum umsóknum og markar númer jafnframt röðun í vali á lóðum. Tveir einstaklingar þurfa að sækja um parhúsalóð. Hjón og sambúðarfólk teljast sem einn einstaklingur. Sótt er um rafrænt á **MÍNAR SÍÐUR**

### Tilboðslóðir

Óskað er eftir tilboðum lögaðila í 26 tvíbýlishúsalóðir og 12 raðhúsalóðir. Búið er að marka lágmarksverð í lóðirnar og teljast tilboð undir lágmarksverði ógild. Tilboðum ásamt viðeigandi fylgigögnum skal skilað til Þjónustuvers, Strandgötu 6 fyrir kl. 10 þann 15. ágúst. Tilboð verða opnuð kl. 10 þann sama dag á sama stað.

Sjá skipulagsuppdrátt, skilmála, verðskrá, yfirlit yfir lausar lóðir og fleira á **hafnarfjordur.is**

SANNKÖLLUÐ NÁTTÚRUPERLA Á FRÁBÆRUM STAÐ!

### Helstu upplýsingar

Ítarefni á **hafnarfjordur.is**
Leitarorð: Lausar lóðir

**Úthlutunarlóðir - frestur**
Til kl. 10 þann 15. ágúst

**Tilboðslóðir - frestur**
Til kl. 10 þann 15. ágúst

**Fylgigögn**
Upptalning á **hafnarfjordur.is**

**Fyrirspurnir**
hafnarfjordur@hafnarfjordur.is

**585 5500**

HAFNARFJÖRÐUR




Tulumströndin á Yukatanskaga er vinsæl meðal Bandaríkjamanna sem vilja sletta úr klaufunum. Þar eru einstakar rústir. NORDICPHOTOS/AFP

# Sól, sandur og neðansjávarhellar

## Yucatanhérað í Mexíkó býður upp á skemmtilega blöndu af Mayamenningu og hvítum ströndum.



Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is

Yucatanhérað hefur lengi verið einn vinsælasti ferðamannastaður Mexíkó, enda friðsælasta svæði landsins og býður upp á gríðarlega fjölbreytta afþreyingu. Milljónir fara þangað árlega og hafa Íslendingar í auknum mæli lagt leið sína þangað síðustu árin.

Bandaríkjamenn hafa lengi sótt Yucatan heim, enda stutt að fara. Cancunborg hefur sérstaklega verið vinsæl djammborg sem margir háskólanemar heimsækja í vorfríi. Fyrir þá sem vilja sletta úr klaufunum og prófa nýjan kokteilbar á hverju kvöldi er upplagt að byrja ferðina þar. Cancun er hins vegar ekki öllum að skapi og getur nýst best sem dvalarstaður til að gista á um nætur og fara í dagsferðir frá á daginn.

Eyjan Isla Mujeres er stutt frá Cancun og auðvelt að komast þangað á bát. Þar eru dásamlegar strendur og skjaldbökuathvarf. Hægt er að ferðast um eyjuna á golfbíl. Ferðamenn geta valið að gista á eyjunni eða einfaldlega notið þess að vera þar yfir daginn. Á flestum hótelum eða strandklúbbum á svæðinu er hægt að leigja bekki en á mörgum stöðum tíðkast það að verðið á hverjum kokteil sem maður kaupir fer upp í leiguna og því tilvalið að fá sér eins og tvo Pina Colada.

Margir velja að verja tíma á Playa del Carmen, sem er í um klukkutíma fjarlægð frá Cancun. Þar eru góðar strendur og gott að njóta þess að baða sig í Karíbahafinu. Auðvelt er að komast milli Cancun og Playa del Carmen með rútu. Almennt eru rútur mjög góðar í Mexíkó, þær eru loftkældar og stoppa á öllum helstu ferðamannastöðunum, auk þess sem þær eru mjög ódýr valkostur.

Þeir sem ætla að fylgja gömlu hippaleiðinni fara frá Isla Mujeres til strandbæjarins Tulum. Þar er hægt að velja að gista bæjarmegin þar sem fjöldi íbúða er til leigu, margar hverjar með sundlaug, eða strandmegin þar sem lúxushótel eru algengari. Það fer eftir smekk hvers og eins hvort er valið, en auðveldlega er hægt að ganga á milli bæjarhluta eða taka leigubíl fyrir klink.

Margir fara í jógaferðir á svæðið og skemmta sér við að fara í hinar ýmsu jógastöður á hvítum ströndum svæðisins. Einnig er hægt að sigla, snorkla og stunda fjölbreytt vatnasport við ströndina. Svæðið er þekkt fyrir rústir íbúðahúsa og bænahúsa Mayafólksins, en bærinn var einn sá síðasti sem þjóðflokkurinn byggði upp. Það er fjöldi merkilegra rústa í Mexíkó en fáar jafn mikið augnakonfekt og rústirnar við Tulum sem gnæfa yfir strandlengju þar sem er hægt að baða sig.

Mexíkósk matargerð er líklega hvergi betri en í landinu sjálfu og er Tulum þar engin undantekning. Ferðahópar geta skemmt sér við það að mana hverjir aðra við að prófa mismunandi styrkleika sósa á borð við habanero ofan á ljúffengt taco svæðisins. Tacostaðurinn Antojitos La Chiapaneca er sérstaklega góður. Þar kostar Taco frá sjö pesóum, eða fjörutíu krónum, og því auðvelt að borða yfir sig!

Einn af hápunktum ferðar um Yucatansvæðið er að synda í „cenote“ sem eru eins konar neðansjávarhellar. Nálægt Tulum eru nokkrir slíkir, til að mynda Grand Cenote. Þar greiðir maður aðgangsgjald og leigir snorklbúnað og getur svo snorklað í vatninu, sem er ansi kalt (en það gleymist fljótt), meðal skjaldbaka og fiska. Það er meira að segja möguleiki að kaupa snarl handa skjaldbökunum og gefa þeim að borða.

Annað sem algjörlega er þörf á að gera á ferðalagi um svæðið er að heimsækja hina frægu pýramída í Chichen Itza. Svæðið er á heimsminjaskrá UNESCO og er einn vinsælasti fornleifavettvangur Mexíkó. Pýramídarnir og aðrar rústir þar í kring voru byggðar á milli áttundu og tólftu aldar. Hægt er að fara í skipulagðar rútuferðir að pýramídunum eða koma sér sjálfur þangað með rútu. Þegar þangað er komið er svo hægt að fá leiðsögumann til að segja manni frá þessari stórkostlegu sögu, eða einfaldlega skemmta sér við það að reyna að koma auga á eðlur sem sitja á rústunum.

Á einni viku má njóta þess besta sem Yucatansvæðið hefur upp á að bjóða þó að alltaf sé hægt að framlengja ferðina til að fá betri tilfinningu fyrir menningunni. Fyrir þá sem vilja halda ferðalagi um svæðið áfram er ódýrt að fljúga frá Cancun til Havana á Kúbu, taka bát frá Chetumal til Caye Caulker, ævintýraeyju í Belize, eða þá halda leiðinni áfram til Flores í Gvatemala. Einnig er hægt að taka rútu eða flug til annarra spennandi áfangastaða innan Mexíkó.



Kukulkanhofið, sem fleiri þekkja sem El Castillo. Þeir sem ferðast til Mexíkó ættu að heimsækja fræga pýramída í Chichen Itza. NORDICPHOTOS/AFP

### Staðreyndir um Yucatan

| Íbúafjöldi Yucatan | Stærð svæðisins | Flug til og frá Cancun | Gisting í Airbnb íbúð í Tulum | Taco í Tulum |
|---|---|---|---|---|
| 2 milljónir árið 2010. | 39.500 ferkílómetrar. | Frá 110.000 krónum. | Frá 2.000 kr. á mann. | 40 krónur. |




Á viku má njóta þess besta sem Yucatansvæðið hefur upp á að bjóða.

# Fólk

Helgin

LAUGARDAGUR 1. JÚLÍ 2017



**Guðni Páll Viktorsson er rúmlega hálfnaður í kajakróðri sínum í kringum Írland. Ferðin hefur tekið lengri tíma en áætlað var vegna vályndra veðra.**

helgin ➔6

**Melissa Dream**




Náttúrulega leið
til að sofa betur

**Fæst í næsta apóteki**

**www.icecare.is**



Örvar Bessason er tekinn við eldhúsinu á Jacobsen Loftinu en hann er annálaður fyrir heimilislega matargerð og einstaka bragðupplifun. MYND/ERNIR

# Frægur fyrir gott bragð

Þetta verður hæfilega villt, en snyrtimennskan í fyrirrúmi, eins og Stuðmenn sögðu forðum; lýsir matreiðslumaðurinn Örvar Bessason stemningunni á Jacobsen Loftinu. ➔2



**Þurrkað grísalæri „jamón“ með melónu, geitaosti og truffluolíu.** MYND/ IVAR VIVÅS

**Framhald af forsíðu** ➜

Örvar er frægur fyrir gott bragð. Það er gott bragð af öllum mat sem hann eldar. „Já, góða bragðið er minn skjöldur og sverð, en einnig að vera heimilislegur og frjáls við eldamennskuna.“

Jacobsen Loftið er að leggja á borð í fyrsta sinn; diska, hnífa og gaffla. Á matseðlinum er samsuða af skandinavísku smurbrauði og suður-evrópsku tapas, en líka allt þar á milli, eins og fersk salöt og girnilegir eftirréttir.

„Þessi samsuða býður upp á óendanlega möguleika,“ segir Örvar og það er unaðsleg angan í loftinu á Loftinu. „Við tapas-gerðina leikum við af fingrum fram, eins og tapas með gljáðum geitaosti, chorizo-pylsu, ristuðum furuhnetum og gulrótarmauki. Síðan smyrjum við fjölkorna brauð með reyktum laxi eða bakaðri kindakæfu með stökku fleski og smálauk, og berum fram þurrkað grísalæri með melónu og geitaosti. Meðal ómótstæðilegra eftirrétta er skyr brûlée með múslí og ávöxtum, borið fram í krukku, og súkkulaðibollakaka, sem engin kona fær staðist, borin fram í bolla,“ nefnir Örvar sem dæmi af matseðli Loftsins.

Víst er að margir fá vatn í munninn þegar Örvar skammtar á diskana enda vanur að gleðja íslenska og útlenda munna. „Matarháhuginn kviknaði þegar ég var níu ára og tók fyrst til hendinni í eldhúsinu hjá pabba sem var hótelstjóri úti á landi. Ég kann því vel að taka á móti matargestum af öllum þjóðernum og hlakka til að kæta bragðlauka gesta hér á Loftinu.“

Jacobsen Loftið er í samstarfi við Bakarí Sandholt, Esju kjötvinnslu og Garðyrkjustöðina Ösp með brakandi ferskt og íslenskt hráefni til matargerðarinnar.



**Brakandi ferskt jarðarberjasalat, borið fram með súrdeigsbrauði og viðbiti.** MYND/ IVAR VIVÅS

„Við leggjum áherslu á ferskt gæðahráefni til matargerðar og höfum lagt vinnu í að para saman kokteila og bjór með hverjum rétti, sem lofar spennandi bragðupplifun,“ segir Örvar og bendir á að ekki þurfi að panta borð á Loftinu. „Bara að mæta! Maginn verður sæll og stemningin villt!“

## Inga á Nasa á Loftinu

Við barinn stendur nýr skemmtanastjóri og einn rekstraraðila Jacobsen Loftsins, sjálf Inga á Nasa, og nú Inga á Loftinu. Inga sér um næturlíð Loftsins og byrjaði á að lækka aldurstakmarkið niður í 22 ár til að fá yngra fólk í húsið. Það liggur líka nýr taktur í loftinu. Í kvöld fær DJ Styrmir gesti Loftsins til að hrista skankana á dansgólfinu, og í sumar bíða DJ Dóra Júlía, Símon og fleiri eftir að komast að með plötusafnið.

„Loftið hefur notið vinsælda sem lounge-kokteilstaður með opnun síðdegis en nú galopnum við dyrnar klukkan ellefu á morgnana og framreiðum hádegismat alla virka daga. Seinnipartinn verður enn hægt að detta inn í Happy hour, fá sér svo dýrindis kvöldverð hjá Örvari og enda kvöldið í trylltum dansi með mér,“ segir Inga sem veit ekkert skemmtilegra en að skemmta fólki. Hún hefur reynsluna eftir að hafa stofnað og rekið Nasa, einn vinsælasta skemmtistað lýðveldisins, þar til honum var lokað eftir tólf ára stanslaust stuð.

„Á Nasa stóð ég allar vaktir sjálf og fékk aldrei leiða á því. Um leið og ég steig inn í næturlífið á Loftinu fann ég aftur hvað mér finnst gaman. Ég hef yndi af því að skemmta fólki og Íslendingar eru með skemmtilegasta fólki þegar þeir lyfta sér upp. Hér fer fólk út til að hafa gaman og það hefur líka gaman,“ segir Inga sem er einnig umboðsmaður Páls Óskars og þekkt fyrir gleði og höfðinglegar móttökur.

„Ef röðin var löng á Nasa fór ég út með bakka af skotum á línuna og sé ekki fyrir mér að ég muni láta af því hér. Það eru enda forréttindi að fá að verða samferða landsmönnum um þessa gleðivegu mannlífsins, og alltaf gaman.“

Til miðnættis er Jacobsen Loftið nú orðið að mat- og kokteilastað en þá tekur við aðeins villtari stemning og meira stuð, að sögn Ingu, enda trekki dansgólfið alltaf að.

„Andrúmsloftið er heimsborgaralegt og hingað koma íslenskir gestir í bland við aðra frá öllum heimshornum í kokteil, mat og snúning. Aldurshópurinn er breiður og allir njóta lífsgleðinnar saman. Umgjörðin er líka heillandi, í einu fegursta húsi Reykjavíkur, og unun að horfa á mannlíf Austurstrætis innan um sögu hússins sem er gert hátt undir höfði á Loftinu.“



**Inga á Nasa á Loftinu.** MYND/BRYNJAR SNÆR



**Virðing fyrir sögu húss og verslunar Egils Jacobsen er í hávegum höfð á Loftinu, þar sem strangar og tvinnakefli liggja í hillum og hálfsaumuð föt á herðatrjám.** MYND/ERNIR

Loftið er í Austurstræti 9. Opið frá klukkan 11 til 22 virka daga og frá klukkan 16 um helgar.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn: Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Stundar hreyfingu án verkja

## Sigurður átti orðið erfitt með fjallgöngur vegna verkja, en stefnir núna á IronMan í sumar eftir að hann fór að taka inn Amínó Fiskprótín Liði.

Sigurður Ólafsson kynntist Amínó Fiskprótín Liðum eftir ábendingu frá fjölskyldumeðlimi sem vissi að hann hafði átt við ónot í hnjám að stríða. Sigurður hefur alla tíð verið duglegur að stunda einhvers konar hreyfingu, en fyrir um það bil fimm árum fór að bera á verkjum í hnjám.

„Árið 2012 byrjaði ég að stunda fjallgöngur í töluvert miklum mæli en það eina sem skyggði á ánægjuna voru verkir sem ég fór að finna fyrir þegar leið á göngurnar,“ segir Sigurður. „Þegar ég byrjaði að taka þátt í Landvættaprógrammi hjá Ferðafélagi Íslands haustið 2015, þar sem mikið er um hlaupa- og hjólaæfingar, fór enn meira að bera á þessum verkjum. Eftir að hafa reynt ýmsar vörur prófaði ég Amínó Fiskprótín Liði. Mjög fljótlega tók ég eftir gríðarlega miklum mun. Þetta er í fyrsta skipti sem ég tek fæðubótarefni sem algjörlega breytir aðstæðum mínum þannig að ég get stundað hreyfingu án verkja,“ segir hann.

„Haustið 2016 byrjaði ég að æfa fyrir IronMan-keppni sem verður haldin í Kaupmannahöfn seinnipartinn í sumar. Æfingaálagið er töluvert mikið og ef ekki væri fyrir Amínó Fiskprótín Liði þá væri ég ekki að ná sama fjölda af æfingatímum í viku.“


Sigurður Ólafsson hefur góða mjög reynslu af Amino Liðum. .

Amínó vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda IceProtein® ásamt öðrum lífvirkum efnum. Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrlegum efnum úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúgu (Cucumaria frondosa) og IceProtein® (vatnsrofin þorskprótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski.

> Fæðubótarefnið Amínó Liðir hefur gjörbreytt aðstæðum mínum og nú get ég stundað hreyfingu án verkja.

Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgna-extraktið ríkt af sinki, joði og járni sem og bólguhemjandi efnum sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins ® inniheldur Amínó Liðir túrmerik, D- og C-vítamín og mangan. Rannsóknir hafa sýnt að vatnsrofið fiskprótín, eins og eru í IceProtein®, eykur upptöku á kalki úr meltingarvegi og styður þannig við liðaheilsu. Kollagen, chondroitin sulphate, D- og C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsubætandi virkni þorskpeptíðanna. Að sögn dr. Hólmfríðar Sveinsdóttur, stofnanda og framkvæmdastjóra PROTIS ehf., sem framleiðir Amínó® vörulínuna, er fiskprótínið unnið úr hágæða hráefni sem fellur til við flakavinnslu á íslenskum þorski. „Markmiðið er að hámarka nýtingu á einstakri náttúruauðlind og bæta lýðheilsu.“




Fæst í apótekum, heilsuverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða. Nánari upplýsingar má finna á www.icecare.is.

# Fann kraftinn aftur með Amínó 100%

## Amínó 100% FISKPRÓTÍN hefur reynst einstaklega vel til að efla kjark og þor.

Ég stunda hjólreiðar af krafti til heilsubótar og ánægju og hjóla 150-200 kílómetra á viku. Þetta hefur verið áhugamál og ástríða hjá mér síðustu þrjú árin. Snemma í sumar upplifði ég mikla þreytu og leiða og þegar ég hjólaði var ég lúinn og hálf kraftlaus. Þá fór ég að taka Amínó 100% FISKPRÓTÍN, þrjú hylki tvisvar á dag.

Þremur dögum seinna fór mér að líða betur, var kraftmeiri og hjólagleðin fór að koma aftur,“ segir Hartmann. „Upp frá þessu breyttist staðan töluvert hjá mér, ég hef verið fullur af krafti, tekið þátt í mörgum reiðhjólakeppnum og bætt tíma minn í þeim öllum, frá því í fyrra.

Ég mæli því hiklaust með Amínó 100% FISKPRÓTÍN fyrir þá sem eru í álagsíþróttum og mun svo sannarlega halda áfram að taka þetta. Annað sem ég tók eftir er að þegar álagið er mikið hættir mér alltaf til að fá vöðvakrampa í fæturna. Eftir að ég fór að taka Amínó 100% FISKPRÓTÍN hafa kramparnir minnkað töluvert, þrátt fyrir aukið álag.“


Hartmann fann kraftinn aftur þegar hann fór að taka Amínó 100% FISKPRÓTÍN og gat í kjölfarið stundað hjólreiðar af krafti á ný.




# Handhæg vörn gegn frjókornaofnæmi

## Hay Max er lífrænn salvi sem fyrirbyggir frjókornaofnæmi. Með því að nota salvann fækkar hnerrunum og ofnæmisviðbrögð minnka.

Hay Max er lyfjalaus frjókornatálmi fyrir þá sem þjást af frjókornaofnæmi. Hay Max er framleiddur úr vottuðum lífrænum hágæðaefnum: bývaxi, ilmkjarnaolíum, aloe vera og sólblómaolíu og er varan því vottuð fyrir grænmetisætur. Salvinn er laus við öll lyf sem þýðir að syfja er ekki ein aukaverkana öfugt við mörg ofnæmislyf. Það er því óhætt að aka bíl þó svo Hay Max sé notað. Salvinn er auk þess hentugur fyrir börn, ófrískar konur og konur með barn á brjósti. Salvinn er mjög einfaldur í notkun, hann er einfaldlega borinn vandlega á svæðið umhverfis hvora nös nokkrum sinnum á dag meðan á frjókornatímabilinu stendur. Einnig má setja salvann aðeins inn í nasir og í kringum augu. Þannig er hægt að koma í veg fyrir að einkenni ofnæmisins komi fram, svo sem hnerri og kláði í augum, hálsi og eyrum. Hay Max hefur fengið fjölda viðurkenninga í Bretlandi, meðal annars frá bresku astma- og ofnæmissamtökunum.




### Frábær lausn

Jón Páll Pálmason er mikið úti við á sumrin í starfi sínu sem þjálfari meistaraflokks í knattspyrnu. „Ég hef verið mjög slæmur á þessu tímabili, alltaf svo pirraður í augunum þegar frjókornin eru sem mest í loftinu. Ég ákvað að prófa Hay Max því það sakaði ekki að prófa og smurði því í kringum augun og við nasirnar. Það var eins og við manninn mælt, ég fann mikinn mun á mér og er núna alltaf með dósina á mér þegar ég er úti,“ segir Jón Páll sem mælir hiklaust með Hay Max gegn frjókornaofnæmi.


Jón Páll Pálmason þjálfar knattspyrnu og er alltaf með Hay Max salvann í vasanum á sumrin.

### Hay Max fyrir börn

Sonja Dögg Ólafsdóttir var í vandræðum með annan tvíburason sinn sem var síhnerrandi. „Þegar við fórum í frí var hann alltaf hnerrandi þannig að ég ákvað að athuga hvort eitthvað væri til handa litlum krílum við ofnæmi. Ég valdi Hay Max með aloe vera og er alltaf með salvann í töskunni.“

## Hay Max

- Lausn við frjókornaofnæmi.
- Einfaldur í notkun, salvinn er borinn á svæði umhverfis hvora nös og augu ef vill.
- Inniheldur lífræn hágæðaefni.
- Vottaður fyrir grænmetisætur.
- Lyfjalaus.
- Hentar öllum.
- Kemur í veg fyrir hnerra og kláða í augum, hálsi og eyrum.
- Hay Max Pure inniheldur engin viðbætt ilmefni eða ilmkjarnaolíur fyrir þá sem hafa viðkvæma húð og kjósa náttúrulegan ilm af bývaxi.
- Hay Max Aloe Vera sameinar frjókornatálmandi áhrif Hay Max og mýkjandi og græðandi áhrif aloe vera plöntunnar.

# Vandamálið horfið eftir mánuð

## Ginger, Turmeric & Bromelain frá Natures Aid er mögnuð blanda sem byggð er á árþúsunda gömlum austurlenskum lækningahefðum. Hún getur reynst vel við bólgum ýmiss konar og er afar góð fyrir meltinguna.

Engiferrót hefur í árþúsundir verið notuð í lækningaskyni í Kína við margs konar kvillum. Túrmerikrótin er náskyld engiferi og er notuð í bæði kínverskum og indverskum náttúrulækningum. Bromelain er ensím úr ananasplöntunni sem hefur bæði góð áhrif á meltingu og bólgur og vísbendingar eru um víðtækari heilsufarsleg áhrif, til góðs.

### Fann mun eftir viku

Þrymur Sveinsson hafði þetta að segja: „Fyrst þegar Ginger, Turmeric & Bromelain fékk umfjöllun í Fréttablaðinu fannst mér samsetningin í bætiefninu vera áhugaverð. Ég las mér betur til á netinu og þar sem þær greinar sem ég fann um efnin gáfu sömu niðurstöðu ákvað ég að kaupa glas til reynslu. Ástæðan er sú að allt frá unga aldri hafði ég átt við vandamál í öndurnarfærum að stríða sem lýsti sér m.a í stífluðu nefi. Engin lausn fannst þrátt fyrir heimsóknir til lækna og sérfræðinga sem skoðuðu mig vandlega, þeir fundu enga ástæðu. Vandamálið versnaði stöðugt og ég var farinn að nota nefúða allt að fjórum sinnum á dag þegar ég var sem verstur. Eftir að hafa notað Ginger, Turmeric & Bromelain í rúma viku fann ég greinilegan mun á mér og eftir mánuð var vandamálið horfið, ég gat dregið andann áreynslulaust, án hjálparefna í fyrsta skipti síðan á unglingsaldri. Ég hef notað Ginger, Turmeric & Bromelain að staðaldri síðan en gæði þessa náttúrulyfs eru ótvíræð.



„Eftir að hafa notað Ginger, Turmeric & Bromelain í rúma viku fann ég greinilegan mun á mér og eftir mánuð var vandamálið horfið,“ segir Þrymur Sveinsson.

### Gott gegn bólgum og eykur blóðflæði

Erfitt er í stuttu máli að telja upp kosti þessara efna en þau hafa lengi verði notuð innan óhefðbundinna lækninga og eru þau mikið notuð í hinum indversku Ayurveda-fræðum við verkjum og bólgum vegna meiðsla, sliti, tognun og fleiru. Kúrkúmín sem er virka efnið í túrmerik hefur einstök andoxunaráhrif, verndar liðina, minnkar magn histamíns og eykur náttúrulega framleiðslu kortisóns sem hefur bólgueyðandi áhrif. Engifer er blóðþynnandi og eykur blóðflæði ásamt því að geta dregið úr bólgum, verið vatnslosandi, jafnað blóðsykur og minnkað ógleði. Einnig hefur það jákvæð áhrif á ónæmiskerfið. Þriðja efnið í blöndunni er ensímið bromelain sem er m.a. græðandi og hefur góð áhrif á meltinguna.

> Vísbendingar eru um að bromelain hafi góð áhrif á frjókornaofnæmi, vandamál í ennis- og kinnholum, magabólgur eða magasár og niðurgang.






Gæðahráefni sem hefur víðtækan lækningamátt.

### Hvað er bromelain?

Bromelain er ensím úr ananasplöntunni en þetta ensím brýtur niður prótein og getur því nýst fólki með meltingarvandamál, rétt eins og meltingarensím. Einnig er bromelain notað til að draga úr bólgum en það hefur hjálpað fólki með liðverki og liðagigt. Vísbendingar eru um að það hafi góð áhrif á frjókornaofnæmi, vandamál í ennis- og kinnholum, magabólgur eða magasár og niðurgang en það þarfnast þó fleiri rannsókna. Ef nota á efnið til að auðvelda meltingu er best að taka það með mat en annars á öðrum tíma.

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.





SUMARÚTSALA
20 - 50% AFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVÖRUM
-30%
Olaf skenkur kr. 228.700
NÚ KR. 160.000
20 - 30% AFSLÁTTUR AF PÚÐUM
-30%
Olaf TV sknekur kr. 145.800
NÚ KR. 102.000
Hype stóll kr. 39.900
NÚ KR. 23.940
-40%
10% AFSLÁTTUR
AF NÝJUM VÖRUM
OG SÉRPÖNTUNUM
Gold karfa kr. 18.600
NÚ KR. 9.300
-50%
80 cm eikarborð kr.39.800
NÚ KR. 27.860
-30%
-20%
Bowery stóll kr. 95.900
NÚ KR. 76.720
-20%
Birgit
Stækkanlegt gegnheilt
eikarborð 105x180 cm
2 x 50 cm stækkun kr. 269.900
NÚ KR. 215.920
LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS f / linanehf / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16

# Berst við írska strauma

## Guðni Páll Viktorsson er rúmlega hálfnaður í kajakróðri sínum í kringum Írland. Ferðin hefur tekið lengri tíma en áætlað var vegna vályndra veðra og óhentugra strauma en hann vonast til að klára á næstu þremur vikum.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Guðni Páll og þrír félagar hans, Breti og tveir Írar, lögðu af stað 5. júní frá Kinsale, skammt frá Cork. Nú fjórum vikum síðar eru þeir komnir til Portnablagh en hafa setið þar fastir í tvo daga vegna veðurs. Raunar hefur kvarnast úr hópnum þar sem einn félaga hans þurfti að hætta vegna meiðsla.

Guðni Páll hefur lengi stundað kajakróður og reri einn í kringum Ísland fyrir fjórum árum. Hann segir þó mun erfiðara að róa í kringum Írland. „Ferðin hefur gengið mun hægar en við áætluðum. Aðallega vegna veðurs en svo eru straumarnir hér allt öðruvísi en á Íslandi. Hérna getum við nánast eingöngu róið með réttu falli (með strauminn með okkur) og því höfum við stundum bara 6 til 7 tíma á dag til að róa. Heima getur maður róið í 10 til 12 tíma án vandræða,“ útskýrir Guðni Páll.

> **Hérna getum við nánast eingöngu róið með réttu falli og því höfum við stundum bara 6 til 7 tíma á dag til að róa.**
>
> Guðni Páll Viktorsson

Nú eru þeir félagar að nálgast vesturströnd Írlands og þá vonast þeir eftir sunnanvindi í bakið.

Guðni Páll segir Írland afar fallegt land og heillandi fyrir kajakfólk. Veðrið hefur á tímum leikið við þá félaga og ferðin í heild verið mjög ánægjuleg þrátt fyrir ýmsa erfiðleika og erfitt sjólag á köflum. „Fyrir nokkrum dögum fengum við höfrungasýningu í þrjú korter á meðan við vorum að róa og það var frábær upplifun. Svo er landslagið hérna algjörlega magnað.“

Hann segir Íra afar gestrisna. „Það er sama hvert við komum, maður upplifir sig velkominn og allir eru tilbúnir að gera allt fyrir okkur.“

Kajakróður er án efa afar krefjandi líkamlega en hvernig er andlega hliðin? „Þetta hefur vissulega tekið mikið á líkamlega og maður er farinn að finna fyrir þreytu og stirðleika alls staðar. En það er ekkert miðað við andlega hlutann. Ég hef oft þurft að berjast við sjálfan mig bara til að halda haus. Ég vissi fyrir þessa ferð að þetta yrði mjög erfitt, en að vera burtu frá fimm mánaða dóttur minni er það erfiðasta sem ég hef gert hingað til,“ segir Guðni Páll en tekur fram að hann eigi gott fólk heima fyrir sem geri honum lífið léttara með hjálp tækninnar.

Þeir félagar vonast til að geta lagt aftur af stað fljótlega og búast við að klára hringinn á tveimur til þremur vikum ef allt gengur upp.

Guðni Páll nýtir átakið til vekja athygli á starfi Umhyggju, félagi langveikra barna. Þeir sem vilja styrkja sjóðinn með framlögum geta lagt inn á eftirfarandi reikning:
Reikningur: 0101-15-371646
Kennitala: 691086-1199



Fyrir utan eina írsku höfnina tók Guðni Páll eftir fljótandi hvítum strigaskóm. Hann veiddi þá upp úr og ákvað að taka þá með sér í land. Þar hitti hann á stúlku sem var miður sín að leita að skóm sem hún hafði gleymt í fjörunni kvöldið áður. Sú var alsæl að hitta á Guðna Pál og endurheimta skóna sína.



Höfrungar léku listir sínar fyrir þá félaga í nærri klukkutíma.



Ferðafélagar kajakræðaranna á hafi úti eru af ýmsum toga.



Dýralífið er fjölbreytt við strendur Írlands. Hér fylgjast nokkrir forvitnir selir með ræðurunum fara hjá en virðast lítið kippa sér upp við truflunina.



Landslagið á Írlandi er ægifagurt enda þykir kajakfólki afar spennandi að róa við Írlandsstrendur. Veður geta þó verið válynd og straumarnir erfiðir.



Carrick-a-Rede kaðalbrúin á Norður-Írlandi er mjög vinsæll ferðamannastaður. Brúin tengir meginlandið við hina örsmáu eyju Carrickarede. Brúin er 20 metrar og er í 30 metra hæð.

Veglegt hlaðborð með fjölbreyttum og bragðgóðum réttum

Tilvalið fyrir fjölskyldur!




Krakkar að 5 ára aldri borða frítt
5 -12 ára börn 1.200kr.

HLAÐBORÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11:00 - 14:00
Verð kr. 2.100





Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00



Kinahofid

Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | kinahofid@kinahofid.is | Sími 554 5022

Við erum á facebook

www.kinahofid.is




## HVETJANDI LEIÐTOGI Í FRAMLÍNU

Við leitum að áreiðanlegum og jákvæðum einstaklingi með brennandi áhuga á mannlegum samskiptum, mismunandi menningarheimum og metnað til að vaxa í starfi.

Hlutverk leiðtoga er að stýra og hvetja framlínuteymið til góðra verka, vera til staðar fyrir bæði gesti og starfsmenn, tryggja fagmennsku og ásýnd vaktarinnar.

Hæfniskröfur:

- Leiðtogahæfni
- Rík þjónustulund
- Ábyrgð og áreiðanleiki
- Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 22 ára aldri

## ÖFLUGIR LIÐSMENN Í MÓTTÖKU

Við leitum að jákvæðum og öflugum liðsmönnum með brennandi áhuga á mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund.

Þetta eru skemmtileg störf í lifandi umhverfi þar sem markmiðið er að hámarka ánægju gesta með framúrskarandi upplýsingagjöf, ráðgjöf og þjónustu.

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Frumkvæði og fagleg vinnubrögð
- Áreiðanleiki og stundvísi
- Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 20 ára aldri

Einstakt umhverfi | Góður starfsandi | Þjálfun og fræðsla | Góður matur fyrir alla | Akstur til og frá vinnu | 2-2-3 vaktir

BLUE LAGOON
ICELAND


Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

# Viðskiptastjóri óskast!

**Ratio hf. óskar eftir að ráða viðskiptastjóra sem mun hafa umsjón með öflun, viðhaldi viðskiptatengsla og kemur að stefnumótun í samstarfi við aðra stjórnendur. Óskað er eftir einstaklingi sem býr yfir góðu tengslaneti og reynslu sem kemur að notum.**

**Leitað er eftir einstaklingi sem hefur:**

- **Menntun sem nýtist í starfi**
- **Reynslu í sölu á markaði með vélar og tæki**
- **Þjónustulund og góða samskiptahæfni**
- **Drifkraft og sjálfstæði í störfum**

**Í boði er fjölbreytt starf og góð vinnuaðstaða hjá ungu en kraftmiklu fyrirtæki og tækifæri til að móta starfsemina til framtíðar. Umsóknum skal skilað á netfangið ratio@ratio.is. Fullum trúnaði er heitið. Öllum umsóknum verður svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu. Umsóknarfrestur er til 9. júlí nk.**
**Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefán Gestsson í síma 511 6600.**

Ratio hf. sinnir leigu, sölu og þjónustu atvinnubíla og tækja til fyrirtækja. Fyrirtækið var stofnað árið 2013 og hefur verið í örum vexti og þróun. Það er í eigu sjóðs í stýringu hjá GAMMA Capital Management.

RATIO



ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

# REKSTRARSTJÓRI BOB

## Brewing & Bottling

Við leitum að árangursdrifnum, framsæknum og metnaðarfullum leiðtoga til að stýra framleiðslu gerjaðra drykkja hjá Ölgerðinni, tryggja gæði og skilvirkni í framleiðslu og stýra öflugri liðsheild í einni af framleiðsludeildum fyrirtækisins.

Meðal gerjaðra drykkja Ölgerðarinnar er bjór frá Borg Brugghús, Egils Gull, Boli, Egils Malt, Carlsberg og Tuborg.

Rekstrarstjóri BOB hefur yfirumsjón með rekstri og framleiðslu bjórs, þ.e. hráefni, suðu, gerjun, meðhöndlun, síun og átöppun, ásamt aðkomu að þróun og hugmyndavinnu. Rekstrarstjóri BOB heyrir undir framkvæmdastjóra Tæknisviðs Ölgerðarinnar.

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:**

- Þróun og bestun framleiðsluferla og vinnsluaðferða til að hámarka framleiðni og gæði á hverjum tíma.
- Að sjá til þess að vara sé ávallt til í nægjanlegu magni til átöppunnar í samræmi við framleiðsluáætlun.
- Að tryggja að allir verkferlar vegna framleiðslu séu uppfærðir í samræmi við uppskriftir og staðla.
- Ábyrgð á starfsmannamálum deildarinnar og daglegri stjórnun.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Framúrskarandi leiðtogahæfileikar og stjórnunarreynsla
- Menntun sem nýtist í starfi, menntun í efna-, verk- eða tæknifræði er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og greiningu gagna.
- Þekking, áhugi og reynsla af bjórframleiðslu er mikill kostur

International Brewers' Competition – Beer Star – The Beer Tasting Award · World Beer Cup Gold Award 2012 · Global Association of Craft Beer Brewers · RateBeer Best · World Beer Cup · WBA World Beer Awards

Nánari upplýsingar um starfið veitir Heiðdís Björnsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum **heiddis.bjornsdottir@olgerdin.is.**

Sótt er um á heimasíðu Ölgerðarinnar **umsokn.olgerdin.is til og með 10. júlí nk.** Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

**ÖLGERÐIN** er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. **ÖLGERÐIN** framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

olgerdin.is

# Aðstoð á tannlæknastofu

**Aðstoð óskast á sérhæfða tannlæknastofu á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða 60% starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. ágúst. Umsóknir sendist á box@frett.is merkt „tannlæknastofa"**

# VIKING LIFE SAVING EQUIPMENT Á ÍSLANDI

**Óskar eftir að ráða starfsmann á skoðunarsvið fyrirtækisins.**

Við óskum eftir nákvæmum, skipulögðum, heilsuhraustum og jákvæðum einstaklingum til starfa hjá traustu fyrirtæki. Áhugi á björgunarmálum til sjós ásamt ensku- og tölvukunnáttu er kostur.

Nákvæm vinnubrögð og handlægni er skilyrði fyrir störfunum, **Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á vhj@viking-life.com eigi síðar en 6.júlí 2017.**

# Hársnyrtir óskast

Klipphúsið hársnyrtistofa auglýsir eftir starfsmanni.
Launþegi eða í stólaleigu.
Mikil viðskipti fylgja stólaleigu.
Góður vinnutími og lokað um helgar.

'Ahugasamir hafi samband,
klippingar@gmail.com

# *Starfskraftur óskast*

Luxaflex

*Uppsetning*

*Óskum eftir að ráða til starfa laghentan og traustan einstakling. Um er að ræða uppsetningu gluggatjalda.*

*Vinsamlegast sendið umsóknir til ok@non.is eða síma 897 3047*

**Nútíma**
*Suðurlandsbraut 6*
*www.nutima.is*



# LÖGMAÐUR

Rafiðnaðarsamband Íslands leitar að öflugum lögmanni til afleysinga í eitt ár, í 50% starfshlutfall.

**Starfssvið og helstu verkefni:**

- *Túlkun og gerð kjarasamninga.*
- *Almenn ráðgjöf á sviði vinnuréttar.*
- *Ýmis lögfræðileg ráðgjöf við félagsmenn.*
- *Hagsmunagæsla og málarekstur fyrir dómstólum.*

**Hæfniskröfur**:

- *Embættis-/Meistarapróf í lögfræði.*
- *Málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.*
- *Áhugi og þekking á kjaramálum launafólks og málefnum verkalýðsfélaga.*

**Umsóknir skulu berast rafrænt á netfangið sigrun@rafis.is**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigrún í síma 580-5226/694-4959 eða í tölvupósti á sigrun@rafis.is

**Umsóknarfrestur er til og með 14.júlí nk.**

**RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS**
Stórhöfða 31 • 110 R. • sími 580-5200 • veffang: www.rafis.is

aalborgportland
CEMENTIR HOLDING

# Framkvæmdastjóri Aalborg Portland Íslandi

*Aalborg Portland-Cement-Fabrik var stofnað í Álaborg á Jótlandi 1889.*

*Aalborg Portland Íslandi ehf. (APÍ) er í eigu Aalborg Portland AS í Danmörku en það er stærsti útflytjandi í heimi á hvítu sementi og selur sement til yfir 70 landa.*

*APÍ hefur starfað samfellt hér á landi frá árinu 2000 við markaðssetningu og dreifingu á hágæðasementi.*

*Skrifstofa fyrirtækisins er í Kópavogi, en félagið rekur tvö sex þúsund tonna síló fyrir laust sement í Helguvík. Skammt þaðan frá er dreift pökkuðu sementi frá vöruskemmu. Bílafloti, sérútbúinn til flutnings á lausu sementi, annast flutninga til viðskiptavina um allt land.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimasíðunni* ***www. aalborgportland.is***

Aalborg Portland Íslandi ehf. óskar eftir að ráða öflugan einstakling í starf framkvæmdastjóra til að leiða starfsemi þess á Íslandi. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra Aalborg Portland AS í Danmörku.

### Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Leiðir og ber ábyrgð á daglegum rekstri fyrirtækisins, starfsstöðvum og starfsemi á Íslandi
- Aflar og viðheldur viðskiptasamböndum
- Skipuleggur sölu og þjónustu
- Samningagerð
- Skipuleggur markaðs- og kynningarstarf
- Mótar stefnu og og setur fyrirtækinu markmið
- Útbýr rekstrar- og innkaupaáætlanir
- Hefur umsjón með og þróar vöruval
- Ábyrgð á fjárhagslegri afkomu
- Samskipti við móðurfélag í Danmörku

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. viðskipta- eða hagfræði, verkfræði eða tæknifræði
- Árangursrík starfsreynsla af sölu- og samningagerð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku er mikilvæg
- Kunnátta í norrænu máli er kostur

*Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 9. júlí 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg* ***starfsferilsskrá og kynningarbréf á ensku****, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# Ert þú með lyftarapróf?

# Are you a qualified forklift operator?

Við leitum að vönum lagerstarfsmanni í 100% starf í dreifingarmiðstöð ÁTVR.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Móttaka og tiltekt vöru
- Almenn lagerstörf og tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur

- Lyftarapróf mikill kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Vandvirkni og samviskusemi
- Stundvísi og dugnaður

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Sakavottorðs er krafist.
**Umsóknarfrestur er til og með 17. júlí nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veita:** Eggert Ó. Bogason, eggert@vinbudin.is, 560 7791 og Emma Á. Árnadóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

We're looking for an experienced person for a full-time job in our Center of distribution.

### Main tasks and responsibilities

- Receiving and processing stock products
- General warehouse duties as needed

### Skills and attributes

- A forklift operator certification is an advantage
- Prior experience
- Precision and conscientiousness
- Punctuality and efficiency

The core values of ÁTVR are FLEXIBILITY – KNOWLEDGE – RESPONSIBILITY.
Recruitment for positions at the company takes account of these values.

Applicants must have reached the age of 20 and have a clean criminal record.
**Application deadline is the 17th of July, 2017.**
Applications are to be completed online at **vinbudin.is**

**Further information:** Eggert Ó. Bogason, eggert@vinbudin.is, 560 7791 and Emma Á. Árnadóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

ÁTVR operates 50 stores throughout the country with offices and a Center of distribution at Stuðlaháls 2. The company strives to be one of the leading service providers in the country and a role model in social responsibility. ÁTVR wants to provide a safe, dynamic and fun workplace where communication is conducted with flexibility, knowledge and responsibility.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2016

VÍNBÚÐIN



# ÁHUGAVERÐ STÖRF Í BOÐI

Birgisson ehf. sérverslun með parket, harðparket, flísar, loftaefni og hurðir óskar eftir að ráða fólk til framtíðarstarfa. Birgisson ehf. býður samkeppnishæf laun og möguleika á þróun í starfi fyrir rétta aðila. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störfin.

Um eftirfarandi störf er að ræða:

## HURÐA- OG TILBOÐSDEILD

Ármúla 8

**Helstu verkefni:**

- *Umsjón með sölu hurða í verslun*
- *Samskipti við birgja og aðstoð við gerð innkaupapantana*
- *Tilboðsgerð*
- *Sérverkefni og samskipti við verktaka og arkitekta*

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- *Þekking á byggingageiranum*
- *Menntun á háskólastigi mikill kostur*
- *Þekking og reynsla af bókhaldskerfi NAV*
- *Excel og almenn tölvukunnátta*
- *Tala og skrifa á ensku*

## SMÍÐAVERKSTÆÐI

Skútuvogi

**Helstu verkefni:**

- *Afgreiðsla og utanumhald hurðapantana*
- *Dagleg samskipti við deildarstjóra verslunar*
- *Breytingar á hurðum og körmum*
- *Skipulagning á hurðalager*

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- *Sveinspróf í smíðum*
- *Tölvukunnátta æskileg*
- *Þekking á byggingavörum*
- *Skipulagshæfni og drifkraftur*

## LAGER

Skútuvogi

**Hæfniskröfur:**

- *Iðnmenntun eða sambærileg menntun*
- *Tölvukunnátta æskileg*
- *Þarf að hafa þekkingu á byggingavörum, gott verkvit og skipulagshæfileika*
- *Vera traustur, stundvís, duglegur, reglusamur og snyrtilegur*

**Vinsamlega sendið umsókn ásamt ferilskrá á:** *toti@birgisson.is*
*Merkið hvaða starf er sótt um.*

**Birgisson**

Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

# Laus eru til umsóknar starf fagstjóra fræðslumála og starf sérfræðings á mannauðssviði Tollstjóra.

TOLLSTJÓRI



**Stefna Tollstjóra er að vera framsækin ríkisstofnun sem er þekkt fyrir að standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs, veita góða og skilvirka þjónustu og hlúa að mannauði sínum. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsueflingu og góðan aðbúnað. Faglegir starfshættir og stöðugar umbætur eru lykilþættir í sókn Tollstjóra að framúrskarandi árangri.**

**Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og viðeigandi stéttarfélags. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.**

**Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.**

**Gildi Tollstjóra eru: Traust, Samvinna og Framsækni**

## Fagstjóri fræðslumála

**Starfssvið:**

- Stefnumótun, umsjón og framkvæmd símenntunar allra starfsmanna Tollstjóra.
- Fagleg ábyrgð á fræðslumálum Tollstjóra.
- Umsjón og rekstur Tollskóla ríkisins.
- Gæðamál og gæðaferlar.
- Umsjón og framkvæmd þarfagreininga og áætlanagerða fyrir fræðslustarf embættisins.
- Uppsetning námsskrár, samvinna við leiðbeinendur og fræðsluaðila.
- Þátttaka í öðrum verkefnum á sviði mannauðsstjórnunar í samvinnu við forstöðumann mannauðssviðs.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Meistaragráða t.d. í mannauðsstjórnun eða vinnusálfræði eða sambærilegu.
- Haldbær reynsla af stjórnun fræðslumála eða mannauðsstjórnunar.
- Reynsla af fjarkennslu er kostur.
- Gott vald á íslensku.
- Framúrskarandi sveigjanleiki og þjónustulund.
- Góð ensku kunnátta og færni í Norðurlandamáli.
- Sjálfstæði, frumkvæði og hæfni til að vinna í hópi.
- Afburða hæfni í mannlegum samskiptum og samvinnugleði.

## Sérfræðingur í mannauðsmálum

**Starfssvið:**

- Framkvæmd hæfnigreininga starfa og fræðsluþarfagreininga.
- Umsjón og utanumhald þjálfunar og nýliðaþjálfunar.
- Ráðgjöf og fræðsla til stjórnenda og starfsmanna varðandi starfsmanna- og fræðslumál.
- Umsjón og utanumhald starfsmannasamtala.
- Umsjón með starfslýsingum.
- Þátttaka og stjórnun vinnuhópa í þróunar- og átaksverkefnum.
- Söfnun og viðhald tölfræðilegra upplýsinga.
- Stuðningur við stjórnendur vegna mannauðsmála.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Meistaragráða í t.d. mannauðsstjórnun eða vinnusálfræði eða sambærilegu er kostur.
- Reynsla af mannauðsmálum sér í lagi fræðslu og starfsþróun.
- Góð þekking á fræðslumálum og þarfagreiningu þjálfunar.
- Góð færni og reynsla í notkun Word og Excel.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Sjálfstæði, frumkvæði og hæfni til að vinna í hópi.
- Afburða hæfni í mannlegum samskiptum og samvinnugleði.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Unnur Ýr Kristjánsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs, í síma 892-0062.

**Sótt er um störfin rafrænt á www.tollur.is/laus-storf. Umsóknarfrestur er til og með 17. júlí n.k.**



# Skrifstofustjórar í dómsmálaráðuneytinu

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laus til umsóknar tvö embætti skrifstofustjóra.

Skrifstofustjóri stýrir og ber ábyrgð á málaflokkum sem undir skrifstofu hans heyra.

Starfið felst í stjórnun og rekstri skrifstofunnar, skipulagningu, áætlanagerð, stefnumótun, markmiðssetningu, samhæfingu verkefna við stefnu ráðuneytisins og mat og ábyrgð á árangri.

Hæfnisnefnd skipuð þremur einstaklingum mun meta hæfni og hæfi umsækjenda og skila greinargerð til ráðherra, sem skipar í embættin.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Lögfræðimenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Framhaldsmenntun og/eða haldgóð starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Þekking á málaflokkum sem heyra undir ráðuneytið æskileg.
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu.
- Þekking og reynsla af stefnumótun og áætlanagerð æskileg.
- Farsæl stjórnunarreynsla.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg.
- Metnaður og vilji til að ná árangri.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Um laun og önnur starfskjör fer skv. ákvæðum laga nr. 130/2016. Skipað verður í embættin til fimm ára í senn. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Guðný Elísabet Ingadóttir, mannauðsstjóri í dómsmálaráðuneytinu, í síma 545 9000.

Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið starf@dmr.is eða skriflega til dómsmálaráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

**Umsóknarfrestur er til 3. júlí nk.**

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík Sími 545 9000

Garri sérhæfir sig í innflutningi og sölu á gæðamatvöru, matvælaumbúðum og hreinlætisvörum fyrir fyrirtæki.



# VIÐ LEITUM AÐ FAGFÓLKI

Lagerstarf

Sölufulltrúi í verslun

Við leitum að kraftmiklum, skapgóðum og jákvæðum einstaklingum með góða samskiptahæfileika í spennandi störf hjá framsækni fyrirtæki. Um er að ræða lagerstörf hjá heildverslun Garra og starf sölufulltrúa í hreinlætisverslun Besta á Grensásvegi 18.

**Upplýsingar veita:**
Sverrir Briem - sverrir@hagvangur.is
Geirlaug Jóhannsdóttir - geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí nk.

Garri

Garri ehf | Lynghálsi 2 | 110 Reykjavík
5 700 300 | garri@garri.is | www.garri.is



Mýrdalshreppur

# Laus staða við grunnskólann í Vík í Mýrdal:

## • Kennari á yngstastigi

Staða kennara á yngstastigi við Grunnskóla Mýrdalshrepps er laus til umsóknar frá og með næsta skólaári.

Leitað er að hæfileikaríkum og metnaðarfullum kennara í þessa stöðu.

Æskilegt er að kennarinn hafi gott vald á lestrar- og skriftarkennslu.

Laun skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Þorkell Ingimarsson skólastjóri í síma 865-2258.

Umsóknir skal senda til skólastjóra á netfangið skolastjori@vik.is eða Sunnubraut 5 870 Vík.

**Umsóknarfrestur er til 10. júlí n.k.**

## Vík í Mýrdal

**Fjölskylduvænt samfélag í fallegu umhverfi.**

Mýrdalshreppur er um 570 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem leik-, grunn-, og tónskóli, heilsugæsla, dvalar- og hjúkrunarheimili og frábær aðstaða til allrar almennrar íþróttaiðkunar.

Náttúrufegurð er rómuð í Vík og nágrenni og samgöngur greiðar allt árið. Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu og fjölbreyttir möguleikar á því sviði fyrir fólk með ferskar hugmyndir.

*Mýrdalshreppur - Austurvegi 17 - 870 - Vík - Sími 487 1210*

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða leikskólastjóra við leikskólann Borg

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Borg.**

Borg er sex deilda leikskóli sem rekinn er á tveimur starfsstöðum, við Maríubakka og Fálkabakka í Breiðholti. Leiðarljós í starfi leikskólans eru jákvæð samskipti og gleði. Unnið er eftir hugmyndafræði PBS um stuðning við jákvæða hegðun. Borg er Grænfánaskóli og áhersla er lögð á umhverfismennt, heilbrigði og hollt mataræði. Leikskólinn fékk hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs 2016 fyrir verkefnið Sumarskóli elstu barna í Bakkahverfi ásamt Bakkaborg og Breiðholtsskóla og er þátttakandi í verkefninu Læsi allra mál, sem er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla í Breiðholti.
**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að byggja upp öflugt og metnaðarfullt leikskólastarf í Borg.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Hafa yfirumsjón með daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. september 2017 eða eftir samkomulagi. Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí 2017.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

# Sérfræðingar í ráðningum





lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is

---

# Starfskraftur óskast

Luxaflex

*Verslunarstarf*
*Óskum eftir starfsmanni í sérverslun með gluggatjöld.*

*Vinsamlegast sendið umsóknir til ok@non.is eða síma 897 3047*

Nútíma
*Suðurlandsbraut 6*
*www.nutima.is*

---

JARÐBORANIR



# STÖRF VIÐ BORFRAMKVÆMDIR

Jarðboranir hf. leita að öflugu fólki til starfa við borframkvæmdir hér á landi. Um er að ræða krefjandi og spennandi störf við djúpboranir eftir jarðhita sem og aðrar borframkvæmdir.

Reynsla af störfum við borframkvæmdir er æskileg en þó ekki skilyrði. Meirapróf og vinnuvélaréttindi eru mikill kostur.

**Upplýsingar um störfin veitir Torfi Pálsson, starfsmannastjóri í síma 585-5290 eða torfip@jardboranir.is. Sækja skal um störfin á www.jardboranir.is fyrir 9. júlí næstkomandi.**

---

# LEITUM AÐ LANDSLAGSARKITEKT
## VILT ÞÚ SLÁST Í HÓPINN ?

**Landmótun** er teiknistofa landslagsarkitekta sem stofnuð var 1994.
Stofan veitir alhliða ráðgjöf á sviði skipulags og hönnunar og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð og umhverfisstefnu í anda sjálfbærrar þróunar.

**Landmótun** óskar eftir að ráða landslagsarkitekt til að sinna fjölbreyttum og áhugaverðum verkefnum á sviði hönnunar og skipulags.
Við leitum eftir einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og er áhugasamur um að vinna jafnt að stórum sem smáum verkefnum í skapandi vinnuumhverfi.

**Hæfniskröfur:**
- Meistaragráða í landslagsarkitektúr eða sambærileg menntun.
- Reynsla af hönnun og skipulagi er æskileg.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lipurð í samskiptum og vilji til að vinna í hópi.
- Þekking á teikniforritum.

Áhugasamir eru beðnir um að skila inn ferilskrá og kynningarbréfi á netfangið starfandi@landmotun.is í síðasta lagi föstudaginn 14. júlí næstkomandi.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 575 5300 eða á **starfandi@landmotun.is**

LANDMÓTUN



Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

# Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is

## Iðjuþjálfi

Laus er til umsóknar 50 % staða iðjuþjálfa við öldrunarþjónustu hjá Vestmannaeyjabæ. Starfið felur í sér þjónustu og ráðgjöf til aldraðra og starfsmanna í öldrunarþjónustu. Viðkomandi starfsmaður kemur til með að taka þátt í þverfaglegu samstarfi og teymisvinnu innan sviðsins. Meginhluti starfsins fer fram á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hraunbúðum. Spennandi verkefni eru framundan í öldrunarþjónustunni með opnun nýrrar deildar við Hraunbúðir og uppbyggingu á opinni öldrunarþjónustu hjá Vestmannaeyjabæ.

**Umsóknarfrestur er til 25.júlí en ráðið er í starfið frá 1.september næstkomandi.**

Laun samkvæmt kjarasamningi sambands íslenskra sveitarfélaga við Iðjuþjálfafélag Íslands

Gerð er krafa um íslenskt starfsleyfi sem iðjuþjálfi, góða samskiptahæfni, sveigjanleika og metnað í starfi, skipulögð vinnubrögð og jákvæðni.

Umsókn ásamt greinargerð um hæfi til starfsins óskast send á Sólrúnu Gunnarsdóttur deildarstjóra í öldrunarmálum solrun@vestmannaeyjar.is eða Jón Pétursson framkvæmdarstjóra Fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyjabæjar á jonp@vestmannaeyjar.is. Nánari upplýsingar fást hjá ofangreindum aðilum í síma 488 2602 eða 488 2000.



# UMHVERFIS- OG VEITUSTJÓRI

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða umhverfis- og veitustjóra til starfa. Umhverfis- og veitustjóri fer fyrir umhverfis- og auðlindamálum en undir þau falla meðal annars vatnsveita og fráveita, nýting náttúruauðlinda og fleira því tengt. Hjá veitum Hafnarfjarðarbæjar starfa 6 starfsmenn og er starfsemin staðsett að Norðurhellu 2.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Verkfræðimenntun og menntun eða reynsla á sviði umhverfismála
- Þekking á sviði umhverfis- og auðlindastjórnunar
- Stjórnunarreynsla og viðamikil reynsla af veiturekstri
- Reynsla eða þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Almenn tölvuþekking og þekking á gæðakerfum er nauðsynleg
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

**Umsóknarfrestur er til og með 10. ágúst nk.** Upplýsingar og umsóknarform á **hafnarfjordur.is**

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Haraldsson, sviðstjóri **siggih@hafnarfjordur.is**

*Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um starfið.*

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR



# ER FRAMTÍÐ ÞÍN **HJÁ OKKUR?**

**Marel leitar að öflugum einstaklingi í starf vefarkitekts (Web Framework Architect) sem mun vinna að hönnun næstu kynslóðar Innova framleiðsluhugbúnaðarins. Starfið felur í sér náið samstarf við þróunarteymi á Íslandi, Hollandi og í Danmörku.**

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, kerfisfræði eða verkfræði
- Reynsla í útfærslum verkefnalausna með AngularJS, React eða sambærilegu
- Þekking og reynsla á Scrum/Agile aðferðafræði er kostur
- Að minnsta kosti 5 ára reynsla af hugbúnaðargerð
- Skapandi hugsun og hæfni til að starfa í teymi
- Geta til að vinna í alþjóðlegu umhverfi

**Starfssvið:**

- Hönnun og forritun vefumhverfis Innova
- Hönnun útlits framenda og virkni í samvinnu við UX designer Innova
- Þjálfun þróunarteyma í notkun vefumhverfisins

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurjón Lýðsson, sigurjon.lydsson@marel.com eða í síma 563-8000.
**Umsóknarfrestur er til og með 16. júlí 2017. Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Marel, www.marel.is/störf.**

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með hátt í 4700 starfsmenn, þar af 550 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaiðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugar konur og karla sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Starfsumhverfið er fjölskylduvænt, vinnutíminn er sveigjanlegur, félagslífið gott, lögð er áhersla á heilsueflingu starfsfólks m.a. með góðu mötuneyti og framúrskarandi íþróttaaðstöðu.

marel

# VERTU Í FREMSTU RÖÐ Í FJARSKIPTUM

**Míla ehf. leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf deildarstjóra innkaupa og reksturs**

### Ábyrgðarsvið

- Innkaupastýring
- Umsjón með og stýring á lager
- Skjalavarsla
- Stýring á rekstrarsviði, s.s. móttöku, umsjón með bifreiðum, mötuneyti og þrifum
- Tollskjalagerð

### Hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi er æskilegt
- Reynsla af innkaupum er nauðsynleg
- Þekking á SAP er kostur, sérstaklega innkaupahluta kerfisins
- Reynsla af því að setja upp skýrslur og kynningar er nauðsynleg
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum

Í deildinni starfa auk deildarstjóra fimm starfsmenn.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.mila.is** undir **starfsumsókn**. Umsóknarfrestur er til og með **9. júlí nk.** Fyllsta trúnaðar verður gætt við meðferð og úrvinnslu umsókna.

Míla er heildsölufyrirtæki á fjarskiptamarkaði. Kjarnastarfsemi Mílu felst í að byggja upp og reka fjarskiptainnviði á landsvísu. Míla er lífæð samskipta.
Gildi Mílu eru: Áreiðanleiki, framsækni og traust.

Míla ehf.
Suðurlandsbraut 30
Sími 585 6000
www.mila.is

míla



## Staða sérfræðings í fjármálum og rekstri

Dómsmálaráðuneytið óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á skrifstofu stefnumótunar og fjárlaga. Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að taka þátt í mótun nýrra vinnubragða með hópi áhugasamra starfsmanna við uppbyggingu nýs ráðuneytis.

### Helstu verkefni:

- Rekstraráttektir og greiningar
- Eftirlit með framkvæmd fjárlaga
- Samstarf og samvinna við stofnanir ráðuneytisins
- Stefnumótun og eftirfylgni stefna
- Árangursmælingar og skýrslugerð
- Samþætting opinberra stefna

Krafist er háskólamenntunar á sviði viðskipta, hagfræði eða sambærilegrar menntunar ásamt framhaldsmenntunar eða sambærilegrar reynslu.

Frekari upplýsingar um menntunar- og hæfniskröfur má finna á vefsíðu ráðuneytisins www.dmr.is eða á www.starfatorg.is

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um auglýst starf. Nánari upplýsingar veitir Guðný E. Ingadóttir, mannauðsstjóri, í síma 545 9000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Umsóknarfrestur er til 3. júlí nk.
Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið starf@DMR.is merkt sérfræðingur.**

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

Dómsmálaráðuneytið Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík Sími 545 9000

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**ráðum ráðningarstofa**

**Ertu að leita að starfi?**

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIÐA

**Óskum eftir að ráða menn til starfa við jarðboranir. Nauðsynlegt er að umsækjendur séu með meirapróf og helst einnig vinnuvélaréttindi. Unnið er á 12 tíma vöktum 7 daga í senn og 7 dagar í vaktafríi.**

Upplýsingar um störfin veitir Kristinn Jakobsson í síma 832 0554 eða kristinn@raekto.is.
Umsóknir skal senda á starf@raekto.is fyrir 9. júlí næstkomandi.

augað
**Gleraugnaverslun**

## Afgreiðslustarf

Óskum eftir jákvæðum starfsmanni í 80 - 100% starfhlutfall í afgreiðslu.
Þarf að geta hafið störf fljótlega.

**Umsókn og ferilskrá sendist á augad@augad.is**

## Hveragerðisbær óskar eftir Forstöðumanni í frístundaskóla og félagsmiðstöð

HVERAGERÐISBÆR

**Óskað er eftir drífandi, hugmyndaríkum og ábyrgum einstaklingi í 100% stöðu til að leiða starf barna og unglinga í Hveragerði.**

**Í starfinu felst eftirfarandi:**

- Hafa yfirumsjón með frístundaskóla grunnskólans en þar er veitt þjónusta fyrir börn í 1.-4. bekk eftir að skóla lýkur á daginn. Hlutverk frístundaskólans er að skapa yngstu nemendum grunnskólans tryggan samverustað eftir að skóla lýkur þar sem tekið er þátt í skipulögðum tómstundum, frjálsum leik úti og inni og hvíld.
- Hafa yfirumsjón með starfsemi Félasmiðstöðvarinnar Skjálftaskjóls. Í félagsmiðstöðinni er boðið upp á félagsstarf fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára í frítíma þeirra. Lögð er áhersla á að ná til sem flestra og bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni. Félagsmiðstöðin hefur verið opin tvisvar í viku.
- Taka þátt í stefnumótun til framtíðar í málaflokknum og leiða uppbyggingu og skipulagningu starfsem innar í nýjum húsakynnum sem flutt verður í á haustmánuðum 2017.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf á sviði tómstunda- og félagsmálafræði, uppeldismenntun eða sambærileg menntun er æskileg.
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Reynsla af starfi með börnum og /eða unglingum er skilyrði
- Skipulögð, sjálfstæð og fagleg vinnubrögð ásamt framúrskarandi samskiptahæfni er skilyrði
- Almenn tölvukunnátta er skilyrði
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur Hveragerðisbæjar

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sævar Þór Helgason, skólastjóri Grunnskólans í Hveragerði í síma 660-3906, saevar@hveragerdi.is og Jóhanna Margrét Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi í síma 660-3911, jmh@hveragerdi.is

**Umsóknir sendist til Hveragerðisbæjar, Sunnumörk 2, 810 Hveragerði fyrir 18.júlí 2017.**



FROST

**Kælismiðjan Frost ehf. óskar eftir að ráða blikksmið, eða mann vanan blikksmíði, til starfa í einangrunardeild.**

Starfið fellst í smíði á klæðningu úr áli eða ryðfríju stáli og einangrun lagna, kúta og annarra íhluta í frystikerfum sem KF setur upp eða þjónustar, bæði í landi og um borð í skipum.

Starfsstöð er á Akureyri, en nær öll vinna nema smíði á klæðningu, fer fram víðsvegar um landið eða erlendis.

Áhugasamir vinsamlega hafið samband við þjónustustjóra á Akureyri, Braga H. Kristinsson.

netfang bragi@frost.is

# STÖRF Í BOÐI

## Múrarar, smiðir, vélvirkjar og almennir verkamenn

EININGAVERKSMIÐJAN

Við hjá Einingaverksmiðjunni óskum eftir umsóknum um framtíðarstörf hjá fyrirtækinu. Múrarar, smiðir, vélvirkjar og almennir verkamenn eru hvattir til að sækja um.

Umsóknir óskast sendar á svanur@ev.is
Nánari upplýsingar fást á skrifstofu í síma 414 8770

Jafnvel Íslendingarnir velja flestir tónlist frá framandi slóðum, Svanlaug Jóhannsdóttir er með argentínska tangóa og Björg Brjánsdóttir frumflytur hér á landi nýlegan flautukonsert eftir pólska tónskáldið Marcin Blazewicz ásamt Sinfóníuhljómsveit unga fólksins. Frá Egilsstöðum kemur svo kvennakórinn Vaseele Bebe og syngur kröftug lög af Balkanskaga sem einkennast af því að þar beitir fólk röddinni með öðrum hætti en við eigum að venjast, að sögn Móniku. Ekki má gleyma Kalmanskórnum með ljóð og lög úr safni Þórðar Kristleifssonar, Ragnheiði Gröndal og Guðmundi Péturssyni með íslenska og enska ástarsöngva, Svöfu Þórhallsdóttur sem syngur tónlist eftir Grieg eða Tinnu Árnadóttur sem flytur lög Inga T., Jóns Múla og fleiri Austfirðinga. Né heldur Í-tríói sem heldur bæði tónleika og harmóníkudansleik.

Þá eru ótalin námskeiðin sem eru samhliða tónlistardagskránni en upplýsingar eru á siglofestival.com. „Þetta er góður pakki,“ segir Mónika. „Notalegheit sem smitast út á götur Sigló. Það er svo gaman að rölta gegnum bæinn á næsta tónleikastað.“



**Hyvä Trio frá Finnlandi leikur frumsamda þjóðlagaskotna tónlist.**

Reykjavíkurborg

**Styrkir fyrir sérstaklega myndríka miðlun/útgáfu tengda sögu og menningu í Reykjavík**

Styrkirnir eru ætlaðir til niðurgreiðslu á kostnaði vegna kaupa á ljósmyndum til birtingar frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Styrkirnir eru vegna útgáfu bóka og annars efnis sem kemur út á árinu 2017 eða í ársbyrjun 2018.

Tilgangur styrkveitinganna er að hlúa að varðveislu menningararfleifðar Reykjavíkur og miðlunar hennar í fjölbreyttu formi. Þriggja manna dómnefnd skipuð tveimur starfsmönnum Borgarsögusafns Reykjavíkur og skrifstofustjóra menningarmála metur umsóknir.

Í umsókn komi fram nauðsynlegar upplýsingar um umsækjanda ásamt lýsingu á fyrirhugaðri útgáfu og verðáætlun Ljósmyndasafns Reykjavíkur vegna afgreiðslu ljósmynda í höfundarétti sem bera birtingagjald skv. gjaldskrá safnsins.

Umsókn merkt ***„Myndrík miðlun/útgáfa“*** berist á netfangið menning@reykjavik.is. Umsóknir berist í síðasta lagi í dagslok þriðjudaginn 15. ágúst.

## Gott að sýna í kirkju á eftir banka

Um snúning himintunglanna nefnist sýning sem myndlistarkonan Marta María Jónsdóttir opnar klukkan 12 á morgun í safnaðarheimili Neskirkju, strax að aflokinni messu. „Ég er ekki ýkja kirkjurækin en mér var boðið að sýna hér í safnaðarheimilinu og það er fallegt rými og áhugavert. Ég hugsaði ósjálfrátt um staðinn þegar ég vann verkin og fannst spennandi og forvitnilegt að sjá verkin mín þar,“ segir listakonan. Hún kveðst vera að fjalla um stórar, klassískar spurningar eins og tímann, eilífðina, ódauðleikann og tengsl vísinda og lista á sýningunni. „Ég var byrjuð á einföldum teikningum og verkum á pappír þar sem ég vann með hringi og þau þróuðust yfir í þessi málverk þegar ég fékk salinn. Fannst það passa. Þannig rúllaði þetta.“

**ÉG HUGSAÐI ÓSJÁLFRÁTT UM STAÐINN ÞEGAR ÉG VANN VERKIN OG FANNST SPENNANDI OG FORVITNILEGT AÐ SJÁ VERKIN MÍN ÞAR.**





**Eitt verkanna á sýningunni í Neskirkju.**

Marta María tekur líka þátt í stórri samsýningu í Listasafni Reykjanesbæjar nú sem nefnist Abstrakt á 21. öldinni þar sem ungir abstraktmálarar sýna. „Áður sýndi ég í Listasafni ASÍ og í janúar var ég með sýningu í Arion banka þannig að verkin mín eru sett upp í ýmsu samhengi. Mér finnst gott að sýna í kirkju á eftir banka.“ **– gun**

# LAY-Z-SPA DAGAR

## GILDIR TIL 03.07

**20%** afsláttur




Fæst ekki á Eiðistorgi né í Holtagörðum.

**103.999**
verð áður
**129.999**

# LAY-Z-SPA PARIS

## RAFMAGNS POTTUR MEÐ INNBYGGÐRI LED LÝSINGU MEÐ FJARSTÝRINGU

- 196x66cm uppblásinn (fyrir 4-6 fullorðna)
- 945 lítra (80%)
- 220-240volt, 2050W í 20°C
- Vatnsflæði 1,325 ltr/klst.
- Snögghitunarkerfi um 1,5-2°C/klst.
- Max hiti 40°C
- CE/EMC/GS vottaður
- DVD leiðbeiningar fylgja pottinum
- Rafrænt stjórnborð
- Orkusparandi Tímastillir
- I-Beam uppbygging veitir aukin styrk í hliðum
- Auðveldur í uppsetningu (engin verkfæri)
- Lay-Z nuddkerfi með 87 loftgötum
- Innbyggð LED lýsing 7 lita með þráðlausri fjarstýringu
- Innbyggð vatnshreinsisía fyrir VI síu
- Flothylki fyrir klór
- Lok fylgir pottinum og loftbólumotta til að hafa undir pottinum

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla







# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 1. JÚLÍ

### Tónlist

**Hvað?** Sönghátíð í Hafnarborg
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarborg
Sönghátíð í Hafnarborg verður haldin í fyrsta skipti dagana 1. til 9. júlí 2017. Hátíðin er helguð klassískri sönglist, ljóða-, óperu- og kórsöng. Markmið hátíðarinnar er að heiðra klassíska söngtónlist og auka almenna þekkingu á list raddarinnar með tónleikum og námskeiðahaldi.

**Hvað?** Með allt á hreinu – singalong sýning!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Bíó Paradís ætlar að bjóða upp á sýningu á Með allt á hreinu, endurnýjaða, hljóð- og myndbætta útgáfu með sérstökum fjöldasöngstextum sem birtast í söngløgum myndarinnar. Valdir meðlimir Stuðmanna verða viðstaddir og taka lagið með áhorfendum. Ekki missa af frábærri skemmtun!

**Hvað?** Kælan Mikla í Reykjavík
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gauknum
Kælan Mikla hefur verið á tónleikaferðalagi um Evrópu þetta vorið og mun spila í Reykjavík í fyrsta sinn í sjö mánuði í kvöld. Börn, Kuldaboli, Rex Pistols koma líka fram.

### Uppákomur

**Hvað?** Lopapeysan 2017
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Faxabraut, Akranesi
Lopapeysan verður haldin í 14. skipti á Írskum dögum í dag. Dagskráin hefst að venju með Brekkusöng Club 71 við Akranesvöll klukkan 22.00 og að honum loknum verður Lopapeysusvæðið við Akraneshöfn opnað. Dagskráin fer fram á tveimur sviðum, í sementsskemmu og risatjaldi. Á stóru útisvæði má finna veitingasölu, bari og skemmtilegt fólk.



Kristinn Sigmundsson, Dísella Lárusdóttir, Francisco Javier og Guðrún Jóhanna eru meðal þeirra sem koma fram á Sönghátíð í Hafnarborg sem hefst í dag og stendur yfir í níu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Hvað?** Skógarleikarnir 2017
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Heiðmörk
Skógræktarfélag Reykjavíkur efnir til Skógarleika í dag. Eins og fyrri ár verður ævintýraleg stemning í Furulundi þar sem gestir á öllum aldri njóta töfra skógarins.

**Hvað?** Vitamarkaður
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Vitatorgi
Á boðstólum á þessum Vitamarkaði verður fatnaður, vínylplötur og spilarar, bækur, heimilisgripir, kaffi og ótalmargt girnilegt dót. Bónusplötur sjá um tónlist.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Sunnudagur

hvar@frettabladid.is

## 2. JÚLÍ

### Uppákomur

**Hvað?** Barnadagurinn
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Viðey
Hinn árlegi Barnadagur verður haldinn í Viðey þar sem skemmtileg dagskrá ræður ríkjum. Ferjurnar fara frá Skarfabakka yfir sundið samkvæmt áætlun, eða eftir þörfum. Viðburðurinn er ókeypis en gjald í ferjuna fram og til baka er 1.500 kr. fyrir fullorðna, 1.350 kr. fyrir eldri borgara og 750 kr. fyrir börn 7 til 17 ára í fylgd fullorðinna. Börn 6 ára og yngri sigla frítt.

**Hvað?** Fornbíladagurinn
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Árbæjarsafni
Boðið verður upp á hina árlegu og vinsælu fornbílasýningu á Árbæjarsafni í dag, sunnudag. Fornbílaklúbbur Íslands sýnir ýmsa merka bíla í eigu félagsmanna á safnsvæðinu. Félagsmenn verða á staðnum og spjalla við gesti.

### Tónlist

**Hvað?** Sunnudjass með Dísu Jakobs
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bryggjunni Brugghúsi
Heimsklassasöngkonan Bryndís Jakobsdóttir fær til liðs við sig þá Magnús Trygvason Eliassen, Andra Ólafsson og Steingrím Karl Teague til að flytja prógramm á Sunnudjassi sem inniheldur lög frá yfir meðallagi mörgum heimsálfum.

**Hvað?** Tómas R. Einarsson með Sigríði Thorlacius og Gunnari Gunnarssyni
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Gljúfrasteini
Tómas R. Einarsson flytur lög úr sínu ríkulega lagasafni ásamt Sigríði Thorlacius og Gunnari Gunnarssyni á stofutónleikum á Gljúfrasteini. Á efniskránni eru lög Tómasar við ljóð Halldórs Laxness. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Vísnatríó – Picnic Concerts
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Pikknikk-tónleikar eru haldnir alla sunnudaga klukkan 15.00 í sumar. Aðgangur ókeypis. Vísnatríó kemur fram en tríóið var stofnað til heiðurs sænsku djassgoðsögninni Monicu Zetterlund. Sveitin, með söngkonuna Gro Bjørnnes í fararbroddi, spilar uppáhaldslög sín frá heilmiklu safni Monicu Zetterlund. Tónleikar með Vísnatríói eru eins konar ferðalag inn í hið flókna líf og feril Monicu Zetterlund, sem er endurspeglað í melankólíu sænska þjóðlagsins.

### Sýningar

**Hvað?** Um snúning himintungla
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Neskirkju
Málverkasýning Mörtu Maríu Jónsdóttur verður opnuð að lokinni messu í Safnaðarheimili Neskirkju. Sýningin ber heitið Um snúning himintunglanna. Marta María Jónsdóttir nam myndlist við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lauk meistaragráðu í myndlist frá Goldsmiths College í London árið 2000. Í verkum sínum kannar Marta mörkin á milli teikningar og málverks.






# DORMA

Láttu drauminn rætast

**Holtagörðum**
**Smáratorgi**
**Akureyri**
**Ísafirði**



# Sumar útsala

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

## PURE COMFORT

Fibersæng & fiberkoddi

Koddi – fullt verð: 3.900 kr.
**Afsláttarverð: 1.950 kr.**

Sæng – fullt verð: 9.900 kr.
**Afsláttarverð: 4.950 kr.**



ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR

**Sæng + koddi**

Aðeins **6.900 kr.**

## NATURE'S SUPREME

heilsurúm m/Cassic botni



Nature's Bedding

ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR af 160 x 200 og 180 x 200 cm

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Nature's SUPREME
160 x 200 cm

**Fullt verð: 134.900 kr.**

Aðeins **94.430 kr.**

Nature's SUPREME
180 x 200 cm

**Fullt verð: 149.900 kr.**

Aðeins **104.930 kr.**



Aukahlutur á mynd: Hnakkapúði

ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

## ZERO

hornsófi með tungu

Grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 288 x 205 x 88 cm.

**Fullt verð: 169.900 kr.**

Aðeins **135.920 kr.**



## NORDIC FORM

sængurföt

ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

Margar gerðir.

**Fullt verð 140x200 cm**
**frá: 6.900 kr.**

Frá aðeins **4.893 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

# DORMA

Láttu drauminn rætast

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

SUMARLEIÐIN

11 GB

FYRIR AÐEINS

2.590 KR.

Á mánuði

Fullt af gagnamagni fyrir aðeins minna.

SKRÁÐU ÞIG Á 365.IS

365




# DAGSKRÁ

## Laugardagur

### STÖÐ 2

**09.20** **Pingu**
**09.25** **Tommi og Jenni**
**09.50** **Loonatics Unleashed**
**10.10** **Ævintýri Tinna**
**10.30** **Beware the Batman**
**10.55** **Ninja-skjaldbökurnar**
**11.20** **Ellen**
**12.00** **Bold and the Beautiful**
**13.20** **Bold and the Beautiful**
**13.40** **Kevin Can Wait**
**14.00** **Friends**
**14.25** **Friends**
**14.55** **Grand Designs**
**15.45** **Property Brothers at Home**
**16.30** **Britain's Got Talent**
**17.40** **Britain's Got Talent**
**18.05** **Blokk 925** Nýir og skemmtilegir þættir í umsjón Sindra Sindrasonar. Í þáttunum er sýnt fram á hvaða leiðir ungt fólk getur farið til að eignast eigið heimili án þess að þurfa að borga fimm eða sex hundruð þúsund krónur á fermetrann. Um leið munu tvö teymi taka sitt hvora íbúðina í gegn frá a til ö á ódýran, spennandi og fallegan hátt.
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Sportpakkinn**
**19.05** **Lottó**
**19.10** **Top 20 Funniest**
**19.55** **Notting Hill** Rómantísk gamanmynd. William Thacker er bóksali í Notting Hill í Lundúnum en Anna Scott er bandarísk kvikmyndastjarna. Þau virðast eiga fátt sameiginlegt en þegar þau hittast fyrir tilviljun taka hlutirnir óvænta stefnu.
**21.55** **The Gift** Spennutryllir frá 2015 með Jason Bateman, Joel Edgerton og Rebeccu Hall. Myndin fjallar um hjónin Simon og Robyn sem í upphafi myndarinnar flytja inn í nýtt hús í nýju hverfi. Ekki líður á löngu uns Simon rekst á fyrrverandi skólafélaga sinn í nágrenninu, Gordo, sem í kjölfarið byrjar að heimsækja hjónin ótt og títt og færa þeim dýrar gjafir í tíma og ótíma. En Gordo býr yfir stórhættulegu leyndarmáli og þegar Simon fær nóg af honum og biður hann að hætta að heimsækja þau hjón og færa þeim þessar gjafir kallar hann yfir sig skelfilega martröð.
**23.40** **Sinister**
**01.15** **Sicario** Spennumynd frá 2015 sem tilnefnd var til þrennra Óskarsverðlauna með Emily Blunt, Benicio Del Toro og Josh Brolin í aðalhlutverki. Aðalpersóna Sicario, sem þýðir leigumorðingi í Mexíkó, er alríkislögreglukonan Kate Macer sem lítur á það sem köllun sína að berjast gegn glæpum og glæpamönnum og skortir ekki hugrekki til þess. Dag einn er hún send af yfirmönnum sínum til liðs við liðsfélaga sína við mexíkósku landamærin, en þeir eru að reyna að hafa uppi á stórtækum eiturlyfjakóngi sem gert hefur þeim lífið leitt að undanförnu.
**03.15** **Entourace**
**05.00** **Getting On**
**05.30** **Friends**

### STÖÐ 2 SPORT

**08.30** **Premier League World**
**09.00** **Breiðablik - Grindavík**
**10.45** **Pepsímörkin**
**12.10** **Fylkir - FH**
**13.50** **1 á 1**
**14.45** **Norðurálsmótið**
**17.10** **Pepsímörk kvenna**
**18.05** **ÍR - Leiknir R.**
**19.45** **1 á 1**
**20.40** **Ísland - Króatía**
**23.15** **UFC Fight Night London. Nelson vs Jouban**

### STÖÐ 3

**16.15** **One Born Every Minute**
**17.05** **Baby Daddy**
**17.25** **Raising Hope**
**17.50** **Community**
**18.15** **The New Girl**
**18.40** **Modern Family**
**19.05** **Ástríður**
**19.35** **The Amazing Race. All Stars**
**20.20** **Baby Daddy**
**20.45** **Fresh Off The Boat**
**21.10** **NCIS Los Angeles**
**21.55** **Mildred Pierce**
**23.00** **The Mentalist**
**23.45** **Bob's Burgers**
**00.05** **American Dad**
**00.30** **Ástríður**
**01.00** **The Amazing Race. All Stars**
**01.45** **Baby Daddy**
**02.05** **Fresh Off The Boat**
**02.25** **NCIS Los Angeles**
**03.05** **Tónlist**

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** **Áfram Diego, áfram!**
**07.24** **Svampur Sveinsson**
**07.49** **Lalli**
**07.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**08.00** **Lína langsokkur**
**08.25** **Hvellur keppnisbíll**
**08.37** **Ævintýraferðin**
**08.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00** **Víkingurinn Viggó**
**09.11** **Zigby**
**09.25** **Stóri og Litli**
**09.38** **Skógardýrið Húgó**
**10.00** **Dóra könnuður**
**10.24** **Mörgæsirnar**
**10.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00** **Áfram Diego, áfram!**
**11.24** **Svampur Sveinsson**
**11.49** **Lalli**
**11.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**12.00** **Lína langsokkur**
**12.25** **Hvellur keppnisbíll**
**12.37** **Ævintýraferðin**
**12.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00** **Víkingurinn Viggó**
**13.11** **Zigby**
**13.25** **Stóri og Litli**
**13.38** **Skógardýrið Húgó**
**14.00** **Dóra könnuður**
**14.24** **Mörgæsirnar**
**14.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00** **Áfram Diego, áfram!**
**15.24** **Svampur Sveinsson**
**15.49** **Lalli**
**15.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**16.00** **Lína langsokkur**
**16.25** **Hvellur keppnisbíll**
**16.37** **Ævintýraferðin**
**16.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00** **Víkingurinn Viggó**
**17.11** **Zigby**
**17.25** **Stóri og Litli**
**17.38** **Skógardýrið Húgó**
**18.00** **Dóra könnuður**
**18.24** **Mörgæsirnar**
**18.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00** **Anastasia**



**Mörgæsirnar kl. 10.24, 14.24 og 18.24**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** **Quicken Loans National**
**11.00** **KPMG Women's PGA Championship**
**14.00** **Quicken Loans National**
**17.00** **Quicken Loans National**
**22.00** **LPGA Tour**
**23.45** **KPMG Women's PGA Championship**

### BÍÓSTÖÐIN

**07.20** **As Good as It Gets**
**09.35** **The Duff**
**11.15** **Girl Asleep**
**12.35** **Frost/Nixon**
**14.35** **As Good as It Gets**
**16.55** **The Duff**
**18.35** **Girl Asleep**
**19.55** **Frost/Nixon** Verðlaunamynd sem segir frá sönnum atburðum árið 1977, en hinn ungi og metnaðarfulli sjónvarpsmaður David Frost fékk tækifæri lífs síns þegar sjálfur Richard Nixon, fyrrum forseti Bandaríkjanna samþykkti að veita Frost viðtal, þar sem hann myndi tala um umdeild ár sín í forsetaembætti. Í myndinni er skyggst bak við tjöldin og sýnt í fyrsta sinn hvað gerðist þegar ekki var kveikt á myndavélunum.
**22.00** **Hancock**
**23.35** **Central Intelligence** Skemmtileg spennumynd frá 2016 með Dwayne Johnson, Kevin Hart og Aron Paul. Gömlu skólafélagarnir Bob og Calvin hafa valið sér mismunandi hlutskipti í lífinu. Á meðan Calvin gerðist bókari (og dauðsér eftir því) gekk Bob til liðs við leyniþjónustu Bandaríkjanna og er fyrir löngu orðinn vanur að takast á við harðsvíruðustu glæpa- og hryðjuverkamenn sem svífast einskis. Í ljós kemur að Bob glímir nú við verkefni þar sem hann þarfnast sárlega einhvers sem skilur tölur almennilega. Calvin harðneitar í fyrstu allri aðstoð við hann, enda lífshættulegt, en því miður þá er það of seint.
**01.20** **6 Bullets**
**03.15** **Hancock**
**06.50** **Cheaper by the Dozen**

### RÚV

**07.00** **KrakkaRÚV**
**10.15** **Best í flestu**
**10.55** **Sjöundi áratugurinn – Víetnam-stríðið**
**11.35** **Áfram veginn - Undirskriftin – Undirskriftin**
**12.20** **Hr. Dýnamít: James Brown**
**14.15** **Ómar Ragnarsson - Við eigum land**
**15.20** **Thors saga**
**16.50** **Leiðindi eru hin nýja skemmtun**
**17.20** **Veröld Gínu**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Róbert bangsi**
**18.11** **Undraveröld Gúnda**
**18.30** **Saga af strák**
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.35** **Veður**
**19.40** **Fjölskyldan Bélier**
**21.25** **The Hundred-Foot Journey**
**23.25** **The Broken Circle Breakdown**
**01.20** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.20** **King of Queens**
**08.45** **King of Queens**
**09.10** **How I Met Your Mother**
**09.35** **How I Met Your Mother**
**10.00** **The Voice USA**
**11.30** **The Biggest Loser**
**12.30** **The Bachelor**
**14.00** **EM 2016. Portúgal - Ísland**
**15.50** **EM 2016 - Ísland - Ungverjaland**
**17.40** **EM 2016. Ísland - Austurríki**
**19.30** **Glee**
**20.15** **Four Weddings and a Funeral**
**22.15** **The Rum Diary**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


TÓNLEIKUR KYNNIR
HERBIE
HANCOCK
HLJÓMLEIKAR
ELDBORG 20. JÚLÍ
VINNIE COLAIUTA
JAMES GENUS
LIONEL LOUEKE
TERRACE MARTIN
MIÐASALA Á HARPA.IS - TIX.IS OG Í SÍMA 528 5050
HERBIEHANCOCK.COM
@HERBIEHANCOCK
@HERBIEHANCOCKOFFICIAL
a Marshall Arts Ltd. presentation IN ASSOCIATION WITH HANCOCK MUSIC MANAGEMENT AND RED LIGHT MANAGEMENT




Nýir og stórskemmtilegir þættir í umsjón Sindra Sindrasonar þar sem tvö teymi taka sitthvora íbúðina í gegn frá A til Ö á ódýran, spennandi og fallegan hátt.

**SPENNANDI**
**SUNNUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**BRITAIN'S GOT TALENT**

Frábær sería af einum vinsælasta skemmtiþætti heims í dag. Eins og fyrri daginn fer Simon Cowell fremstur í flokki ásamt úrvals dómurum og kynnum sem fara algerlega á kostum.



**GRANTCHESTER**

Þriðja sería þessara stórgóðu bresku spennuþátta sem fjalla um þá séra Sidney Chambers og lögreglumanninn Geordie Keating sem rannsaka flókin sakamál í bænum þeirra Grantchester á sjötta áratug síðustu aldar.





**GÁSMAMMAN**

Önnur sería þessara hörkuspennandi sænsku þátta um hörkukvendið Sonju sem er flutt aftur til Svíþjóðar í skjóli vitnaverndar. En svo ákveður dóttir hennar að stelast á tónleika í Stokkhólmi og þá er ekki aftur snúið!

**WIZARD OF LIES**

Stórmynd um fjármálamógúlinn Bernard Madoff sem var sakfelldur fyrir stórfellt fjármálamisferli. Aðalhlutverk leika Robert De Niro og Michelle Pfeiffer.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is




# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**09.40** Lína langsokkur
**10.05** Kalli kanína og félagar
**10.30** Lukku láki
**10.55** Ninja-skjaldbökurnar
**11.20** Ellen
**12.00** Nágrannar
**13.20** Nágrannar
**13.40** Friends
**14.05** Dulda Ísland
**14.55** Masterchef The Professionals Australia
**15.50** Í eldhúsi Evu
**16.40** **Svörum saman** Stórskemmtilegur nýr spurningaþáttur að Pub-Quiz fyrirmynd þar sem áhorfendur heima í stofu eru líka þátttakendur. Keppendur í sal spila innbyrðis í pörum og mun það lið sem er með flest rétt svör hverju sinni vera sigurvegarar kvöldsins með tilheyrandi verðlaunum. Áhorfendur heima geta fyllt inn svör á heimasíðu þáttarins á visir.is/svorumsaman og sent inn meðan þátturinn stendur yfir til þess að vinna verðlaun líka. Umsjónarmaður þáttarins er Jói G. og fær hann til sín þjóðþekkta gesti til að spjalla við í kringum spurningarnar sem eru af ýmsum toga.
**17.15** **Feðgar á ferð** Þriðja þáttaröð þessara frábæru þátta þar sem feðgarnir Magnús Hlynur og Fannar Freyr ferðast um landið sunnanvert og taka hús á skemmtilegu fólki sem á það sameiginlegt að hafa einstaklega jákvæða sýn á lífið.
**17.40** 60 Minutes
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** Britain's Got Talent
**20.15** Britain's Got Talent
**20.35** **Blokk 925** Nýir og skemmtilegir þættir í umsjón Sindra Sindrasonar. Í þáttunum er sýnt fram á hvaða leiðir ungt fólk getur farið til að eignast eigið heimili án þess að þurfa að borga fimm eða sex hundruð þúsund krónur á fermetrann. Um leið munu tvö teymi taka sitt hvora íbúðina í gegn frá a til ö á ódýran, spennandi og fallegan hátt.
**21.05** Grantchester
**21.55** **Gasmamman** Önnur þáttaröð þessara hörkuspennandi sænsku þátta um Sonju sem þangað til í síðustu þáttaröð lifði afar góðu og áhyggjulausu lífi með eiginmanni sínum og þremur börnum í úthverfi Stokkhólms. En þegar líf hennar tók skyndilega stakkaskiptum og öryggi hennar og barnanna var ógnað voru góð ráð dýr.
**22.45** 60 Minutes
**23.30** Vice
**00.00** The Sandhamn Murders
**00.45** Rapp í Reykjavík
**01.25** The Path
**02.15** Rizzoli & Isles
**03.00** Outlander
**03.55** Outlander
**04.55** Person of Interest
**05.35** Blokk 925

## STÖÐ 2 SPORT

**07.25** Pepsí deild karla
**09.10** Pepsí deild karla
**11.00** Síðustu 20
**11.25** Sumarmótin
**12.00** Premier League World
**12.30** NBA
**13.40** 1 á 1
**14.10** Borgunarbikar karla
**15.50** Pepsí deild kvenna
**17.55** 1 á 1
**18.25** Sumarmótin
**19.00** Borgunarbikar karla
**21.10** Pepsí deild kvenna
**22.50** Borgunarbikar karla

## STÖÐ 3

**16.20** Mayday
**17.05** Last Man Standing
**17.25** Two and a Half Men
**17.50** The Goldbergs
**18.15** Raising Hope
**18.40** The New Girl
**19.05** Ástríður
**19.35** Community
**20.00** Modern Family
**20.25** Bob's Burgers
**20.50** American Dad
**21.15** South Park
**21.40** The Mentalist
**22.25** Pretty Little Liars
**23.10** Ástríður
**23.40** Community
**00.00** Modern Family
**00.25** Bob's Burgers
**00.45** American Dad
**01.10** South Park
**01.30** The Mentalist
**02.15** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Víkingurinn Viggó
**07.11** Zigby
**07.25** Stóri og Litli
**07.38** Skógardýrið Húgó
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur**10.00** Lína langsokkur
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Víkingurinn Viggó
**11.11** Zigby
**11.25** Stóri og Litli
**11.38** Skógardýrið Húgó
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur
**14.00** Lína langsokkur
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Víkingurinn Viggó
**15.11** Zigby
**15.25** Stóri og Litli
**15.38** Skógardýrið Húgó
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur
**18.00** Lína langsokkur
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Hneturánið



Svampur Sveinsson kl. 09.24, 13.24 og 17.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** KPMG Women's PGA Championship
**11.05** Quicken Loans National
**16.10** Golfing World
**17.00** Quicken Loans National
**22.10** Champions Tour Highlights
**23.05** PGA Highlights
**00.00** KPMG Women's PGA Championship

## BÍÓSTÖÐIN

**08.30** Funny People
**10.55** The Nutty Professor
**12.30** E.T.
**14.25** Cheaper by the Dozen
**16.05** Funny People
**18.30** The Nutty Professor
**20.05** **E.T.** Hin klassíska og rómaða Óskarsverðlaunamynd frá 1982 í leikstjórn Steven Spielberg fjallar um geimveruna E.T. sem verður viðskila við félaga sína og ílengist á jörðinni. Ungur drengur, Elliot, finnur hana og platar hana heim til sín þar sem systkini Elliots kynnast geimverunni. Fljótlega verður ljóst að E.T. er ekki bara greind vera heldur góð líka. Hana langar þó mest að komast til síns heima og reynir Elliot sitt besta til að hjálpa henni. Þeir lenda svo í ógöngum þegar yfirvöld komast á snoðir um veru geimverunnar hjá Elliot.
**22.00** **Wizard Of Lies** Stórmynd frá HBO með Robert De Niro og Michelle Pfeiffer í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um fjármálamógulinn Bernard Madoff sem var sakfelldur fyrir stórfellt fjármálamisferli sem hefur verið kallað eitt stærsta píramídasvindl sögunnar. Með blekkingum náði Madoff griðarlegum fjárhæðum af fórnarlömbum sínum og skildi þau eftir gjaldþrota. Fjölskylda hans dróst einnig miskunnarlaust í hringiðju fjölmiðlafársins sem skapaðist í kjölfar þess að svikamylla Madoffs hrundi og þá um leið viðskiptaveldi hans.
**00.15** The Rover
**02.00** 3 Days to Kill
**03.55** Wizard Of Lies

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**09.55** Undraveröld Gúnda
**10.08** Letibjörn og læmingjarnir
**10.15** Animals in Love
**11.10** Bandaríki Trumps
**11.40** Landakort
**11.50** Portúgal - Mexíkó
**13.55** Muscle Shoals
**15.45** Jóhanna af Örk
**16.45** Ævar vísindamaður III
**17.10** Stundin okkar
**17.35** Táknmálsfréttir
**17.45** Síle - Þýskaland
**20.00** Fréttir
**20.25** Íþróttir
**20.35** Veður
**20.40** Brautryðjendur
**21.10** Fólkið mitt og fleiri dýr
**22.00** Kynlífsfræðingarnir
**22.55** Vammlaus
**23.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** King of Queens
**08.45** King of Queens
**09.05** How I Met Your Mother
**09.30** How I Met Your Mother
**09.50** The McCarthys
**10.10** Speechless
**10.30** The Office
**10.50** The Voice USA
**11.35** Survivor
**12.20** Your Home in Their Hands
**13.10** Top Gear. The Races
**14.00** EM 2016. England - Ísland
**16.00** EM 2016. Frakkland - Ísland
**18.00** Ég er kominn heim
**19.30** This is Us
**20.15** Psych
**21.00** Twin Peaks
**21.45** Mr. Robot
**22.30** House of Lies
**23.00** Penny Dreadful
**23.45** Queen of the South

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# SPORTS DIRECT

NÝ SENDING Í HVERRI VIKU

# ÚTSALAN ER HAFIN

**-20%** **-40%** **-60%**

**SPORTS DIRECT**

Skógarlind 2

*Opnunartími*
*Mán-mið: 10-19*
*Fim: 10-21*
*Fös: 10-20*
*Lau-Sun: 10-18*

LONSDALE LONDON · karrimor · PUMA · Slazenger · adidas




Hin
**Fullkomna**
Gjöf

*Gildir í verslunum Sportsdirect.com á íslandi!*





# Gómsætt tapas í íslenskum búningi

Bloggarinn og sælkerinn **María Gomez** er ættuð frá Spáni og heldur fast í spænskar hefðir. Hún reiðir reglulega fram tapas en setur réttina gjarnan í íslenskan búning. „Ég reyni að breyta hefðbundnum spænskum uppskriftum sem eru kannski of framandi fyrir Íslendinga og setja smá íslenskt blóð í þær.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## SANGRIA

- 1 flaska af þurru rauðvíni (þarf ekki að vera dýrt eða fínt)
- 2 ferskjur með hýði (má líka nota úr dós ef ekki til ferskar)
- 1 epli með hýði
- 1 appelsína með berki
- 2-3 msk. sykur eða agavesíróp eða önnur sæta
- 250-500 ml af Sprite eða Appelsíni eða Sweppes með engiferbragði.

Einnig er hægt að bæta smá appelsínulíkjör út í.

Þvoið ávextina vel. Takið kjarna og steina úr ávöxtunum og skerið í ferninga.

Setjið í stóra könnu eða skál. Stráið næst sykri eða þeirri sætu sem þið notið yfir og hrærið létt í.

Næst er rauðvíninu helt ofan í og síðast því gosi sem þið kjósið að nota af ofantöldu. Smakkið til og bætið í eða dragið úr sætu eftir smekk.

Geymið í kæli í 2 klukkustundir og berið svo fram ískalt með klaka.

## CHURROS MEÐ SÚKKULAÐI

*(Churros con chocolate)*

- 1 -2 vatnsglös
- 1-2 glös af hveiti
- ½ tsk. lyftiduft
- ¼ tsk. matarsódi
- ½-1 tsk. salt
- 1 lítri sólblómaolía

Athugið að það á að nota jafnmikið af vatni og hveiti. 1 glas hveiti=1 vatnsglas.

Hrærið saman öllum þurrefnum í skál og setjið vatnið í pott.

Þegar vatnið byrjar að sjóða, slökkvið þá undir og hellið öllum þurrefnunum í einu lagi út í pottinn og byrjið strax að hræra þar til verður kekkjalaust.

Ef blandan er mjög stíf bætið þá smátt og smátt vatni út í þar til auðveldara er að hræra hana en hún á að vera frekar þétt í sér.

Hitið svo olíuna í potti.

Setjið churroblönduna í rjómasprautupoka með frekar breiðum stjörnustút og sprautið á smjörpappír í þeirri lengd sem þið viljið.

Klippið svo smjörpappírinn í kringum hvert churro og setjið ofan í olíuna með pappanum á, ca 3 churro í senn. Fjarlægið pappírinn um leið og hann losnar með töngum.

Steikið þar til verður gullinbrúnt og berið fram með heitu spænsku churrosúkkulaði.

**Churrosúkkulaði**

- 150-200 g dökkt súkkulaði
- 1 lítri mjólk



- 1 kúfuð msk. hveiti
- ½-1 dl köld mjólk
- ½ tsk. salt
- 2-3 msk. sykur
- Smá vanilludropar eða fersk vanilla

Hrærið saman í potti 1 lítra af mjólk og súkkulaði, setjið salt, sykur og vanillu út í og hrærið reglulega í til að það brenni ekki við.

Þegar suðan kemur upp setjið þá hveitið og köldu mjólkina í hristiglas og hristið saman. Hellið svo smátt og smátt út í sjóðandi súkkulaðið þar til þið fáið þá þykkt sem þið viljið en þetta á að líkjast kakósúpu.

Sjóðið í 10-15 mínútur á vægum hita og hrærið reglulega í pottinum á meðan.

Borið fram með churroinu en súkkulaðið er notað eins og sósa til að dýfa churroinu ofan í.



## MELÓNUBOLTAR
### með hráskinku

*(Melon con jamon)*

- 1 hunangsmelóna eða kantalópumelóna
- 1-2 bréf hráskinka

Skerið melónuna með melónuskeið sem mótar litlar kúlur. Ef þið eigið ekki þannig skerið þá melónuna í 5 cm þykkar sneiðar og hverja sneið í 2-3 parta.

Vefjið svo hráskinku utan um og neytið strax. Þetta er ekki hægt að geyma lengi því þá verður hráskinkan blaut og sjúskuð utan um.



## SPÆNSKAR TAPAS SNITTUR
### með hráskinku og chorizo

- Snittubrauð
- Vel þroskaðir tómatar, þurfa ekki að vera dýrasta tegund bara vel þroskaðir
- Vel græn extra virgin ólífuolía
- Salt
- Hráskinka
- Chorizo
- Klettasalat og basilíka til skreytingar ef vill (má sleppa)

Skerið snittubrauðið niður í þunnar sneiðar ca 1 ½ cm þykkar.

Skerið næst tómata í tvennt og smyrjið sneiðarnar með því að kreista innihald tómatsins yfir brauðið og nudda tómatinum á brauðið til að fá sem mest af tómatinnihaldinu. (Tómatinum sjálfum er svo hent.)

Hellið ögn af extra virgin ólífuolíu yfir og saltið svo mjög létt yfir.

Svo er hráskinka eða chorizo sett ofan á og skreytt með klettasalati á hráskinkutapasið og basilíku á chorizotapasið.

## DÖÐLUR
### klæddar hráskinku, fylltar með heimagerðum hvítlauksosti

*(Datiles en jamon rellenos de queso casero de ajo)*

**Rjómaosturinn**

- 500 ml hreint skyr
- 500 ml rjómi
- 1 tsk. salt
- 4-6 hvítlauksrif
- Steinselja eftir smekk

Skyr og rjóma er hrært saman þar til orðið silkimjúkt og slétt.

Setjið svo hreint viskustykki eða taubleyju yfir skál og klemmið á kanta skálarinnar eða brettið endana undir skálina. Tuskan má ekki snerta botninn á skálinni.

Hellið svo blöndunni ofan í tuskuna og látið standa á borði eða ísskáp yfir nótt.

Hellið svo öllu burt sem hefur síast í skálina og notið bara rjómablönduna í ostinn.

Merjið ofan í rjómablönduna 4-6 hvítlauksrif eftir því hversu sterkan



þið viljið hafa hann og stráið 1 tsk. af salti og steinselju yfir eftir smekk, betra að hafa meira en minna.

**Döðlurnar**

Notið ferskar döðlur eins og fást í kæli eða Medjooldöðlur, það er best.

Skerið döðluna í tvennt án þess að taka hana alveg í sundur og takið steininn úr. Setjið svo ½ -1 tsk. af hvítlauksrjómaosti á milli og lokið eins og samloku.

Vefjið svo ⅓-½ sneið af hráskinku utan um. Ef þið viljið hafa minni bita klippið þá tilbúna döðlu í tvennt.

## FYLLTAR SMÁPAPRIKUR
### með spænskri ommelettu

*(Pimiento frito relleno de tortilla Española)*

**Spænsk ommeletta**

- ½-1 bökunarkartafla
- ½ laukur
- Salt
- 5 egg
- 8-10 stk. smápaprikur

Skerið lauk og kartöflu niður í litla þunna bita og saltið. Steikið svo í olíu þar til mýkist.



Hrærið svo eggin saman og hellið yfir laukinn og kartöflurnar og steikið aðeins þar til eggin verða þéttari og bindast saman. (Má alveg brotna eða gera hræru þar sem þetta er bara fylling).

Takið rassinn úr paprikunum og fyllið þær með ommelettu, setjið þær svo á sjóðheita grillpönnu með olíu eða á grill og grillið þar til þær verða mjúkar, sætar og húðin verður smá brennd.





MERIDA
ÖLL MERIDA HJÓL
25% AFSLÁTTUR
Champion
30% AFSLÁTTUR
DIDRIKSONS1913
POLLAGALLAR
30% AFSLÁTTUR
Coleman
DARVIN 4+
NÚNA 19.593.-
ÁÐUR 27.990.-
SUMARMARKAÐUR
ELLINGSEN
20–70%
AFSLÁTTUR
DIDRIKSONS
MAUD DÖMUJAKKI
NÚNA 6.993.-
ÁÐUR 9.990.-
TRESPASS
LANNA II KONU
NÚNA 10.493.-
ÁÐUR 14.990.-
CAMPINGAZ
FERÐAHELLA
SÉRVERÐ 6.990.-
ÁÐUR 9.990.-
KÆLIBOX
28L – 12V OG 230V
SÉRVERÐ 15.990.-
ÁÐUR 22.990.-
FERÐAGRILL
SÉRVERÐ 13.990.-
ÁÐUR 19.990.-
NIKE
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM NIKE SKÓM
COLEMAN STÓLL
SÉRVERÐ 7.990.-
VERÐ ÁÐUR 10.990.-
Coleman
DARVIN 2+
NÚNA 11.893.-
VERÐ ÁÐUR 16.990.-
DEVOLD
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM DEVOLD VÖRUM
PRIMUS HITARI
SÉRVERÐ 9.990.-
ÁÐUR 13.990.-
ELLINGSEN HETTUPEYSA
20% AFSLÁTTUR
COLEMAN HITABRÚSI
SÉRVERÐ 3.490.-
VERÐ ÁÐUR 4.990.-
TRESPASS
CORVO JAKKI
NÚNA 10.493.-
ÁÐUR 14.990.-
DIDRIKSONS
LUSH DÖMUJAKKI
NÚNA 12.593.-
ÁÐUR 17.990.-
Coleman
40% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VALDES TJÖLDUM
UPPBLÁSIN TJÖLD,
ENGAR SÚLUR
VALDES 6 MANNA XL
VERÐ 155.994.-
VERÐ ÁÐUR 259.990.-
VALDES 6 MANNA
VERÐ 137.994.-
VERÐ ÁÐUR 229.990.-
VALDES 4 MANNA
VERÐ 113.994.-
VERÐ ÁÐUR 189.990.-
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1–3 AKUREYRI / ELLINGSEN.IS / SÍÐAN 1916
Columbia
SKECHERS
TRESPASS
DIDRIKSONS1913
NIKE
ecco
Champion
MERIDA
SOREL
DEVOLD
Coleman
adidas

# Lífið í vikunni
25.06.17-01.07.17

## FETAR Í FÓTSPOR GRACE KELLY OG DANNY DEVITO



Auður Finnbogadóttir hlaut heiðursverðlaun þegar hún útskrifaðist nýverið úr leiklistarskóla í Los Angeles. Verðlaunin eru þau sömu og Grace Kelly, Danny Devito og fleiri hafa hlotið. Auður er afar ánægð með árangurinn enda þurfti hún að hafa mikið fyrir því að komast í leiklistarnám.



## TÓKU ALLT Í GEGN Á LYGILEGA SKÖMMUM TÍMA

Bloggarinn Hrefna Daníelsdóttir flutti nýlega ásamt fjölskyldu sinni á nýtt heimili og náðu þau að koma sér vel fyrir á lygilega skömmum tíma. „Við vorum bara rétt rúmlega þrjár vikur að gera allt sem við ætluðum okkur,“ sagði Hrefna.

## RIFJAR UPP GAMLA TAKTA Á ÆSKUSLÓÐUNUM



Ásgeir Trausti ætlar að halda tónleika í félagsheimilinu á Hvammstanga í sumar en hann er alinn upp á Laugarbakka í Húnaþingi, skammt frá Hvammstanga. „Ég man að þegar ég var að alast upp var það virkilega óalgengt að það kæmu einhverjir svona alvöru tónleikar á staðinn. Það voru aðallega bara böll svona þrisvar á ári og svo litlir tónleikar.“

## KENNIR FÓLKI AÐ BÚA TIL FOOTWORK-TÓNLIST



Í júlí kemur plötusnúðurinn DJ Earl til landsins og heldur vinnustofu þar sem hann kennir fólki að búa til footwork-lag. Footwork er tónlistarstefna og götudans sem varð til snemma á tíunda áratugnum. Footwork-stefnan er bræðingur af ýmsum stefnum eins og ghetto house, juke og hipphoppi.









Sturla Atlas gefur bráðum út nýtt lag sem unnið er í samstarfi við Major Lazer. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Sturla Atlas og Major Lazer í eina sæng

Það eru spennandi tímar fram undan hjá íslensku hljómsveitinni Sturla Atlas en bandið er að vinna lag í verkefni sem leitt er af bandaríska danstónlistartríóinu Major Lazer sem er stórt nafn innan tónlistarheimsins.

Sigurbjartur Sturla Atlason, einn liðsmaður hljómsveitarinnar Sturla Atlas, segir það vera frábært tækifæri fyrir hljómsveitina að fá að vinna með bandaríska danstónlistartríóinu Major Lazer.

„Þetta var í raun þannig að Major Lazer-tríóið og Tuborg eru í samstarfi sem felur í sér að þeir vinna lag með nokkrum tónlistarmönnum. Lögin eru í upphafi eins en svo fær hver og einn listamaður eða hljómsveit tækifæri til að leika sér með lagið og gera það að sínu eigin,“ útskýrir Sigurbjartur Sturla Atlason, söngvari Sturla Atlas.

Hlutirnir æxluðust þannig að Sturla Atlas var boðið að taka þátt. „Við stukkum bara á tækifærið og reyndum svo að gera eitthvað nýtt, eitthvað öðruvísi heldur en við höfum verið að gera áður. Þetta er líka þess lags verkefni.“

Ákveðnar reglur gilda í kringum verkefnið. Spurður út í þær segir Sigurbjartur: „Það er ákveðinn rammi utan um það sem við getum gert, en við höfum samt mikið frelsi. Það er bæði krefjandi og skemmtilegt,“ segir Sigurbjartur.

Sveitin er mjög ánægð með þetta tækifæri að sögn Sigurbjartar. „Það er bara geggjað að vera hluti af þessu með hinum listamönnunum og sveitunum sem eru að vinna þetta, eins og t.d. sá frá Indlandi er risastór listamaður á indverskum markaði. En það er enn þá hálfpartinn á huldu hvaða tónlistarmenn eru að vinna að þessu.“

Spurður út í hvort hann og aðrir meðlimir Sturla Atlas séu aðdáendur Major Lazer svarar Sigurbjartur játandi. „Alveg 100%. Og þess vegna er þetta mjög skemmtilegt. En þetta er líka hálf furðulegt. Þeir eru svo stórt nafn og það er hálfsteikt að fá að gera eitthvað lag í þessari samvinnu við þá.“

*En er þeirra útgáfa af laginu tilbúin?* „Já, við erum búnir með lagið. Við eigum reyndar eftir að senda lokaútgáfuna til þeirra. En já, við erum búnir að vinna það og erum ótrúlega ánægðir með útkomuna.“

Aðspurður hvort þetta nýja lag sé frábrugðið því sem bandið hefur áður gert segir Sigurbjartur: „Já,

> ÞEIR ERU SVO STÓRT NAFN OG ÞAÐ ER HÁLFSTEIKT AÐ FÁ AÐ GERA EITTHVAÐ LAG Í ÞESSARI SAMVINNU VIÐ ÞÁ.

nefnilega. Þetta er ólíkt á skemmtilegan hátt. Þetta er lag með annarri nálgun en við höfum verið með. En auðvitað geggjað Sturla Atlas lag.“

Meðlimir Sturla Atlas sjá mikla möguleika í nýja laginu og þessu samvinnuverkefni. „Það er gaman að gera eitthvað sem er svona öðruvísi, eitthvað sem hefur þessa möguleika. Þetta er lag sem gæti komið til með að vera fyrir stærri markhóp en bara Ísland, en okkar aðdáendahópur núna er mestmegnis íslenskur. Maður getur leyft sér að prófa nýja hluti þegar maður gerir lag á þessum skala.“

*Og hvað er svo á döfinni?* „Við erum að fara að gefa lagið út í byrjun júlí, með myndbandi. Við verðum með alls konar skemmtilegt dót í kringum það sem verður tilkynnt síðar, eitthvað partí og svona.“ **gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


ÚT–
–SA
LAN
–
ER HAFIN
20-50%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM VÖRUM
habitat
SÍÐAN 1964
TEKK
COMPANY
TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-LAU KL. 10–18
OG SUN KL. 13–17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Gerðu frábær kaup!

# SUMAR



25% REIÐHJÓL

25% POTTAR, PÖNNUR & BÚSÁHÖLD



25% GARÐHÚS-GÖGN

25% ÁBURÐUR




20-40% SLÁTTUVÉLAR

50% BAVARIA RAFMAGNS-VERKFÆRI



35% REIÐHJÓLAFYLGIHLUTIR

30% REYKOFNAR




20-40% KEÐJUSAGIR

70% VORLAUKAR




30-40% VERKFÆRABOX

30% HEKKKLIPPUR, HEKKSNYRTAR & LAUFSUGUR



20% FERÐAVARA

25% BAÐFYLGI-HLUTIR



35% FERÐATÖSKUR

## VALDAR VÖRUR Á TILBOÐSVERÐI

-25%



GROHE

TILBOÐSVERÐ

**ELDHÚSTÆKI**
Start Edge
12.746kr
15331369
Almennt verð: 16.995kr.

-40%

TILBOÐSVERÐ

**GIRÐINGAEINING**
Viola, 80x200cm.
2.997kr.
0291444
Almennt verð: 4.995kr.





-30%

TILBOÐSVERÐ

**FERÐAGASGRILL**
Svart, 2,93kW.
13.997kr.
50632100
Almennt verð: 19.995kr.

Öll verð birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

# ÚTSALA

**20%** SMÁRAFTÆKI

**30%** ALLT GJÖCO

**35%** BLÓMAPOTTAR & GARÐSKRAUT

**25%** TIMBURBLÓMA-KASSAR

**30%** BLÓM, TRÉ & RUNNAR

**25%** KERTI, LUKTIR & HEIMILISSKRAUT

**40%** ELDSTÆÐI

**30%** JÁRNHILLUR

**35%** PLASTBOX

**40%** FRÆ

**25%** MOTTUR & DREGLAR

**35%** LEIKFÖNG

**30%** FÖNDURVÖRUR

**25%** KÖRFUBOLTA-SPJÖLD

**30-40%** NAPOLEON GRILL-FYLGIHLUTIR

Skoðaðu öll tilboðin á byko.is

TILBOÐSVERÐ

**BOSCH**

**BÚTSÖG**
PCM 8, 1200W.

**19.596kr.**

74862008
Almennt verð: 27.995kr.

-30%

TILBOÐSVERÐ

**INNIMÁLNING**
BYKO 10, 2,5l.

**1.747kr.**

85540025
Almennt verð: 2.495kr.

-30%

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja
ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Sirrýjar Hallgrímsdóttur



# Píratinn

Pírati og manneskja úti í bæ tóku tal saman: Jæja, þetta er nú alveg ágætt land sem við búum í.

Pírati: „HÉR VARÐ HRUUUN. ÞETTA ER ÖMURLEGT LAND.“

Já, en það hefur gengið mjög vel hjá okkur, lífskjörin aldrei betri, skuldir lækka og launin hækka, þannig að …

Pírati: „ÞAÐ ER EKKERT AÐ MARKA, ÞETTA ER VERSTA LAND Í HEIMI.“

Jú, það er að marka, ertu ekki búinn að sjá allar þessar alþjóðlegu kannanir sem sýna að við erum í fremstu röð.

Pírati: „HRUUN, OG ÞETTA ÚTLENSKA LIÐ ER ALLT SPILLT, ÉG MEINA HVER LÆTUR ÞAU HAFA GÖGNIN, HA, BJARNI BEN?“

Þetta eru alþjóðlegar stofnanir og ég er viss um að …

Pírati: „VISS, PISS, ÞAÐ ER MESTA FÁTÆKT Í HEIMI HÉRNA OG MESTA ÓRÉTTLÆTI Í ÖLLU OG MESTA SPILLING.“

Bíddu nú við, þessar alþjóðlegu rannsóknir sýna að það er einna minnsti launamunur í heimi hérna á Íslandi.

Pírati: „HLUSTA EKKI Á ÞETTA, ÉG MEINA , ÞAÐ VARÐ HRUUUN!“

Þú ert búinn að segja það, rannsóknirnar sýna að það er mjög mikið jafnrétti hérna á Íslandi og staða kvenna í samfélaginu er hvað best hérna og …

Pírati: „ÉG HLUSTA EKKI Á ÞETTA, ÞETTA ER SVO ÖÖÖMURLEGT ÞJÓÐFÉLAG OG ÞÚ ERT AUÐVALDSLÚÐUR.“

Heyrðu, allar þessar alþjóðlegu rannsóknir sýna að það gengur vel hérna, ekkert atvinnuleysi, launin hækka og hækka, ríkissjóðurinn með afgang, fólkið borgar niður skuldir, mikill jöfnuður og þú tekur ekkert mark á þessu, ókei, það er ekki allt fullkomið hérna en finnst þér þetta vera málefnalegt hjá þér?

Pírati: „MÉR LÍÐUR SVONA – HRUUUUUUN.“

Svona, svona.







